











# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
12. október 2013
240. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Flýja borgarastyrjöldina

**Vilhelm Gunnarsson,** ljósmyndari Fréttablaðsins, heimsótti Líbanon og kynnti sér hvernig hjálparsamtök reyna að hjálpa þessu litla og óstöðuga ríki að takast á við gríðarlegan fjölda flóttamanna frá Sýrlandi. ▶ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÉG ER EKKI GRÁTGJÖRN** Edda Andrésar gerir upp fortíðina í Eyjum. Konur í hennar ætt barma sér ekki. ▶ 22


**LÖGLEGT NIÐURHAL**

Afþreyingarefni er hægt að nálgast með löglegum hætti á margvíslegan hátt. ▶ 34





**STEINGRÍMUR ENGINN AFTURSÆTISBÍLSTJÓRI**

Katrín Jakobsdóttir segir ríkisstjórnina stefna að einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. ▶ 32















**ENN HÆKKAR HÚSNÆÐISVERÐIÐ 4**
Greiningardeild Íslandsbanka og hagfræðingur hjá Landsbankanum spá áframhaldandi hækkun á húsnæðisverði.

**KOSTNAÐUR AUKIST UM 250 PRÓSENT 6**
Borgarfulltrúi sjálfstæðismanna segir að kostnaður hverrar fjölskyldu í Reykjavík vegna fjárhagsaðstoðar hafi aukist gríðarlega síðustu fimm ár.

**FÓRNARLÖMB HEIMILIS-OFBELDIS UPPLIFA VANTRÚ Á KERFINU 8**
Thelma Ásdísardóttir segir að sér líði eins og dómskerfinu sé sama í kjölfar sýknudóms í heimilisofbeldismáli.

**ÓTTAST AÐ VERÐLAUNIN HAFI RÖNG ÁHRIF 10**
Efnavopnastofnunin í Haag (OPCW) hlaut friðarverðlaun Nóbels. Nóbelsnefndin beinir athyglinni að Sýrlandi.





## SKOÐUN 12→16

**„ÍSLAND GETUR SOKKIÐ Á MORGUN EF ...“ 12**
Þorsteinn Pálsson um fjármálakreppuna.

**LEGGJUMST SAMAN Á ÁRARNAR OG BÆTUM LÍFSKJÖR 16**
Björgólfur Jóhannsson og Hreggviður Jónsson um efnahagsmál.

**HEILBRIGÐISKERFIÐ OG FJÁRLÖGIN 16**
Steingrímur J. Sigfússon um leiðir til úrbóta í heilbrigðismálum.





## HELGIN 18→48

**HEIMILDARMYND UM HVERFISGÖTU 18**
Magnea B. Valdimarsdóttir stendur fyrir Reykjavíkurfrumsýningu á sinni fyrstu heimildarmynd í dag.

**MARGT SEM BREYTIST Á FIMM ÁRUM 28**
Katrína Mogensen, söngkona hljómsveitarinnar Mammút sem sendir frá sér plötu eftir fimm ára bið í lok mánaðarins, segir mikinn létti fylgja útgáfu plötunnar.

**STEINGRÍMUR ENGINN AFTURSÆTISBÍLSTJÓRI 32**
Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir að ríkisstjórnin stefni leynt og ljóst að einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Hún gagnrýnir enn fremur áherslur stjórnarinnar í umhverfis- og menntamálum.

**AÐ FINNA AMERÍKU EN VILJA HELDUR GRÆNLAND 36**
Illugi Jökulsson hitti leigubílstjóra frá Fílabeinsströndinni sem vissi það eitt um Ísland að þar höfðu menn logið til um nafnið á landinu.

**SKEMMTILEGRA AÐ VERA Á MÓTI 38**
Bjarki Karlsson varð steinhissa á því að dómnefnd bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar skyldi verðlauna hefðbundið ljóðform.





## MENNING 50→62

**LISTAMAÐUR TIL LÁNS Á AKUREYRI 54**
Amtsbókasafnið leigir út dansara.

**STÍGA EKKI DISKÓDANS 60**
Tónleikar til heiðurs The Bee Gees verða haldnir í Háskólabíói um helgina í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því að Saturday Night Fever var frumsýnd hér á landi.

**REYKVÍKINGAR LÁTA LJÓS SITT SKÍNA 60**
Prufur fara fram í dag og á morgun í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti fyrir sjónvarpsþáttinn Ísland Got Talent.





## SPORT 64→69

**ÍSLAND Í LYKILSTÖÐU 64 OG 68**
Íslenska karlalandsliðið í fótbolta getur tryggt sér sæti í umspili um sæti á HM með sigri í Osló á þriðjudaginn eftir sannfærandi sigur á Kýpur í Laugardalnum í gær.

**MEGA EKKI EINU SINN ANDA 69**
Keflavíkurhraðlestin fer á kostum í körfunni undir stjórn nýja lestarstjórans.










## FIMM Í FRÉTTUM ODDVITASLAGUR OG BLANKUR PRESTUR



Mig hefur langað til að þjálfa frá því ég var fimm ára, segir **Bjarni Guðjónsson**, nýráðinn þjálfari Fram. Undanfarið hefur hann leikið með KR og segir erfitt að yfirgefa félagana og hætta sem leikmaður.



Skuldir kirkjunnar eru miklar og ramba margar þeirra á barmi gjaldþrots. **Gísli Jónasson**, sóknarprestur í Breiðholtskirkju, segir að kirkjuna hans vanti fé fyrir barnastarf og að kirkjuklukkurnar séu bilaðar en engin efni séu til að gera við þær.



Tölfræðin er villandi og sett fram til að fegra, segir **Eyrún Eyþórsdóttir** lögreglufulltrúi. Hún gerir alvarlegar athugasemdir við samantekt ríkislögreglustjóra um jafnréttismál innan lögreglunnar.



Bjarki Már Karlsson hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2013 fyrir ljóðahandritið Árleysi alda. Hann fékk 600 þúsund krónur í verðlaun og viðurkenningarskjal.



→ Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir ætlar að gefa kost á sér í oddvitasæti sjálfstæðismanna í Reykjavík. Hún kveðst vera í stjórnmálum af hugsjón og hún ætlar sér að bæta skólakerfið. Þorbjörg Helga hefur verið í borgarstjórn frá árinu 2006.



**PRESTAR** Miklar úrsagnir hafa verið úr þjóðkirkjunni á síðustu þremur árum.

# Tíu þúsund skráð sig úr þjóðkirkjunni

Ríflega tíu þúsund manns hafa skráð sig úr þjóðkirkjunni á þremur árum. Þá skráðu rúmlega þrjú þúsund manns sig úr kirkjunni á tveimur mánuðum. Prestur segir úrsagnir umhugsunarefni.

**TRÚMÁL** Ríflega tíu þúsund manns hafa skráð sig úr þjóðkirkjunni á síðustu þremur árum, samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands. Flestir skráðu sig úr kirkjunni árið 2010 þegar rúmlega þrjú þúsund sögðu sig úr kirkjunni á tveggja mánaða tímabili. Það sem af er ári nú hafa tæplega ellefu hundruð manns skráð sig úr þjóðkirkjunni.

„Biskupinn er í vanda staddur því hann vill höfða til frjálslyndra og berjast fyrir mannréttindum en að sama skapi ekki styggja þá sem eru íhaldssamari,“ segir Sigurður Hólm Gunnarsson, stjórnarmaður í Siðmennt. Hann segir þau hjá Siðmennt, sem er óháð lífsskoðunarfélag, hafa tekið eftir miklilli óánægju í samfélaginu vegna afstöðu kirkjunnar til ýmissa mannréttindamála. „Í raun eiga kirkjunnar menn í vanda vegna þess að þeir geta ekki tekið skýra afstöðu í málum þar sem þeir reyna að höfða til sem flestra,“ segir Sigurður Hólm. Aðspurður segir hann strauminn ekki stefna til Siðmenntar en nýskráningar í lífsskoðunarfélög síðustu þrjár vikurnar eru rúmlega 300. Hann segir þó félagið finna fyrir auknum áhuga. Þau tímamót verða hjá félaginu um jólin að það fer að fá hluta af sóknargjöldum ríkisins.



**SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON**



**KRISTÍN ÞÓRUNN TÓMASDÓTTIR**

Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir, prestur í Garðabæ, segir úrsagnirnar umhugsunarverðar. „Á árunum 2010-2013 er kannski ýmislegt sem hefur orðið til þess að fólk hættir að samsama sig kirkjunni þótt það hætti ekki að tengja við boðskapinn og þá vill það koma á framfæri ákveðnum skilaboðum eða mótmælum og sér enga aðra leið til þess en að segja sig úr kirkjunni,“ segir Kristín Þórunn. Þjóðkirkjan hefur farið í gegnum mjög erfiða umræðu um kynferðisofbeldi og nú nýlega umræðu um afstöðu kirkjunnar til samkynhneigðar og Hátíð vonar.

„Á þessum tíma hefur líka orðið mjög jákvæð þróun í yfirstjórn kirkjunnar. Við höfum nýjan ferskan biskup sem hefur til dæmis ítrekað stuðning þjóðkirkjunnar við ólíkar fjölskyldugerðir og hjúskap samkynhneigðra,“ segir Kristín.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur orðið raunfækkun í kirkjunni um 6.303 einstaklinga. Alls eru 245 þúsund skráðir í þjóðkirkjuna í ár. Árið 2010 voru skráðir í þjóðkirkjuna 251 þúsund. Einstaklingum utan trúfélaga hefur fjölgað um rúmlega sex þúsund. valur@frettabladid.is

Stóraukin fátækt í fjölda Evrópulanda, að sögn Rauðakrosssamtaka:

# Milljónir í biðröð eftir mat

**EVRÓPA** Þeim sem háðir er matargjöfum frá Rauða krossinum fjölgaði um 75 prósent milli áranna 2009 og 2012. Þetta kemur fram í gögnum Rauða krossins og Rauða hálfmánans í 22 af 42 löndum í Evrópu. Í frétt á vef Sænska dagblaðsins segir að 3,5 milljónir manna bíði nú í röðum eftir að fá mat. 43 milljónir Evrópubúa borða sig ekki mettar á hverjum degi.

Miðað við skýrslu frá því í október 2009 hefur ástandið hríðversnað. Þeir sem stóðu höllum fæti fyrir hafa það enn verr. Ástandið hefur einnig komið niður á stórum hluta vinnandi millistéttar. Milljónir sem áður höfðu það ágætt búi nú við fátækt.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Evrópusambandsins eru 120 milljónir manna í Evrópu á mörkum fátæktar.

Í skýrslu Rauða krossins segir að fjárhagskreppan í Evrópu nú sé sú versta í 60 ár. Afleiðingarnar verði langvarandi og auki hættuna á útlendingahatri og öfgakenndum skoðunum. - ibs



**BETLARI Í HELSINKI** 43 milljónir Evrópubúa borða sig ekki mettar á hverjum degi. NORDICPHOTOS/AFP

Agnes Anna Sigurðardóttir, Bruggsmiðjan Kaldi · Andri Marteinsson, Íslandsstofa Ari Kristinn Jónsson, Háskólinn í Reykjavík · Atli Þorbjörnsson, Gangverk · Árni Þór Árnason, Oxymap · Ásgeir Ásgeirsson, Marel · Ásthildur Otharsdóttir, ráðgjafi · Bala Kamallakharan, GreenQloud · Benedikt Magnússon, KPMG Birgir Grímsson, V6 Sprotahús · Borghildur Erlingsdóttir, Einkaleyfastofan Bradley Stillwell, U.S. Embassy · Brynhildur S. Björnsdóttir, Hagsýn, bókhalds- og rekstrarþjónusta · Brynja Guðmundsdóttir, Azazo / Gagnavarslan · Dagmar … Einar Benedikt Sigurðsson, Tjarnargatan · Eiríkur … Royal Natural · Elínrós … Magnússon, Meniga … Nýsköpunarmiðstöð Íslands … Eggertsdóttir, Actavis Guðjón Már Guðjónsson, OZ · Gunnar Stefánsson, Háskóli Íslands · Halla Helgadóttir, Hönnunarmiðstöð Íslands · Halldór Jörgenson, Microsoft · Hanna Lára Helgadóttir, Themis lögmannsstofa · Hannes Ottósson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands · Haraldur Unason Diego, Fagráð - viðskiptaráðgjöf · Helga Valfells, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins · Helga Viðarsdóttir, IMC Ísland · Hermann Kristjánsson, Vaki Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Landsbankinn · Hreiðar Bjarnason, Landsbankinn Ingibjörg Gréta Gísladóttir, Reykjavik Runway · Jóhann Pétur Malmquist, Háskóli Íslands · Jóhann Þorvaldur Bergþórsson, Plain Vanilla Games · Jón Ásbergsson, Íslandsstofa · Kristín Ingólfsdóttir, Háskóli Íslands · Kristján Freyr Kristjánsson, Klak Innovit frumkvöðlasetur · Kristján G. Bjarnason, Dohop · Kristján Þ. Davíðsson, Isder Magni Þorsteinsson, Kron · Magnús Gottfreðsson, Landspítali Háskólasjúkrahús Magnús Ingi Óskarsson, Sabre Iceland · Mark Dodsworth, Europartnerships · Paula Gould, Greenqloud · Páll Harðarson, NASDAQ OMX Iceland · Perla Ösp Ásgeirsdóttir, Landsbankinn · Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Hugsmiðjan · Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, Hannesarholt · Ragnhildur Geirsdóttir, Landsbankinn · Rakel Sveinsdóttir, Spyr.is · Rannveig Gunnarsdóttir, Lyfjastofnun · Rúna Magnúsdóttir, BRANDit · Rögnvaldur Sæmundsson, Össur · Sigmar Guðbjörnsson, Stjörnu-Oddi · Sigríður Ólafsdóttir, SÓL ráðgjöf · Sigurður Arnljótsson, SA Framtak Sigurður Björnsson, Rannís · Sigþór Jónsson, Landsbréf · Skorri Rafn Rafnsson, Móberg · Stefán Jökull Stefánsson, DCG · Steinþór Pálsson, Landsbankinn · Svana Gunnarsdóttir, Frumtak · Svava Bjarnadóttir, Strategia · Sveinbjörn Gizurarson, Háskóli Íslands · Sveinn Margeirsson, Matís · Tómas Young, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar · Tómas Þorvaldsson, Vík lögmannsstofa · Tryggvi Pálsson, Landsbankinn · Viðar Viðarsson, Landsbankinn · Viggó Ásgeirsson, Meniga Viggó Örn Jónsson, Jónsson & Le'macks · **Við hvern viltu tala?** · Vilborg Einarsdóttir, Mentor ·Þorsteinn B. Friðriksson, Plain Vanilla Games · Þorsteinn Loftsson, Háskóli Íslands ·Þorvaldur Ingvarsson, Össur · Þóranna K. Jónsdóttir, Markaðsmál á mannamáli ·Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Naskur · Þórður Heiðar Þórarinsson, Handpoint · Laugardaginn 9. nóvember býðst frumkvöðlum að taka þátt í nýstárlegum nýsköpunarviðburði á Háskólatorgi sem Landsbankinn heldur í samvinnu við Háskóla Íslands. Þar er hægt að setjast niður, maður á mann, með 100 stjórnendum og sérfræðingum og fá ráðgjöf varðandi uppbyggingu og vöxt fyrirtækja. Fáðu nánari upplýsingar og skráðu þig á landsbankinn.is/unconference.

**IIU** *Iceland Innovation* ***UnConference***

*Reykjavík*
*9. nóvember 2013*
***#IIU2013***

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# 05.10.2013 → 12.10.2013



**10%** samdráttur hefur orðið í sölu ÁTVR á sígarettum, vindlum og neftóbaki á einu ári.

**5,1 MILLJARÐ KRÓNA** fékk Orkuveita Reykjavíkur fyrir höfuðstöðvar fyrirtækisins, sem fyrirtækið mun svo leigja af kaupandanum undir starfsemi sína.



**70%** samdráttur hefur orðið í framlögum til fornleifarannsókna hér á landi frá árinu 2007.

**3** milljarðar króna eru heildarskuldir 36 kirkjusókna á suðvesturhorninu.

**20-30 ÞÚSUND** bílar munu fara um Sundabrautina daglega eftir að hún verður lögð samkvæmt nýlegum spám.

**114 LJÓSASTÝRÐ GATNAMÓT ERU Í REYKJAVÍK**



**FARIÐ YFIR RÉTTU HANDTÖKIN** Unga fólkið kenndi eldri borgunum réttu handtökin í graffi í undirgöngum á Seltjarnarnesi í gær.

Menningarhátíð Seltjarnarness fer fram 10. til 13. október:

## Eldri borgarar lærðu að graffa

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Grunnskólanemar á Seltjarnarnesi kenndu eldri borgurum að graffa í undirgöngum sem liggja á milli Eiðistorgs og Björnsbakarís við Austurströnd í gær. Uppákoman var hluti af dagskrá Menningarhátíðar Seltjarnarness og munduðu eldri borgararnir spreibrúsana af mikilli kostgæfni undir leiðsögn listamannanna Karlottu Blöndal og Hildigunnar Birgisdóttur. Undirbúningur verksins hafði staðið yfir um nokkurt skeið og voru graffararnir því með öll handtök á hreinu áður en þeir hófust handa í undirgöngunum.** - ka

Peningar í túlkaþjónustu:

## Aðeins tímabundin lausn

**MANNRÉTTINDI** Sex milljónir króna, sem ríkisstjórnin hefur sett í að tryggja túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa í daglegu lífi, leysa vandann aðeins til skamms tíma. Nefndarvinna er hafin til að meta þjónustuna heildstætt og segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra að nú verði horft til framtíðar og hvernig þessari þjónustu sé best fyrir komið.

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, segir fjárframlagið hjálpa heyrnarlausum að verða aftur fullvirkir þátttakendur í samfélaginu. - hþ

Bragarbót í fjarskiptum:

## Smávirkjun á Bláfelli

**FJARSKIPTI** Neyðarlínan vill leyfi Bláskógabyggðar til að byggja smávirkjun í Bláfelli til að sjá fjarskiptastöð sinni fyrir orku. „Í dag er fjarskiptastöðin aflvædd með sígengis-olíurafstöð sem staðsett er í gámi neðan við Bláfell. Með uppsetningu þessarar smávirkjunar myndi rekstraröryggi aukast, dregið yrði úr hljóð- og loftmengun og ekki þyrfti að hafa dísilolíu í tönkum á svæðinu,“ segir í fundargerð byggðaráðs Bláskógabyggðar sem tekur vel í erindið en bendir á að samþykki forsætisráðuneytisins þurfi því svæðið sé innan þjóðlendu. - gar

# Húsnæðisverð heldur áfram að hækka

Greiningardeild Íslandsbanka spáir hækkandi húsnæðisverði. Hagfræðingur hjá Landsbankanum tekur í sama streng. Verðbóla á fasteignamarkaði sögð ólíkleg.

**EFNAHAGSMÁL** „Við reiknum með því að húsnæðisverð haldi áfram að hækka með svipuðum hætti og það hefur gert,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka.

Bankinn birti í gær tölur í Morgunkorni sínu sem sýna að húsnæðisverð hér á landi hækkaði um 4,9 prósent á öðrum ársfjórðungi þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra.

Ingólfur segir hækkunina meðal annars mega rekja til þess að kaupmáttur hefur vaxið, störfum fjölgað og atvinnuleysi minnkað.

„Viðsnúningurinn í hagkerfinu sem við förum að finna fyrir árið 2010 hefur valdið þessari hækkun á húsnæðisverði. Þá tók landsframleiðslan við sér og húsnæðisverð fór að hækka að nýju,“ segir hann.

Ari Skúlason, hagfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans, tekur í sama streng og Ingólfur og segir hækkunina aðallega tengjast þróuninni í hagkerfinu.

„Ég hugsa að við eigum eftir að sjá meiri verðhækkanir á íbúðarhúsnæði á næstu árum og þá auðvitað að einhverju leyti í takt við hagsveifluna sem verður vonandi meiri með auknum hagvexti,“ segir Ari. Hann bendir einnig á að byggingarkostnaður hefur hækkað á undanförnum árum.

„Hærri byggingarkostnaður þýðir að þegar við förum að selja meira af nýju húsnæði verður það dýrara og hefur áhrif á allan markaðinn.“

## VERÐVÍSITALA ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS Í EVRÓPU






**ARI SKÚLASON**



**INGÓLFUR BENDER**

Þessi þróun á húsnæðisverði hér á landi er önnur en á evrusvæðinu. Samkvæmt tölum hagstofu Evrópusambandsins var verð á íbúðarhúsnæði 2,2 prósentum lægra á öðrum ársfjórðungi þessa árs samanborið við sama tímabil árið 2012. Á hinum Norðurlöndunum er þróunin svipuð og hér. Húsnæðisverð í Noregi hækkaði um 5,5 prósent á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra og um 4,6 prósent í Svíþjóð.

Spurður hvort verðbóla á fasteignamarkaði sé í uppsiglingu segir Ingólfur engin sýnileg merki um slíkt.

„Raunverðshækkun íbúðarhúsnæðis frá árinu 2010, þegar við náðum botninum, er tiltölulega lítil og raunverð íbúðarhúsnæðis í sögulegu ljósi er ekki hátt,“ segir Ingólfur.

haraldur@frettabladid.is

Ætlar þú að **breyta** um **lífsstíl?**

Að námskeiðinu standa m.a. hjúkrunarfræðingar, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingur, sálfræðingur og sjúkraþjálfarar.



**Heilsulausnir**

Henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

- Heilsulausnir hefjast mánudaginn 28. okt.
- Mán, mið og fös kl. 07:20, 12:00 eða 17:30
- Verð kr. 17.500 pr. mán í 12 mán.
- Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

**Kynningarfundur miðvikudaginn 16. október kl. 17:30 – Allir velkomnir!**

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Strekkingur sunnan og vestan til, annars hægari.




**Mánudagur**
Yfirleitt hægur vindur.

**HLÝTT Í VEÐRI** Í dag og næstu daga verður hlýtt miðað við árstíma. Það verður strekkingur eða allhvasst sunnan og vestan til í dag en lægir að mestu í kvöld. Á morgun og mánudag má búast við björtu veðri og hægum vindi, síst vestan til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Berlín | 13° | Friedrichshafen | 12° | Las Palmas | 26° | New York | 21° | París | 12° |
| Aþena | 29° | Billund | 13° | Gautaborg | 14° | London | 14° | Orlando | 28° | San Francisco | 16° |
| Basel | 12° | Frankfurt | 11° | Kaupmannahöfn | 14° | Mallorca | 25° | Ósló | 14° | Stokkhólmur | 12° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




ÖRYGGI ALLAN HRINGINN
TOYO TIRES
driven to perform

# „Gripið sem ég þarf - hvernig sem viðrar"

## Toyo harðskeljadekk hafa sannað sig við íslenskar aðstæður



„Ég er á ferðinni allt árið. Keyri yfir sex þúsund kílómetra á mánuði landshorna á milli. Ég þekki vegina vel, en færðin er fljót að breytast. Maður leggur stundum af stað í bongóblíðu en endar í blindbyl. Ég hef notað harðskeljadekkin frá Toyo í mörg ár. Þau gefa mér gripið sem ég þarf - hvernig sem viðrar."

**Halldór Már Þórisson** - *Sölufulltrúi Wurth á Íslandi*

**Söluaðilar um land allt**
Nánari upplýsingar í síma 590 2045 og á benni.is

Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

Skráarskiptasíður enn opnar:

# Kröfu um lokun var hafnað

**DÓMSMÁL** Lögbannskröfu SMÁÍS, STEF, FHF og SÍK gegn fimm fjarskiptafyrirtækjum, Símanum, Vodafone, Tali, 365 og Hringdu var hafnað í gær. Gerð var krafa um að fyrirtækin lokuðu fyrir aðgang að skráarskiptisíðunum Deildu.net og The Piratebay.

Sýslumaðurinn í Reykjavík telur samtökin frekar eiga að höfða skaðabótamál á hendur vefjunum. Tómas Jónsson, lögmaður samtakanna, segir niðurstöðunni verða skotið til héraðsdóms eftir helgi. - sh

Ný skýrsla frá Transparency International segir íslenska ríkið þurfa að efla rannsóknir og eftirlit:

# Stjórnvöld illa búin til að taka á mútum

**STJÓRNSÝSLA** Íslensk stjórnvöld eru sögð illa undir það búin að takast á við mögulegar mútur til íslenskra embættismanna frá alþjóðlegum stórfyrirtækjum sem hér hafa atvinnurekstur eða vilja hefja slíkan rekstur hér á landi.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá samtökunum Transparency International, um eftirfylgni með samkomulagi gegn mútum sem fjörutíu ríki OECD skrifuðu undir árið 1997.

Í skýrslunni kemur fram að engin mál tengd mútuþægni hafi komið upp hér landi og verið rannsökuð af íslenskum stjórnvöldum, en skýrsluhöfundar hafa áhyggjur af því að íslensk stjórnvöld hafi lítið gert til að fylgja eftir sáttmálanum frá árinu 2010.

Sérstök rannsóknarúrræði, svo sem eftirlit með samskiptum, rafræn vöktun með myndbandsupptökum og leynilegar aðgerðir sem hafi verið notaðar erlendis við rannsóknir á málum vegna mútustarfsemi séu hvorki mögulegar án fyrirhafnar né notaðar hér.

Skýrsluhöfundar leggja til að íslensk stjórnvöld styrki rannsóknarúrræði og þjálfi skatteftirlitsmenn og endurskoðendur til að koma auga á og upplýsa um hugsanleg sönnunargögn um mútuþægni.

Þá þurfi jafnframt að efla vernd uppljóstrara í opinbera- og einkageiranum og koma upplýsingum um að slík vernd sé til staðar á framfæri með skýrum hætti. - þþ



**MIÐBÆR REYKJAVÍKUR** Skýrsluhöfundar hafa áhyggjur af eftirfylgni íslenskra stjórnvalda með samkomulagi gegn mútum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á GEIRSGÖTU** Olíuflutningar við gömlu höfnina eru gagnrýndir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Faxaflóahafnir bregðast við ábendingum og skipa starfshóp:

# Skoða umferð við gömlu höfnina

**UMFERÐARMÁL Með vísan til ábendinga sem voru í skýrslu um gömlu höfnina í Reykjavík og á fundi með hagsmunaaðilum á athafnasvæðinu hefur stjórn Faxaflóahafna skipað þriggja manna starfshóp til að fara yfir umferðarmál á svæðinu.**

**Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu gagnrýna talsmenn sumra fyrirtæja við gömlu höfnina mikla umferð, sérstaklega flutninga með þungavörur á borð við olíu og bensín. Starfshópurinn á að skila niðurstöðu fyrir áramót.** - gar




**Ásgeir Gunnar Ásgeirsson**
tannlæknir

Ég hef nú aftur hafið störf á tannlæknastofunni Krýnu ehf að Grensásvegi 48 í Reykjavík.
Tímapantanir eru í síma 553-4530

Eða á heimasíðu Krýnu:
**www.kryna.is**

KRÝNA TANNLÆKNASTOFA





**Valgeir Einar**
sjúkraþjálfari B.Sc.



**Guðmundur Daði**
sjúkraþjálfari B.Sc.



**Magnús Birkir**
sjúkraþjálfari B.Sc.

GÓÐAR FRÉTTIR ÚR KÓPAVOGI

Við bjóðum Guðmund Daða og Magnús Birkir velkomna í raðir sjúkraþjálfara hjá Sjúkraþjálfun Kópavogs. Við fögnum því líka að Valgeir Einar er mættur til starfa á nýjan leik eftir frí.

Nú leggjast fjórtán starfsmenn okkar á eitt um að veita þér stuðning til bættrar heilsu og aukins atgervis.

SJÚKRAÞJÁLFUN KÓPAVOGS
- stendur með þér -

Hamraborg 12 · 200 Kópavogi
Sími 564 1766 – 554 5488 · sjk@sjk.is · www.sjk.is


## FJÁRHAGSAÐSTOÐ REYKJAVÍKURBORGAR 2008 - 2013




Lögum samkvæmt er sveitarfélögum skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem geta ekki séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Í desember hækkar hámarksaðstoð til einstaklinga í tæpar 164 þúsund krónur.

# Borgarfulltrúi segir bætur vinnuletjandi

Borgarfulltrúi sjálfstæðismanna segir að kostnaður hverrar fjölskyldu í Reykjavík vegna fjárhagsaðstoðar við einstaklinga og fjölskyldur hafi aukist um 250 prósent á fimm árum. Meirihlutinn í borginni segir hækkun hafa verið nauðsynlega.

**REYKJAVÍKURBORG** Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, segir að kostnaður hverrar fjölskyldu í Reykjavík vegna fjárhagsaðstoðar hafi aukist um 250 prósent frá árinu 2008. Þá hafi þessi kostnaður numið rúmum 52 þúsundum króna á ári á hverja fjölskyldu en sé kominn upp í rúmar 130 þúsund krónur.

Tekist var á um málið á fundi velferðarráðs borgarráðs á fimmtudag.

Samkvæmt lögum er sveitarfélögum skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem geta ekki séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Aðstoðin er óháð barnafjölda þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Vaxtabætur og húsaleigubætur mæta mismunandi kostnaði vegna húsnæðis.

Áslaug segir að stærstu mistök meirihlutans hafi komið fram í upphafi kjörtímabilsins þegar ákveðið var að hækka fjárhagsaðstoð þrátt fyrir að augljóst væri að slíkt myndi draga úr fjárhagslegum hvata fólks til að fara út á vinnumarkað.

„Maður sér hvert stefnir. Sjötíu prósent þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eru undir fertugu. Það er ákveðin linkind gagnvart þessu kerfi því fólk þarf ekki að inna af hendi neinar skyldur eða láta eitthvað á móti til samfélagsins til að fá fjárhagsaðstoð.“

Áslaug segir að munurinn á milli þess sem fólk fær í fjárhagsaðstoð og lámarkslauna sé of lítill. Launamaðurinn borgi skatta og skyldur. Þegar upp sé staðið sé munurinn um átta þúsund krónur á milli þess sem launamaðurinn fær og sá sem þiggur fjárhagsaðstoð.

Ekki náðist í Björk Vilhelmsdóttur, formann velferðarráðs, við vinnslu fréttarinnar en fulltrúar Samfylkingar og Besta flokksins létu bóka á fundi velferðarráðs að heildarupphæð fjárhagsaðstoðar hefði fyrst og fremst hækkað undanfarin ár vegna aukins fjölda notenda. Aukinn fjöldi þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar haldist fyrst og fremst í hendur við atvinnuleysistölur.

„Með minnkandi atvinnuleysi fari þeim sem þurfa fjárhagsaðstoð einnig fækkandi.“ Þá segir hún að samfara mikilli verðbólgu í kjölfar gengishruns krónunnar hafi kostnaður vegna nauðsynja hækkað og ekki sé forsvaranlegt að fjárhagsaðstoð dugi ekki fyrir brýnustu nauðsynjum. jóhanna@frettabladid.is



**Það er ákveðin linkind gagnvart þessu kerfi því fólk þarf ekki að inna af hendi neinar skyldur eða láta eitthvað á móti til samfélagsins.**

*Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*

Ný lífsýnasöfnun er að hefjast hjá Íslenskri erfðagreiningu:

# Óska eftir 30 þúsund lífsýnum

**RANNSÓKNIR** „Við erum nú með allt of lítið af upplýsingum og lífsýnum úr einstaklingum sem eru tiltölulega ungir. Við þurfum því fleiri sýni og stefnum að því að fá þrjátíu þúsund nýja þátttakendur,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. Síðastliðin sautján ár hefur fyrirtækið unnið að því að leita að stökkbreytingum í erfðavísum sem valda sjúkdómum. Kári segir að um 120 þúsund Íslendingar hafi þegar tekið þátt í rannsóknum Íslenskrar erfðagreiningar en staðan sé nú orðin þannig að þessir einstaklingar séu orðnir heldur gamlir.



**KÁRI STEFÁNSSON**

„Þeir sjúkdómar sem við erum að einbeita okkur aðallega að eru sjúkdómar sem byrja seint á ævinni. Þegar við vinnum okkar rannsóknir þá þurfum við að bera saman breytileikann í fólki sem er með sjúkdómana annars vegar og viðmiðunarhópinn hins vegar, þá sem ekki eru með sjúkdóma. Við þurfum að fá fleira ungt fólk svo hægt sé að bera þetta saman,“ segir Kári.

Í dag býður Íslensk erfðagreining alla velkomna á opið hús á milli klukkan 10 og 17 og lofar Kári miklu stuði. „Við munum leiða fólk í gegnum húsakynni okkar og halda nokkra fyrirlestra og reyna að sannfæra fólk um að taka þátt í rannsóknunum.“ - ka


20% AFSLÁTTUR
10.-13. október
20%
afsláttur af
öllum dömufatnaði
og dömuskóm
Bleika slaufan fæst á öllum
afgreiðslukössum í Hagkaup.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Stjórn Faxaflóahafna framlengir ekki þjónustusamning á Skarfabakka og synjar umsókn um sölutjald:

# Aðstaða við skemmtiferðaskip fer í útboð

**ÞJÓNUSTA** Leiga þjónustumiðstöðvarinnar á Skarfabakka fyrir næsta sumar verður boðin út samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar Faxaflóahafna á föstudag.

Fyrirtækið Iceland Travel Assistance (ITA) hefur haft þjónustumiðstöðina á leigu allt frá upphafi, eða frá apríl 2008. Samningurinn rennur út næsta vor og sóttist ITA eftir að hann yrði framlengdur til 1. október 2014. Þá hafði fyrirtækið Icecard óskað eftir svæði á Skarfabakka á leigu undir sölutjöld frá og með næsta vori. Þar sem aðstaðan verður boðin út synjaði hafnarstjórnin báðum þessum beiðnum.

Í minnisblaði sem lagt var fyrir hafnarstjórn á föstudag er lagt til að skoðað verði að hafa leigutímann fimm ár en ekki þrjú eins og verið hefur. Einnig á að afmarka skika á lóð við hlið þjónustumiðstöðvarinnar sem viðbótarathafnasvæði fyrir leigutakann.

„Þannig yrði öll umsýsla og stjórnun verslunarumsvifa á einni hendi,“ er bent á í minnisblaðinu. - gar



**VIÐ SKARFABAKKA** Áætlað er að um 90 þúsund farþegar og um 40 þúsund áhafnarmeðlimir skemmtiferðaskipa eyði saman tæpum 1,3 milljörðum króna í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Akraneskaupstaður

## Nýjar hugmyndir um starfsemi í Kirkjuhvoli

**Akraneskaupstaður óskar eftir hugmyndum að starfsemi og tilboðum í leigu á húsinu Kirkjuhvoli, Merkigerði 7.**



SKESSUHORN 2013

Húsið Kirkjuhvoll var byggt árið 1923, er 390,2 m² sem skiptist í kjallara, hæð, ris og bílskúr.
Við val á væntanlegum leigutaka verður horft til þeirrar starfsemi og/eða annarrar nýtingar á húsinu sem viðkomandi leigutaki tilgreinir. Gert er ráð fyrir þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Stærsti hluti hússins er laus nú þegar.
Tilboðum um leiguverð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi skal skila í þjónustuver Akraneskaupstaðar, í síðasta lagi 1. nóvember 2013.

**Nánar á www.akranes.is**


# Líður eins og dómskerfinu sé bara sama

Thelma Ásdísardóttir segir það eðlilegt að fórnarlamb heimilisofbeldis sé ekki með á hreinu smáatriði árása. Hún segir sýknudóminn sorglegan. Fórnarlömb heimilisofbeldis upplifa vantrú á dómskerfið og að þau séu léttvæg fundin.

**DÓMSTÓLAR** „Þegar það er verið að beita fólk ofbeldi þá verður það hrætt. Streitan er mikil og það er auðvelt að gleyma smáatriðum,“ segir Thelma Ásdísardóttir, einn af forsvarsmönnum Drekaslóðar, fræðslu- og þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis og aðstandendur þeirra.

Henni þykir sýknudómur Héraðsdóms Suðurlands í heimilisofbeldismáli, sem Fréttablaðið greindi frá í gær, sorglegur. Þá var karlmaður sýknaður af því að hafa veitt eiginkonu sinni áverka á höndum og baki þótt hann hefði játað brotið að hluta. Í niðurstöðu dómsins segir að framburður konunnar hafi ekki verið nægjanlega stöðugur og því var hann sýknaður af öllu brotinu. Orðrétt segir í dóminum:

„Þá gætir talsverðs ósamræmis í framburði brotaþola fyrir dómi og hjá lögreglu, bæði um það með hvaða hætti ákærði eigi að hafa slegið hana í handlegginn og hvernig hún hafi fengið umrædda áverka á handlegg.“

Læknir bar einnig vitni í málinu en í framburði hans segir meðal annars: „[V]itnið F læknir sagði áverka á vinstri upphandlegg brotaþola hafa verið dreifða og taldi vitnið þau hafa verið eftir endurtekin högg eða klípingar. Áverkarnir hefðu samræmst því að slegið hefði verið á upphandlegginn eða gripið þéttingsfast um hann.“

Maðurinn játaði brotið að hluta til. Orðrétt sagði hann: „Ég var dauðadrukkinn og lét illa, sló að ég hélt eða greip mjög fast í framhandlegg hennar en ekki upphandlegg…“




**MÓTMÆLI** Frá táknrænum mótmælum vegna misréttis í réttarkerfinu gegn heimilisofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



> Það er ekki svo oft sem einstaklingar játa heimilisofbeldi […] Maður hefði haldið að þá væri greið leið að sakfella þá fyrir brot sín.
>
> *Thelma Ásdísardóttir, einn forsvarsmanna Drekaslóðar, fræðslu- og þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis og aðstandendur þeirra.*

„Það er ekki svo oft sem einstaklingar játa heimilisofbeldi,“ segir Thelma. „Maður hefði haldið að þá væri greið leið að sakfella þá fyrir brot sín,“ bætir hún við.

Hún segir það fráleitt að hegna konunni fyrir framburð sinn. „Það er eðlilegt að hún sé ekki með þetta á hreinu,“ segir Thelma um vitnisburð konunnar, sem að lokum varð til þess að dómari áleit konuna missaga.

Aðspurð um þolendur heimilisofbeldis sem leiti til Drekaslóðar og reynslu þeirra af réttarkerfinu svarar Thelma: „Það eru gegnumgangandi mikil vonbrigði með dómskerfið. Margir upplifa vantrú og einnig að reynsla þeirra og ofbeldi sem þeir urðu fyrir sé léttvægt fundið. Svolítið eins og öllum sé bara sama.“

valur@frettabladid.is


# LAGERSALA
## Laugardag & sunnudag



Rúmföt stærð 200x200, verð frá 4.990 kr

## 40-80% afsláttur




Stök koddaver, 50x70 - verð frá 990 kr

Reykjavík: **Laugavegi 178**
Opið laugardag & sunnudag 11-16
Akureyri: **Glerártorgi**
Opið laugardag 10-17
& sunnudag 13-17

Lín DESIGN

Lagersala Lín Design Laugavegi 178 & Glerártorgi


Ráðstefna um staðhæfingar sem standast ekki í líknarmeðferðum:

# Líknardeild er ekki endastöð

**HEILBRIGÐISMÁL** „Líknarmeðferð er ekki eingöngu fyrir þá sem eru deyjandi,“ segir Arndís Jónsdóttir, sérfræðingur í líknarhjúkrun á Landspítala og fyrirlesari á ráðstefnu um líknarmeðferð sem haldin verður í dag á Alþjóðadegi líknarþjónustu. „Það er alls staðar verið að líkna fólki í heilbrigðiskerfinu. Líknarmeðferð hefur það markmið að bæta lífsgæði sjúklinga með lífsógnandi, langvinna og erfiða sjúkdóma og eiga samtal og samvinnu við sjúklinginn og fjölskyldu hans.“

Yfirskrift ráðstefnunnar er „Staðhæfingar sem standast ekki“ en Arndís segir að fólk hafi oft þröngt sjónarhorn á líknarmeðferðir og starfsemi líknardeildar Landspítalans.

„Líknardeildin er ekki endilega endastöð sjúklinga. Á líknardeild er veitt heildræn umönnun; andleg, líkamleg og félagsleg. Margir koma á líknardeild í styttri tíma og fara svo aftur heim ef þeir treysta sér til þess,“ segir Arndís.

Hún segir meirihluta sjúklinga Landspítalans vera með langvinna sjúkdóma. Með líknandi meðferð er reynt að hjálpa þessum sjúklingum í gegnum fjölmarga þætti og þar á meðal samræður um líðan, væntingar og þarfir.

Ráðstefnan er á Grand hóteli og hefst klukkan tvö í dag. Öllum er heimill aðgangur.

- ebg



**ARNDÍS JÓNSDÓTTIR**



**LÍKNARDEILD LANDSPÍTALANS Í KÓPAVOGI** Á líknardeild er veitt heildræn umönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

PIPAR\TBWA • SÍA • 132959






**DIDRIKSONS** LIAM ÚLPA
Appelsínugul, blá og svört.
Stærðir: 130–170

**15.992 KR.**

Verð áður 19.990 kr.



**DIDRIKSONS** LHTOSE ÚLPA
4 litir.
Stærðir: 80–120

**11.192 KR.**

Verð áður 13.990 kr.



**DIDRIKSONS** VINSON ÚLPA
4 litir.
Stærðir: 80–130

**11.992 KR.**

Verð áður 14.990 kr.



**COLUMBIA** PRETTY ÚLPA
Barnaúlpur. Tveir litir.
Stærðir: 104–152

**14.392 KR.**

Verð áður 17.990 kr.



**DIDRIKSONS** TINDRA ÚLPA
Þrír litir.
Stærðir: 130–170

**15.992 KR.**

Verð áður 19.990 kr.



**COLUMBIA** MINI LAY DÚNÚLPA
Svört
Stærðir: 104–152

**15.992 KR.**

Verð áður 19.990 kr.



**COLUMBIA** EVO ÚLPA
Tveir litir.
Stærðir: 104–152

**15.992 KR.**

Verð áður 19.990 kr.



**DIDRIKSONS** RONJA ÚLPA
Þrír litir.
Stærðir: 36–46

**23.192 KR.**

Verð áður 28.990 kr.



**DIDRIKSONS** ALVAR ÚLPA.
Tveir litir.
Stærðir: S–XXL

**35.600 KR.**

Verð áður 44.500 kr.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Biblíunámskeið

Biblían er án efa ein merkasta bók allra tíma. Hún er til á flestum heimilum og hefur orðið þúsundum til mikillar blessunar öldum saman. Missið ekki af þessu einstaka tækifæri til að fræðast um veigamikil efni hennar.

Átta fyrirlestrar verða haldnir um eftirfarandi efni á þriðjudögum kl. 20.00 í Loftsalnum, Hólshrauni 3, Hafnarfirði (Við Fjarðarkaup).

*Hvað segir Biblían um:*

8. okt. Hvernig Biblían varð til?
15. okt. Áreiðanleika Biblíunnar?
22. okt. Hver Jesús Kristur sé?
29. okt. Helgidóminn, fagnaðarerindið í myndmáli?
5. nóv. Starf Jesú Krists í dag í hinum himneska helgidómi?
12. nóv. Pétur og lyklavaldið?
19. nóv. Endurkomu Jesú Krists?
26. nóv. Sköpun nýs himins og nýrrar jarðar?




Námskeiðið er öllum opið og ókeypis. Gott aðgengi er fyrir hreyfihamlaða.

Björgvin Snorrason PhD, guðfræðingur og kirkjusagnfræðingur flytur fyrirlestrana. Hann hefur flutt fyrirlestra um þessi efni hér á landi og erlendis um árabil.








Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.


Breytingar gerðar á sjúkraflutningum á Suðurlandi:

## Bara einn sjúkrabíll á næturvakt

**HEILBRIGÐISMÁL Einn sjúkrabíll verður til taks til sjúkraflutninga að næturlagi á Suðurlandi frá áramótum. Óásættanlegt, segir sveitarstjórn Hrunamannahrepps.**

**„Sveitarstjórn telur að með þessu sé öryggi íbúa og gesta á Suðurlandi stórlega skert og stefnt í voða svo ekki verið við unað,“ bókar sveitarstjórnin sem beinir því til heilbrigðisráðherra og forsvarsmanna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að skoða hvort ekki sé tækifæri til að skoða annað rekstrarfyrirkomulag sjúkraflutninga á svæðinu.** - gar



**SJÚKRABÍLL** Sunnlendingar segja öryggi fólks stefnt í voða. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**STRÍÐSÁSTAND** Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur nú varað í á þriðja ár og kallað dauða og örkuml yfir tugi þúsunda. NORDICPHOTOS/AFP

# Athygli beint að Sýrlandi

Efnavopnastofnunin hlaut friðarverðlaun Nóbels fyrir sitt hlutverk við að eyða efnavopnum í Sýrlandi. Uppreisnarmenn segja verðlaunin ótímabær en talsmaður stjórnvalda segir þau sigur fyrir Bashir Assad forseta.

**NOREGUR, AP** Með þeirri ákvörðun sinni að veita Efnavopnastofnuninni í Haag (OPCW) friðarverðlaun Nóbels er Nóbelsnefndin að beina athygli heimsins að hryllilegum efnavopnum sem eru til í miklu magni enn í dag, en ekki síður að átökunum í Sýrlandi í víðara samhengi.

Efnavopnastofnunin hlaut verðlaunin eftirsóttu fyrir sitt hlutverk við að rannsaka og eyða birgðum sýrlenskra stjórnvalda af taugagasi og öðrum efnavopnum. Verðlaunin voru veitt í Ósló í gær.

Viðbrögð við ákvörðun Nóbelsnefndarinnar létu ekki á sér standa. Louay Safi, háttsettur talsmaður hóps uppreisnarmanna, sagði verðlaunin ekki tímabær og sagðist óttast að þau drægju athyglina frá „raunverulegum ástæðum stríðsins“.

Fayez Sayegh, einn af talsmönnum sýrlenskra stjórnvalda, sagði verðlaunin sigur fyrir stjórn Bashirs Assad, forseta Sýrlands. Hann sagði Sýrland nú ganga á undan með góðu fordæmi fyrir aðrar þjóðir sem búa yfir efnavopnum.

Efnavopnastofnunin var stofnuð árið 1997 til að fylgja eftir banni við notkun efnavopna. Stofnunin hefur aðsetur í Haag í Hollandi og hefur lítið komist í fréttirnar fyrr en Sameinuðu þjóðirnar fengu henni það hlutverk að rannsaka beitingu sýrlenskra stjórnvalda á efnavopnum gegn uppreisnarmönnum í landinu.

„Atburðir í Sýrlandi, þar sem efnavopnum hefur verið beitt, undirstrika nauðsyn þess að leggja enn meira kapp en áður á að eyða þessum vopnum,“ segir í yfirlýsingu Nóbelsnefndarinnar.

Sýrland hefur þegar samþykkt að gerast aðili að samningi um bann við notkun efnavopna og verður 190. ríkið sem fær aðild að Efnavopnastofnuninni.



**„Sýrlensk fórnarlömb hryllilegra efnavopnaárása eiga samúð okkar alla.**

*Ahmet Uzumcu, framkvæmdastjóri Efnavopnastofnunarinnar.*

„Atburðirnir í Sýrlandi minna okkur á að það er enn mikið verk óunnið,“ sagði Ahmet Uzumcu, framkvæmdastjóri Efnavopnastofnunarinnar, í gær.

„Sýrlensk fórnarlömb hryllilegra efnavopnaárása eiga samúð okkar alla. Ég vonast til þess að þessi verðlaun og verkefni Efnavopnastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi muni auka líkur á friði í landinu og binda enda á þær hörmungar sem dunið hafa yfir sýrlensku þjóðina,“ sagði Uzumcu.

Verðlaunaféð, sem jafngildir um 146 milljónum króna, verður nýtt til þeirra verka sem stofnunin sinnir sem hafa það að markmiði að útrýma endanlega öllum efnavopnum.

brjann@frettabladid.is




Nýr Hyundai ix35

# FRUMSÝNING ALLA HELGINA

Opið í dag frá kl. 12–16 og sunnudag frá kl. 13–16.

5 ÁRA Ábyrgð Ótakmarkaður Akstur

Verið velkomin á frumsýningu á nýjum Hyundai ix35 í sýningarsal okkar í Kauptúni 1. Léttar veitingar í boði.

Nýr Hyundai ix35 er sparneytinn og áreiðanlegur sportjeppi hlaðinn lúxusbúnaði. Að auki er hann með nýja öfluga dísilvél með 6 þrepa sjálfskiptingu. Ekki sakar að nú getum við boðið þennan glæsilega nýja ix35 á frábæru verði.

**HAUSTGLAÐNINGUR Í OKTÓBER**

Með öllum nýjum Hyundai bílum fylgja veglegir kaupaukar. Upplýsingar hjá sölufulltrúa í síma 575 1200.

HYUNDAI

Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. ENNEMM / SÍA / NM59550

B|L Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

Ríkisstjórnin boðar aukin framlög til löggæzlu:

# Mikilvægasta verkefnið

Núverandi ríkisstjórn virðist átta sig betur á því en sú síðasta hvert er verkefni ríkisvaldsins númer eitt; að tryggja öryggi borgaranna. Jafnmikilvægt og til dæmis heilbrigðis- og menntakerfið er, verður sú þjónusta sem þar er veitt lítils virði ef fólk nýtur ekki öryggis í sínu daglega lífi, um líf sitt og limi og eignir sínar. Að tryggja skilvirka löggæzlu og réttarkerfi er fyrsta skylda ríkisins gagnvart borgurunum og forsenda þess að það geti uppfyllt ýmsar aðrar skyldur sínar.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í fjárlagafrumvarpinu er boðað að snúið verði af braut niðurskurðar hjá lögreglunni. Hálfur milljarður króna á að fara til eflingar löggæzlu og auk þess sérstök framlög til að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi og rannsaka kynferðisbrot, ekki sízt gegn börnum.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra skrifaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hún útlistaði þessi áform og boðaði að lögreglumönnum yrði fjölgað strax í byrjun næsta árs, þannig að almenningur yrði var við aukna löggæzlu. Það skiptir máli, því að kannanir hafa sýnt að almenningur upplifir það svo að dregið hafi úr eftirliti lögreglunnar. Sem er ekki að furða; lögreglumönnum hefur fækkað verulega eftir hrun, fjárveitingar dregizt saman og dregið úr akstri lögreglubíla um meira en þriðjung.

Það skiptir máli að snúa af þessari braut. Hanna Birna skrifar í grein sinni: „Það er sérstaklega brýnt að efla löggæsluna með fjölgun lögreglumanna, en einnig þurfum við að flýta rannsókn mála, huga vel að útbúnaði lögreglunnar og tryggja öryggi lögreglumanna."

Þetta er auðvitað rétt hjá ráðherranum, en hvaða leiðir ætlar hún að fara að því markmiði að tryggja öryggi lögreglumanna? Ætlar hún til dæmis að verða við ítrekuðum óskum lögreglumanna og samtaka þeirra um að þeir fái rafbyssur sér til varnar ef þeir eiga í höggi við sérlega ofbeldisfulla andstæðinga? Kemur til greina að vopna lögregluna frekar en orðið er?

Það er heldur ekki nóg að fjölga lögreglumönnum og láta þá hafa betri tæki. Ráðherrann þarf að ganga lengra en fyrri dómsmála- og innanríkisráðherrar hafa gert í að tryggja lögreglunni sömu rannsóknarheimildir og lögregluyfirvöld í nágrannalöndum okkar njóta, ekki sízt þegar hún á í höggi við skipulagða glæpahringi. Þær heimildir þurfa, rétt eins og í nágrannalöndunum, að vera háðar ströngu eftirliti þings og dómstóla, en það dregur úr öryggi jafnt á Íslandi og í nágrannaríkjunum að ekki sé hægt að hafa jafnöflugt eftirlit með alþjóðlegum glæpahringjum á Íslandi og í löndunum þar sem þeir starfa líka.

Það eru því fleiri ákvarðanir fram undan varðandi eflingu löggæzlunnar en bara um aukin framlög til hennar. Í þessu efni er ríkisstjórnin hins vegar á réttri leið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Röggi ehf.
Smiðshöfða 12 110 Reykjavík S:5868000
Opið hús
Laugardag 12 október
og Sunnudag 13 október
frá kl: 10.00-17.00
Þar sem sýndar verða Robland vélar
og ýmis tæki og verkfæri til trésmíða

Allir velkomnir




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## „Ísland getur sokkið á morgun ef ..."

„En því miður, Íslandi er haldið á floti af banka í London, Ísland getur sokkið á morgun ef þeir vilja í London." Þessi skáldlega hreinskilni sem Halldór Laxness léði Íslandsbersa átti eftir að breytast í dapran veruleika.



Síðustu daga hafa menn minnst þess að fimm ár eru frá hruni krónunnar og falli bankanna. Þessi kalda vatnsgusa, sem hvolfdist yfir þjóðina, er svo ævintýraleg að fyrirmyndirnar er fremur að finna í skáldsögunum um Íslandsbersa og Bör Börson en hagfræðiritum.

Með hæfilegri einföldun má segja að tvær kenningar séu í gangi um orsakir hrunsins. Á vinstri vængnum er sú skoðun ráðandi að forystumenn Sjálfstæðisflokksins og formaður bankastjórnar Seðlabankans ásamt vinum þeirra í röðum stórkapítalista beri alla sök. Ýmsir á hægri vængnum staðhæfa á hinn bóginn að ábyrgðin liggi í einu og öllu hjá stórkapítalistum sem talið er að hafi verið forystu Samfylkingarinnar þóknanlegir.

Þetta eru skylmingar sem hafa má nokkra skemmtun af en hafa takmarkað gildi umfram það. Ljóst er að í viðskiptalífinu var í stórum stíl farið út fyrir þau mörk sem sett eru um fróma viðskiptahætti. En erfitt er að sjá að sú ófróma háttsemi hafi ráðist af því hvar menn töldu til vina í pólitík. Eins er með pólitísku hliðina. Þrátt fyrir hefðbundin átök á þeim vettvangi snerust þau ekki um viðskiptahallann á þeim tíma þó að hann væri undanfari krónuhrunsins.

Bandaríski prófessorinn Aliber sagði í fyrirlestri í Háskóla Íslands í vikunni að orsakir alþjóðlegu fjármálakreppunnar lægju fremur í kerfinu en hjá einstaklingum sem tóku rangar ákvarðanir. Það á í stórum dráttum einnig við um Ísland.

## Skortur á íhaldssamri hugsun

Það sem gerðist hér á landi er sammerkt því sem gerðist hjá mörgum öðrum þjóðum, að rætur vandans má finna í skorti á íhaldssamri hugsun í fjármálum. Hér sem annars staðar og jafnt á hægri væng stjórnmálanna sem þeim vinstri treystu stjórnmálamenn sér ekki í aðdraganda kreppunnar að segja: Við lifum um efni fram.

Menn þurftu að viðurkenna að lífskjörin byggðust á froðu. Ábyrgðin hvílir eðli máls samkvæmt á ríkisstjórnum og seðlabönkum. En kjósendur sem refsa þeim sem rifa seglin ættu líka að hugsa sitt ráð. Í lýðræðisríkjum komast stjórnmálamenn ekki lengra en kjósendur leyfa. Pólitík er list hins mögulega.

Á árunum fyrir hrun var afgangur af rekstri ríkissjóðs og skuldir voru greiddar niður. Við venjulegar aðstæður hefði það borið merki um aðgæslu og íhaldssemi. En halli á viðskiptum þjóðarbúsins sem nam fjórðungi af landsframleiðslu kallaði á meiri ráðdeild og miklum mun meiri afgang.

Við gerð fjárlaga fyrir árið 2007 gerðu Samfylkingin og VG sameiginlegar tillögur að fjárlögum gegn frumvarpi þáverandi stjórnarflokka, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þær fólu í sér að eyða öllum ráðgerðum afgangi fjárlaganna. Það átti að sýna meiri velferðarhugsun en bar í reynd einungis vott um minni ráðdeild sem veikt hefði velferðarkerfið enn frekar við hrunið.

Þetta einfalda en stóra dæmi dregur fram þá staðreynd að pólitískt og hugmyndafræðilegt uppgjör við hrunið er ekki einfalt mál.

## Lærdómurinn

Ýmsir halda því fram að Ísland hafi ekki tekið ábyrgð á skuldum óreiðumanna í bönkum og því farið aðra leið en Evrópusambandsríkin. Sannleikurinn er þó sá að einungis Írland varði hlutfallslega stærri hluta af peningum skattborgaranna til að bjarga bönkum. Íslenska leiðin er því hugarburður einn.

Aðrir gagnrýna stjórnendur Seðlabankans fyrir að hafa veitt bönkunum ótæpilega fyrirgreiðslu eftir að þeir að eigin sögn vissu að fall þeirra var óumflýjanlegt. Skattgreiðendur borga vissulega þann brúsa í dag. Stjórnendurnir hafa varið sig með því að þeir hafi gert það sama og aðrir seðlabankar í Evrópu á þessum tíma. Þótt um þetta megi deila er erfitt að blása með öllu á þá réttlætingu.

Þá eru stjórnendur Seðlabankans gagnrýndir fyrir hávaxtastefnuna sem sogaði erlent fjármagn inn í landið í stórum stíl. Á móti geta þeir bent á að notuð hafi verið hefðbundin seðlabankameðul. Þó að þau hafi ekki virkað hér af ýmsum ástæðum hefur ekki verið sýnt fram á að vaxtalækkun hefði heldur dugað til að halda jafnvægi eins og á stóð. Það var auðveldara að verjast fjármálakreppunni í evrukerfinu þótt það gengi ekki upp alls staðar. En stjórnendur Seðlabankans gátu ekki varist í krónukerfinu, nema með höftum. Það var ekki mannlegur veikleiki. Markaðurinn var einfaldlega öflugri en fullveldisráðin yfir krónunni. Það er lærdómurinn. Kerfisbreyting í peningamálum var nauðsynleg og er enn frekar nú.

Fái íhaldssemin ekki að ráða fjármálastefnunni er bersögli Íslandsbersa í fullu gildi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur

# Troðfull verslun af merkjavörum!

# 50%-70%

afsláttur

# af öllum vörum

Barnafatnaður frá

**ENGLABÖRNIN**

Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET TO HEAVEN hummel POLO RALPH LAUREN



# Nýtt Íslandsbanka American Express® kort með tvöfalt fleiri punktum

**Fleiri punktar, sértilboð og öflugar ferðatryggingar**

Með nýja American Express kortinu safna viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka punktum að lágmarki tvöfalt hraðar en á öðrum kortum bankans. Kortinu fylgja líka víðtækar ferðatryggingar og sértilboð til korthafa American Express.



**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000




Kortið er gefið út af Íslandsbanka í samræmi við veitta heimild frá American Express. American Express er skrásett vörumerki American Express.

ENNEMM / SIA / NM59456

**Frjálsir punktar sem þú notar að vild**

Í Vildarþjónustu Íslandsbanka safnar þú punktum fyrir kortanotkun, sparnað, bílalán og aðra bankaþjónustu. Þessir punktar eru frjálsir og þú getur notað þá eins og þér hentar í hvað sem þú vilt.

**Kynntu þér Íslandsbankapunktana og nýja American Express kortið á islandsbanki.is**

**Þú getur breytt punktunum í:**

- Peninga
- Vildarpunkta Icelandair
- Ferðaávísun
- Sparnað
- Framlag til góðgerðarmála

Íslandsbanki




# Leggjumst saman á árarnar og bætum lífskjör

EFNAHAGSMÁL



**Björgólfur Jóhannsson**
formaður Samtaka atvinnulífsins



**Hreggviður Jónsson**
formaður Viðskiptaráðs Íslands

Mikil samstaða ríkir um það markmið að lífskjör almennings á Íslandi verði sambærileg við það sem best gerist í nálægum ríkjum. Undanfarin ár hefur Ísland þó færst neðar á alþjóðlegum listum yfir þá mælikvarða sem endurspegla lífskjör. Mikilvægt er að snúa þeirri þróun við. Til að svo geti orðið þarf að bæta skilyrði til verðmætasköpunar.

Í ríkjum, þar sem hagsæld er hvað mest, er stöðugleiki grundvöllur framfara. Áhersla er lögð á að hagkerfi séu opin og samkeppnishæfni atvinnulífsins er höfð í fyrirrúmi við mótun efnahagsstefnu. Þrátt fyrir að skipan ríkisstjórna breytist, er lítt eða ekkert hróflað við helstu þáttum sem tryggja efnahagslegan stöðugleika. Með þeim hætti er skapað fyrirsjáanlegt og hagfellt efnahagsumhverfi fyrir fyrirtæki og heimili viðkomandi landa. Þessi grundvallarsjónarmið ættu að vera Íslendingum fyrirmynd á komandi árum.

Í því felst að kjarasamningar byggja á sameiginlegri sýn aðila vinnumarkaðarins um aukinn kaupmátt til lengri tíma. Hækkanir nafnlauna eru hóflegar og ef miðað er við íslenska samninga eru þær lágar. Reynsla nágrannaríkjanna hefur sýnt að þetta er vænleg leið til að auka kaupmátt og bæta lífskjör. Samningsaðilar forðast í lengstu lög að ógna efnahagslegum stöðugleika. Víðast hvar hafa menn bitra reynslu af óstöðugleika, hárri verðbólgu og endalausu kapphlaupi við að ná í skottið á sér. Og það sem meira er: Menn hafa lært af reynslunni.

Samhliða bættu vinnulagi í kjarasamningagerð þarf að tryggja að aðrir þættir hagkerfisins styðji við efnahagslegan stöðugleika. Gjaldeyrishöftin verður að afnema og um leið þarf að móta trúverðuga umgjörð og framtíðarsýn í peningamálum. Festa í fjármálum hins opinbera leikur ekki síður veigamikið hlutverk. Velferð verður seint tryggð með ósjálfbærri skuldasöfnun ríkis og sveitarfélaga. Þvert á móti er það ávísun á ófarir, eins og dæmin sanna.

Eftir því sem óvissa minnkar og skýr langtímasýn tekur við, aukast fjárfestingar. Samkeppnishæfni fyrirtækja eykst og störfum fjölgar. Með ýmsum ráðum er hvatt til fjárfestinga erlendra aðila hér á landi. Aukin efnahagsleg umsvif draga úr hallarekstri og skuldum hins opinbera og smám saman skapast svigrúm til nýrrar uppbyggingar. Hagvöxtur eykst og lífskjör batna samhliða.

**Aftur í fremstu röð**

Ísland getur komist að nýju í fremstu röð. Tækifærin búa í fólkinu, landinu, hafinu og orkunni. En verkefnin eru ærin og krefjast samstöðu, festu og þess að menn hafi ætíð gætur á því hvert stefnt er.

Þess vegna vilja Samtök atvinnulífsins nálgast kjarasamninga á annan hátt en áður. Þess vegna hafði Viðskiptaráð Íslands frumkvæði að úttekt McKinsey á samkeppnishæfni Íslands. Þess vegna er vinna á vegum Samráðsvettvangs um aukna hagsæld svo mikilvæg þar sem fjölmargir aðilar móta tillögur um framtíðarsýn um efnahagsmál og á öðrum sviðum þar sem úrbóta er þörf.

**➜ Samstarf getur einungis verið af hinu góða, skapað gagnsæi um ólíka valkosti, dregið fram hvar raunverulegur ágreiningur liggur og greitt fyrir lausn mála.**

Í þessu ljósi ber að skoða ósk samtaka okkar og ASÍ til ríkisstjórnarinnar um sameiginlega úttekt á stöðu aðildarviðræðna við ESB. Liður í úttektinni er einnig að kanna kosti og galla þeirra leiða sem koma til greina til að tryggja stöðugleika í verðlags-, gengis- og peningamálum og festu í stjórn efnahagsmála, en einnig til að skapa atvinnulífinu samkeppnishæfa umgjörð og búa heimilum lífskjör í fremstu röð.

Við teljum enn mikilvægt að úttekt sem þessi sé unnin í samstarfi stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og fleiri öflugra hagsmunasamtaka. Við trúum því að þótt ágreiningur kunni að vera um einstök atriði á þeirri leið sem vörðuð verður þá sé almenn samstaða um hvaða markmiðum skuli náð.

Samstarf getur einungis verið af hinu góða, skapað gagnsæi um ólíka valkosti, dregið fram hvar raunverulegur ágreiningur liggur og greitt fyrir lausn mála. Þannig mun leiðin að markmiðinu styttast og hagur fólks og fyrirtækja batna fyrr en ella.

# Heilbrigðiskerfið og fjárlögin

HEILBRIGÐISMÁL



**Steingrímur J. Sigfússon**
þingmaður Norðausturkjördæmis og fv. fjármálaráðherra

Nú hafa þau undur og stórmerki gerst að áhrifamenn úr stjórnarflokkunum hafa gengið fram fyrir skjöldu og sagt að sú útreið sem heilbrigðiskerfið og þó einkum Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH) fá í fjárlagafrumvarpi þeirra eigin ríkisstjórnar sé með öllu ótæk. Það vanti a.m.k. þrjá milljarða í viðbótarfjárveitingu til LSH o.s.frv. Hnjáliðir fjármálaráðherra eru þegar teknir að gefa sig í vörn fyrir frumvarpinu, enda er honum óhægt um vik með eigin flokksmenn hinum megin víglínunnar og rýting frá sjálfum forsætisráðherra í bakinu þegar hann talaði upp í flokksmenn sína fyrir norðan. Fjármálaráðherra má þó eiga að hann setur enn það skilyrði fyrir auknum útgjöldum að þau leiði ekki til þess að fjárlögunum verði lokað með halla.

Hvað er þá til ráða? Á að skera enn meira niður annars staðar svo auka megi fjárveitingar til Landspítalans eða eru fleiri kostir í stöðunni? Nú er vandinn að vísu sá að víðar en á LSH er brýn þörf fyrir meira fé inn í heilbrigðiskerfið. Sjúkrahúsið á Akureyri (SA) er að langmestu leyti í sambærilegri stöðu og LSH. Þar er um að ræða hitt „stóra“ sérgreinasjúkrahúsið í landinu, varasjúkrahús samkvæmt almannavarnaskipulagi, miðstöð sjúkraflugs og móðurstöð sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu fyrir norðan- og austanvert landið. Því verður að treysta að SA fái hlutfallslega sambærilega úrlausn sinna mála og LSH. Eftir standa þá aðrar heilbrigðisstofnanir og heilsugæslan sem sannarlega veitti ekki af einhverri viðbót þó tölur þar séu af annarri stærðargráðu og miklum mun lægri en í tilviki risans, LSH og litlusystur, SA.

**➜ Hnjáliðir fjármálaráðherra eru þegar teknir að gefa sig í vörn fyrir frumvarpinu, enda er honum óhægt um vik með eigin flokksmenn hinum megin víglínunnar og rýting frá sjálfum forsætisráðherra í bakinu þegar hann talaði upp í flokksmenn sína fyrir norðan.**

**Hvað þarf til og hvernig?**

Er þá einhver leið að finna fjármuni til lífsnauðsynlegra úrbóta í heilbrigðismálum, sem víðtæk samstaða virðist hafa skapast um að þörf sé á, og án þess að fjárlögum fyrir árið 2014 verði lokað með halla? Lítum á dæmið:

Landspítali – háskólasjúkrahús; + 3,000 m.kr.

Sjúkrahúsið á Akureyri; + 500 m.kr.

Aðrar heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar; + 1,000 m.kr.

Sem sagt, verkefnið er að finna 4,5 milljarða króna, 4.500 milljónir.

**Tekna mætti afla með eftirfarandi hætti:**

a) Fallið er frá helmingi fyrirhugaðrar lækkunar tekjuskatts í miðþrepi (25,8% verði 25,4% í stað 25%). Tekjuauki ríkissjóðs verður miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins 2.500 milljónir króna og við erum komin meira en hálfa leið í mark.

b) Fallið verði frá fjölgun ráðherra og aðstoðarmanna. Það sparar útgjöld sem nemur 45,7 milljónum króna og afkoman batnar sem því nemur.

c) Fallið verði frá 10 m.kr. hækkun til fasteigna forsætisráðuneytisins. Fallið verði frá 10 af 20 m.kr. hækkun til kröfugerðar og málareksturs þjóðlendumála hjá fjármálaráðuneytinu og hækkun til eflingar almennrar löggæslu hjá innanríkisráðuneytinu verði 465,7 m.króna í stað 500. Samtals bæta því stafliðir b og c afkomuna um 100 milljónir króna.

d) Virðisaukaskattur á hótelgistingu hækki úr 7% í 14% 1. mars á næsta ári. Áætlaðar tekjur með hliðsjón af vaxandi umsvifum 1.900 milljónir króna.

Þar með erum við komin að landi (2.500 + 100 + 1.900 = 4,500). Af þriggja milljarða króna viðbót til LSH gengju 200 milljónir til að falla frá fyrirhuguðum sjúklingasköttum í formi legugjalda. Skattar yrðu sem sagt lagðir á ferðamenn í stað sjúklinga. Af sjálfu leiðir að ýmsar fleiri útfærslur og blöndur tekjuöflunar- og sparnaðaraðgerða koma til greina. Hér er aðeins sett upp dæmi til að sýna að; vilji er allt sem þarf.




# KOMDU ÞÉR Í FORM MEÐ MILLJÓNUM!

**Fimmfaldur** Lottópottur stefnir í **45 milljónir.**

**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

12/10 2013 | WWW.LOTTO.IS

FÍTON / SÍA

THE EUROPEAN LOTTERIES — RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED

WORLD LOTTERY ASSOCIATION WLA

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó
á facebook.com/lotto.is

# HELGIN



**Einar Lövdahl, tónlistarmaður og ritstjóri Stúdentablaðsins**

### Hægir á sér

Helgin verður nýtt í að hægja á sér eftir fyrstu útgáfutónleika mína á ævinni og útgáfu fyrsta tölublaðs Stúdentablaðsins. Ég hélt að ég myndi hafa það kósí með kærustunni, en hún stakk af til Svíþjóðar.



**Ólafía Erla Svansdóttir framkvæmdastjóri Ókeibæ**

### Klassý bókaklúbbur

Í kvöld fer ég að hitta bókaklúbbinn minn, Klassý, þar sem við drekkum fín og ódýr rauðvín og spjöllum um Raunir Werthers unga.



**Sunna Valgerðardóttir fréttakona á RÚV**

### Popp og Ribena

Ég ætla í leikhús og sjá Menn í Þjóðleikhúskjallaranum, veita vinasamböndum langþráða næringu og dúlla mér með barninu yfir poppi og Ribena.



**Ása Hauksdóttir deildarstjóri menningar í Hinu húsinu**

### Sund og útgáfuhóf

Ég ætla í sund bæði í dag og á morgun. Einnig að hreinsa laufin úr garðinum og borða góðan mat. Svo kíki ég í Mál og menningu á útgáfuhóf hjá Halldóri Armand Ásmundssyni.



**HJÓLAFERÐ** Lagt verður af stað frá Hlemmi klukkan 10.15.

**Róleg ferð um borgina**

## Hjólað frá Hlemmi í dag

**Útivist** Í dag verður farin hjólreiðaferð frá Hlemmi. Lagt er af stað klukkan 10.15 og hjólað í eina til tvær klukkustundir um borgina í rólegri ferð.

Í vetur verða farnar hjólreiðaferðir frá Hlemmi á laugardagsmorgnum. Að þeim standa Landssamtök hjólreiðamanna og aðildarfélag þess, Hjólafærni. Fyrir-hjólari flesta laugardaga verður Árni Davíðsson, hjólafærnikennari og formaður Landssamtaka hjólreiðamanna.

Allir eru velkomnir í hjólaferðina.

**Barnadagur á Bókasafni**

## Örleifur og hvalurinn

**Ljóðagerð** Í ljóðasmiðju Borgarbókasafnsins á morgun, sunnudag, klukkan 15 er á dagskrá pólska ljóðið Örleifur og hvalurinn eftir Julian Tuwim í þýðingu Þórarins Eldjárn og flutningi Guðmundar J. Haraldssonar leikara.

Sunnudagar eru barnadagar í aðalsafni og í kjölfar flutningsins verður boðið upp á ljóðasmiðju fyrir börn þar sem þátttakendur læra að ríma og fá tækifæri til að búa til sín eigin ljóð.



**MATTI SAARINEN** Búast má við kröftugum spuna í Hofi.

**Frumflutningur í Hofi**

## Rafmögnuð stemning

**Tónlist** Hinn finnski Matti Saarinen gítarleikari, ásamt Tígulkvartettinum, kemur fram í Hofi á morgun, 13. október klukkan 16. Þá verða þar kammertónleikar sem fela í sér munúðarfullt samspil suðrænna og norrænna strengjatóna. Þar verður frumflutt verk fyrir rafmagnsgítar og strengjakvartett eftir Saarinen og má búast við kröftugum spuna. Einnig verður flutt verk eftir eitt af þekktustu gítartónskáldum 20. aldarinnar, hinn ítalska Mario Castelnuovo-Tedesco, sem samdi tónlist við ríflega 200 Hollywood-myndir.



**HVERFISGATAN** „Mér þykir rosalega vænt um þetta hverfi. Þegar maður býr hér fer maður að taka eftir ýmsum hlutum sem aðrir merkja kannski ekki,“ segir Magnea. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Maðurinn sem blessar húsin

**Magnea B. Valdimarsdóttir,** leikkona og kvikmyndagerðarmaður, stendur fyrir Reykjavíkurfrumsýningu á sinni fyrstu heimildarmynd í dag. Myndin heitir Hverfisgata og fjallar um Helga sem blessar hús við götuna.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

„Það má eiginlega segja að þessi mynd sé óður til samfélagsins,“ segir Magnea B. Valdimarsdóttir, leikkona og kvikmyndagerðarmaður, sem stendur fyrir Reykjavíkurfrumsýningu á sinni fyrstu heimildarmynd, Hverfisgötu, í Bíói Paradís í dag klukkan 17. Sýningin er haldin til styrktar gistiskýli Samhjálpar við Hverfisgötuna, sem hýsir heimilislausa Reykvíkinga, og verða því söfnunarbaukar til staðar á sýningunni en frítt er inn á hana fyrir alla sem vilja.

Aðalpersóna myndar Magneu, sem er tuttugu mínútna löng, er Helgi. Hann er öryrki og hefur alla tíð búið í sama húsinu við Hverfisgötu. Helgi, sem starfaði eitt sinn sem klósettvörður á Núllinu í Bankastræti, vinnur nú hjá borginni við hin ýmsu viðvik og hefur einnig stundað að blessa öll húsin við Hverfisgötuna. Magnea, sem býr nærri Hverfisgötunni og kennir leiklist í Austurbæjarskóla, vissi ekki af Helga fyrr en hún hófst handa við gerð myndarinnar fyrir rúmum tveimur árum.

„Myndin átti reyndar upphaflega að fjalla um róna sem ég tók viðtal við fyrir tíu árum. Þegar ég ætlaði að hefjast handa við myndina komst ég svo að því að róninn hafði látist ári fyrr. Ég ákvað því í staðinn að gera mynd



**HELGI** Blessar hús og er í aðalhlutverki myndarinnar.

um mannlífið á Hverfisgötunni, sem er auðvitað stórmerkileg gata, fyrsta breiðgatan í Reykjavík og á sér langa og skrautlega sögu. Ég talaði við marga myndlistarmenn og fleiri íbúa í hverfinu og frétti þannig af Helga sem blessar húsin. Svo leitaði ég að honum í heilt ár því hann var mikill „mystery man“. Þegar ég fann hann loksins opnaði hann hjarta sitt fyrir mér og ég uppgötvaði að hann er algjör kvikmyndastjarna,“ segir Magnea og bætir við að Helgi hafi tekið af henni loforð um að sýna myndina í Bíói Paradís og hún sé ánægð með að geta staðið við það og styrkt gott málefni í leiðinni, en áður hafði myndin verið sýnd á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg á Patreksfirði í ágúst síðastliðnum.

Hverfisgatan er sundurgrafin þessa dagana vegna framkvæmda og segist Magnea hlakka til að sjá götuna þegar þeim verður lokið. „Mér þykir rosalega vænt um þetta hverfi. Þegar maður býr hér fer maður að taka eftir ýmsum hlutum sem aðrir merkja kannski ekki. Í rauninni er þetta dálítið eins og að búa í litlu þorpi,“ segir Magnea.

# Bleikar byggingar á Dömulegum dekurdögum

Fjöldi bygginga á Akureyri hefur tekið á sig bleikan blæ í tengslum við bleikan októbermánuð.

Dömulegir dekurdagar hófust í gær á Akureyri og standa fram til morguns. Dagarnir eru ætlaðir vinkonum, systrum, mæðgum, frænkum og vinnufélögum til þess að skemmta sér saman.

Hægt er að velja úr fjölda viðburða sem gleðja hjartað, eins og konukvöldum, tónleikum, uppistandi, heilsufarsráðgjöf, Bleiku dansiballi, Dívukvöldi, opnum vinnustofum og dömulegu dekri. Úrval verslana og fyrirtækja býður einnig upp á ýmiss konar dömulegan afslátt þessa helgi.

Dömulegir dekurdagar eru í samvinnu við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis og felast meðal annars í sölu á handþrykktum innkaupapokum sem verða seldir til styrktar félaginu. Grafíski hönnuðurinn Bryndís Óskarsdóttir hannar munstrið en listakonur frá vinnustofunni 10AN í Gilinu á Akureyri, í samstarfi við kennara og nemendur listnámsbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri, sáu um að handþrykkja á pokana.

Fjöldi bygginga á Akureyri hefur tekið á sig bleikan blæ í tengslum við bleikan októbermánuð Krabbameinsfélagsins og má sem dæmi nefna Ráðhúsið, Glerárkirkju, Samkomuhúsið, Landsbankann og Glerártorg. Upplýsingar um dagskrá Dömulegra dekurdaga er að finna á slóðinni www.visitakureyri.is.



**BLEIKT RÁÐHÚS** Ráðhúsið á Akureyri er meðal þeirra bygginga sem hefur tekið á sig bleikan blæ. Dömulegir dekurdagar standa yfir í bænum fram til morguns. MYND/RAGNAR HÓLM

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

# Viðskiptatækifæri í hjarta Reykjavíkur



TIL LEIGU

## Austurstræti 16

101 Reykjavík

### LEITUM EFTIR KRÖFTUGUM OG REYNDUM SAMSTARFSAÐILUM UM NÝTINGU FASTEIGNARINNAR

Fasteignin Austurstræti 16 var reist á árunum 1916–1918.

Húsið er þekkt undir nafninu „Gamla Reykjavíkurapótek“.

Austurstræti 16 er 2.773 $m^2$.

Húsið er friðað að utan; friðun tekur einnig til stigagangs að sunnan og innréttinga sem áður voru í apóteki.

Hönnun: Guðjón Samúelsson

Reginn hf. hefur fest kaup á fasteigninni Austurstræti 16, á besta stað í miðbæ Reykjavíkur, við Austurvöll og á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis. Eignin sem hefur mikið varðveislu- og sögugildi fyrir Reykjavík býður upp á fjölmarga möguleika vegna einstakrar sögu sinnar, útlits, staðsetningar og nálægðar við þjónustu, veitingastaði og menningarstofnanir.

Reginn hf. leitar hér með eftir samstarfsaðila til þess að taka húsnæðið á leigu eða annast rekstur í húsinu. Er þá einkum haft í huga að húsnæðið verði nýtt undir hótel og/eða veitingastað eða aðra starfsemi tengda ferðaþjónustu. Skrifstofustarfsemi kemur einnig til greina.

Hægt er að nálgast kynningargögn gegnum netfangið A16@vso.is

Reginn hf Félagi í fasteignum reginn.is reginn@reginn.is sími: 512 8900

# MÁLNINGARDAGUR FJÖLSKYLDUNNAR

## HÚSASMIÐJUNNI Í SKÚTUVOGI

Innimálning og lökk 25% afsláttur lau-sun

-allt fínt fyrir jólin




**DANA LIM akrýlkittí**
300 ml.
6552194

**Juðari**
Power Plus 135W
5245212

**Áltröppur Jumbo**
4 þrep. Hæð 86 cm. 4.2 kg.
5078886

HarpaSjöfn
**HarpaSjöfn Akryl 10 veggmálning 3 ltr**
Vnr: 7119981

**Anza Elite rúllusett**
25 cm rúlla og bakki
7014822

## ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI

**Tilboðsafsláttur gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar"**

Birt með fyrirvara um myndavíxl og innsláttarvillur, úrval getur verið misjafnt milli verslanna

# DAGSKRÁIN Í DAG

## Húsasmiðjan Skútuvogi

### Töfraheimar Einars Mikaels í Blómavali

**Taktu þátt í sjónhverfingu, stækkaðu og minnkaðu að vild**

Kl: 14:00 – Einar Mikael sýnir magnaðar sjónhverfingar
Kl: 14:30 – Töfraheimar Einars Mikaels opnaðir
Kl: 15:00 – Gestir fá að baða töfradúfurnar




fyrstu 30 sem mæta fá gefins DVD disk með Einari Mikael töframanni






### Andlitsmálun

Andlitsmálun fyrir börnin.
kl. 13-16

### Kaffihlaðborð

Skútuvogi
hlaðborð og kaffi aðeins **850kr**

### ÍS

aðeins **99kr**



### Litaráðgjöf - veldu rétta litinn!

Þórunn Högna verður með litaráðgjöf.
Komdu með ljósmynd af stofunni, barnaherberginu eða hverju sem er og Þórunn velur með þér litinn.

### Litgreinir - við finnum litinn!

Komdu með hvaða hlut sem er og við blöndum fyrir þig málningu í sama lit!





ERIKUR
3 stk.
aðeins
1.299 kr

STÓRAR
OG FLOTTAR
12 CM POTTAR




ALLIR
HAUSTLAUKAR
20%
afsláttur
lau-sun

AF VÖLDUM
HAUSTLAUKUM
50%
afsláttur
lau-sun

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

# ÞETTA VAR LENGRI LEIÐIN TIL EYJA



**Edda Andrésdóttir** á fjölbreyttan starfsferil að baki við hina ýmsu miðla – en byrjaði sem kúasmali í Eyjum. Nú hefur hún gefið út sína fjórðu bók.

Nýjasta bókin eftir Eddu Andrésdóttur nefnist Til Eyja. Hún er listilega ofin og lýsir annars vegar æskusumrum hennar í Vestmannaeyjum, með lífið í Kirkjubæ í forgrunni, og hins vegar ógnum eldgossins 1973 sem hún fylgdist með sem blaðamaður, meira og minna frá fyrsta degi. Bókarkápan er lýsandi fyrir efnið, með birtu bernskunnar á framhlið en sorta öskunnar á baki.

### Tók ung til hendinni

Edda situr gegnt mér í veitingasal Hótel Nordica, enn meira hrífandi en á skjánum, að minnsta kosti leyfir hún sér að hlæja meira en við fréttalesturinn. Lýsir nýju bókinni og lífi sínu til þessa sem hún segir hafa verið stóráfallalaust. Skyldi hún hafa haldið dagbók frá unga aldri?

„Nei, en ég var fyrstu sautján sumrin mín í Eyjum og á þeim tíma síaðist margt inn, enda breyttist í rauninni ekkert í Kirkjubæ. Ég man staðinn eins og hann var þegar ég fór þaðan í síðasta sinn og ég hélt að hann yrði alltaf þarna og alltaf eins. Svo hófst gosið, nánast við bæjardyrnar. Nú eru húsin þar djúpt undir hrauni ásamt ótal öðrum húsum.“

Móðir Eddu ólst upp í Kirkjubæ og sótti í átthagana með börnin sín. „Pabbi var alltaf að vinna, hann var á sjó, í brúarvinnu, í vegagerð og í hvalnum en mamma fór með okkur krakkana til Eyja í sumarbyrjun og svo fórum við heim á haustin. Pabbi kom aðeins í heimsókn, á Þjóðhátíð kannski. Þannig var þetta þangað til síðustu sumrin mín í Eyjum, þá voru pabbi og mamma bæði farin að vinna í Hvalstöðinni. Hann sem verkstjóri og hún bakari. Ég hélt áfram að fara til Eyja og vinna, fyrst sem mjólkurpóstur, svo í fiski,“ rifjar Edda upp og segir ömmu sína hafa kennt henni að vinna. „Amma var sístarfandi og sá til þess að við krakkarnir hefðum alltaf eitthvað að gera, reka kýrnar, bera arfann úr kartöflu-og rófugarðinum og hjálpa til við heyskapinn. Við tókum til hendinni og lærðum margt.“

Edda segir virðingu fyrir náttúrunni, sem bæði gaf og tók, hafa mótað lífsviðhorf fólksins í Kirkjubæ og smitað krakkana. „Ég var hrædd við ketti en þeir voru heimagangar hjá ömmu og ég varð að gjöra svo vel að þola það! Þeir sem urðu vitni að því þegar kýrnar voru reknar öskrandi fyrstu gosnóttina niður í Hraðfrystistöð muna alltaf hversu átakanlegt það var. Svo þurfti að lóga þeim. Það var dapurt því kýrnar voru svo miklar persónur og kærar fólkinu.“

### Er ekki grátgjörn

Ekki vill Edda meina að það hafi verið fruntalegt af ritstjórn dagblaðsins Vísis að senda hana á vettvang þegar gosið hófst á Heimaey. Þó var þetta svo að segja hennar heimabyggð og hún bara um tvítugt.

„Ég var einfaldlega ræst út eins og aðrir blaðamenn um nóttina og það var tilviljun fremur en hitt að ég lenti í Eyjum, með ekki nema ársreynslu að baki. Það var ekki einu sinni ljóst hvort hægt yrði að lenda þar, var allt eins búist við að flugvöllurinn væri að lokast. En við Bragi Guðmundsson ljósmyndari lentum í morgunsárið og vorum þar í viku.“ Hún kveðst hafa hripað niður það sem fyrir augun bar og lesið upp afraksturinn gegnum landsímann. „Það var kostur að þekkja til í Eyjum,“ segir hún. „Svo var Bragi með tíu ára reynslu, útsjónarsamur og alltaf jafn pollrólegur. Oft síðan hef ég reyndar dáðst að æðruleysinu sem einkenndi svo marga í Eyjum á þessum tíma.“

Edda kveðst hafa verið lengi með bókina. „Þetta var lengri leiðin til Eyja,“ segir hún brosandi. „Undir hraun og aftur í tíma. Pabbi stakk einhvern tíma upp á að ég skrifaði um Vestmannaeyjar, mér fannst það óhugsandi þá en hugmyndin sótti á, því staðurinn hefur alltaf fylgt mér. Gosið var auðvitað hrikaleg upplifun. Ég var lengi að ná réttum takti í frásögninni enda er ég að spegla tvenna tíma, björtu tímana og dimmu tímana,“ segir hún og viðurkennir að skrifin hafi snert við henni. Kveðst þó ekki hafa grátið. „Ég er ekki grátgjörn, frekar en þær konur sem ég er komin af,“ segir hún brosandi og vísar til ömmu sinnar í Kirkjubæ sem ekkert fékk haggað. „Móðir mín er þannig líka. Það er stórkostlegt að geta tekist á við erfiðleika í lífinu án þess að láta feykja sér af leið.“

### Tækifærin voru alls staðar

Edda kveðst alltaf hafa haft gaman af að skrifa. „Ég fór í Versló og fékk býsna góðan íslenskukennara, kennarar hafa svo mikið að segja. Ritgerðir voru uppáhaldið mitt. Á þessum námsárum þróaðist sú hugmynd hjá mér að verða blaðamaður. Svo fór ég að vinna á skrifstofu þegar ég kláraði skólann en þegar ég sá Vísi auglýsa eftir blaðamanni sótti ég um og var ráðin. Þar fékk ég góða lærifeður eins og Jónas Kristjánsson, Jón Birgi Pétursson og Valdimar Jóhannsson. Blaðamennirnir á Vísi voru feikna góður hópur en þar voru þá enn fáar konur. Ég var náttúrulega mjög ung en þarna var ég algerlega komin í það sem mig langaði að fást við.“

Hún var líklega fyrsta manneskjan sem hló í útvarpinu. Er minnt á það og hlær hjartanlega.

„Jú, jú. Þegar ég var búin að vera á Vísi í nokkur ár bættist Jón Björgvinsson í hóp blaðamanna þar og hann fékk þá hugmynd að gera síðdegisþátt í ríkisútvarpinu á laugardögum í beinni útsendingu sem héti Í vikulokin. Hann fékk mig með sér í það ásamt fleirum. Við létum okkur ekkert mannlegt óviðkomandi og þátturinn fékk gríðarlega hlustun, enda var þetta eina stöðin. Ég kunni ekkert að koma fram í útvarpi, var bara sú sem ég var og ef mér fannst eitthvað fyndið þá hló ég. Sumum fannst það víst skrítið, enda óvanalegt á þeim tíma í útvarpinu!“

Á Vísisárunum milli 1972 og 1978 kveðst Edda hafa verið með innslag í fréttaþátt í sjónvarpinu sem hét Kastljós og var öðruvísi en samnefndur þáttur er nú. Félagar Eddu á Vísi störtuðu nýju tímariti sem hét Hús og híbýli og hún var ritstjóri þess um skeið. Svo fór hún í kvikmyndagerð með Hrafni Gunnlaugssyni, lagði honum meðal annars lið við handritsgerð í myndinni Hrafninn flýgur. „Það var rosalegt ævintýri og ég hafði tröllatrú á myndinni,“ segir hún. „Það var einhver góður tónn í henni.“

Tækifærin voru alls staðar og ekkert mál að fá vinnu að sögn Eddu sem um tíma starfaði á Helgarpóstinum. En ný baktería var kviknuð sem snerist um ljósvakamiðla. Edda rifjar upp þætti sem hún stýrði í

### BÆKURNAR HENNAR EDDU

**Á GLJÚFRASTEINI** UM AUÐI LAXNESS, ÚTGÁFUÁR 1984
**SÓLIN KEMUR ALLTAF UPP Á NÝ** UM SÉRA AUÐI EIR, ÚTGÁFUÁR 2005
**Í ÖÐRU LANDI – SAGA ÚR LÍFINU** UM ALZHEIMERSJÚKDÓM FÖÐUR HENNAR, ÚTGÁFUÁR 2007
**TIL EYJA – MINNINGAR ÚR ÆSKU OG UM HEIMAEYJARGOSIÐ,** ÚTGÁFUÁR 2013

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ríkissjónvarpinu og hétu Það eru komnir gestir. „Í fyrsta þættinum voru Guðrún Bjarnadóttir, Henný Hermanns og Heiðar Jónsson. Svo var ég með í spurningaþætti og páskaþætti. Þarna var kominn miðill sem sameinaði allt, textagerðina, hljóðið og myndina, alveg ofsalega spennandi,“ segir hún og brosir breitt.

Þátturinn Skonrokk er einn þeirra sem Edda var með í sjónvarpinu og svo var komið að fréttamennsku þar 1985, hjá Ingva Hrafni fréttastjóra. „Ég var í fréttamennsku í nokkur ár, en til lengdar getur verið erfitt vera úti á akrinum allan daginn og hendast svo í settið og segja fréttirnar á kvöldin,“ segir hún.

Edda flutti sig frá ríkissjónvarpinu yfir á Stöð 2, árið 1989. Fyrstu verkefni hennar þar voru viðtalsþættir sem hétu Inn við beinið og voru í loftinu einn vetur. „Þar var einn viðmælandi tekinn á beinið, vinsamlega, og honum fylgdu vinir og félagar í sal sem tóku þátt í samtalinu,“ rifjar hún upp. Á Stöð 2 varð hún fréttaþulur en þurfti ekki að afla fréttanna. Skyldi fólk oft hafa samband við hana eftir lesturinn? „Já, það hringir stundum fólk eftir fréttatímana með alls konar fyrirspurnir. Það getur verið: „Hvar fékkstu jakkann sem þú ert í?“ eða „Hver klippir þig?“. Stundum er hringt út af málfari. Mér finnst þetta frábært og skýrt dæmi um að við á fréttastofunni erum í góðu sambandi við fólkið í landinu. Það skiptir mestu máli.“

**Tók sólópróf í flugi**

Eiginmaður Eddu er Stefán Ólafsson, prófessor í félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hvernig skyldu þau hafa kynnst og hvenær? „Við kynntumst í Þjóðleikhúskjallaranum 1982, þegar hann var og hét sem ballstaður, og erum búin að vera saman síðan, ævinlega, frá fyrstu stund,“ segir Edda og brosir fallega. Keyrði hann þig heim? forvitnast blaðamaður. „Nei, ætli við höfum ekki bara gengið heim? Mér fannst hann svo rólegur hann Stefán og yfirvegaður og traustur. Við áttum bara eitthvað sameiginlegt og smullum saman.“ Hún segir þau bæði hafa átt sambönd að baki og börn. „Ég átti strák sem er fæddur 1974 og Stefán átti strák og stelpu. Svo eigum við tvo stráka saman og samtals eigum við sjö barnabörn. Erum stór blönduð fjölskylda en allt gengur það vel og allir eru góðir vinir.“

Hún kveðst hafa búið um tíma með fyrri barnsföður sínum og segir mér líka söguna af þeirra kynnum.

„Eyjagosið gerði það að verkum að ég fékk flugdellu. Ég fór svo mikið á milli lands og Eyja og hugsaði að það gæti verið hentugt að vera fljúgandi blaðamaður eins og Ómar Ragnarsson. Fljótlega eftir að gosinu lauk dreif ég mig í að læra flug. Tók sólólpróf og stefndi á einkaflugmanninn. En svo tókum við saman ég og flugkennarinn minn og eignuðumst hann Jóa og eftir að hann fæddist lagði ég flugið á hilluna, missti hálfgert kjarkinn.“

Stefán, maður Eddu, er oft áberandi í þjóðmálaumræðunni. Er hún alltaf sammála honum og hans pólitík? „Það er mjög viðkvæmt fyrir hlutlausan fréttaþul að tjá sig um það,“ segir hún hlæjandi og lætur ekki hanka sig. „Stefán er Stefán og ég er ég og við erum ekki alltaf sammála um allt, ekki einu sinni hvað við eigum að hafa í matinn!“ En telur fólk að þú hafir sömu skoðanir og hann? „Það veit ég ekki, að minnsta kosti hefur enginn þorað að segja það við mig,“ segir hún og hlær enn.

Ein spurning í lokin. Heldurðu að þú flytjir til Eyja í ellinni?

„Ja, þetta var alltaf draumastaðurinn! Ég lýk bókinni þannig að ég hafi ekki enn siglt þangað úr Landeyjunum en eftir að ég setti punktinn stakk systir mín upp á dagsferð með Herjólfi. Mér fannst ég hálfgert vera að svíkja lit en sló til. Það var þokuslæðingur en samt svo ótrúlega bjart. Helgafell var hulið þoku, það voru þokuslæður í Dalfjallinu og Heimaklettur fullur af dulúð. Þetta er í rauninni ævintýraeyja.“

## ➜ Kafli úr nýju bókinni Til Eyja

Helgafellið í baksýn. Mjúkt og óumbreytanlegt. Þetta gamla eldfjall hafði sofið í fimm þúsund ár og allir í Eyjum vissu að var kólnað og útdautt. Og bærist það í tal í eldhúsinu hjá ömmu, sem það gerði, sennilega bara ef maður spurði, var það með álíka hætti og þegar talað var um veðrið eða að nú þyrfti að skreppa niður í Fell eða Brynjúlfsbúð til að kaupa ýsuflök eða rúsínur. Og svo var kannski farið að vaska upp. Með því móti mátti eyða einhverjum hitaeiningum. Í einu dagblaðanna sagði að bandarískur læknir hefði tekið saman skrá yfir hitaeiningaeyðslu við ýmis störf og skemmtanir. Með því að sitja og prjóna eyddust 1,5 hitaeiningar á mínútu, en ríflega fjórar við að strauja, þvo gólf eða hengja upp þvott. Fleiri eyddust á vetrum en sumrum, í hvassviðri en logni og við vinnu utan húss en innan. Við stelpurnar vorum grannholda og þurftum ekkert á þessu að halda, en sátum sjaldnast með hendur í skauti hjá ömmu. Hún vissi að margar hendur ynnu létt verk og það var gott veganesti fyrir ungt fólk að læra að taka til hendinni. Systir mín var samviskusöm, það gat sennilega frekar hent okkur Marý á svona stundum að verða brátt í brók sem fór ekki fram hjá ömmu. Hún horfði á okkur athugulum augum: „Þurfið þið alltaf að fara á klósett þegar þið eigið að vaska upp?“ spurði hún álíka blátt áfram og þegar Drummer-uppþvottalögurinn var auglýstur í blöðunum með orðunum: „Eitt spraut þvær alla diskana.“ Aldrei man ég nú samt eftir honum á vaskinum í Kirkjubæ.



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Edda nýklippt eftir fermingu með börnin Pál Andrésson (sem ekki er bróðir hennar), Andreu Ingu Sigurðardóttur og Gunnar bróður sinn.


# Bosch-dagar

Þýsk gæða-heimilistæki frá Bosch nú á frábæru tilboðsverði.

Made by Germans

Síðasti dagur til að gera góð kaup á Bosch-dögum.





Þú sparar 10.000 kr.

**Ryksuga**
BSGL 32238
2200 W. Hepa-sía. Parkethaus fylgir með. Vinnuradíus: 10 metrar.
Tilboð: 24.900 kr.
Fullt verð: 34.900 kr.



Þú sparar 50.000 kr.

**Kæliskápur, úr stáli (kámfrír)**
KGN 36NL20
Orkuflokkur A+. NoFrost: Affrysting óþörf. Tvö kælikerfi. Kælir: 221 lítra. Frystir: 86 lítra. H x b x d: 186 x 60 x 60 sm.
Tilboð: 149.900 kr.
Fullt verð: 199.900 kr.



Þú sparar 40.000 kr.

**Þurrkari**
WTW 84100SN
Barkalaus. Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Sérkerfi: Íþróttafatnaður og 40 mín. hraðkerfi. **Nýjung: Sjálfhreinsandi rakaþéttir.**
Tilboð: 149.900 kr.
Fullt verð: 189.900 kr.

**Uppþvottavélar**
Mjög hljóðlátar, 44 dB. Orkuflokkur A++. 14 manna. Fimm kerfi. Séraðgerðir: Tímastytting kerfa, kraftþvottur og kraftþurrkun.
Tilboð (hvít): SMU 58M22SK 139.900 kr.
Fullt verð: 189.900 kr.
Tilboð (stál): SMU 58M25SK 149.900 kr.
Fullt verð: 199.900 kr.



Þú sparar 50.000 kr.
Þú sparar 50.000 kr.

**Bakstursofn**
HBA 23B151
XXL ofnrými: 67 lítra. Orkuflokkur A. Fimm hitunaraðgerðir.
Tilboð: 99.900 kr.
Fullt verð: 144.900 kr.



Þú sparar 45.000 kr.

**Þvottavél**
WAE 28271SN
Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++. Hámarksvinduhraði: 1400 sn./mín.
Tilboð: 119.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.



Þú sparar 30.000 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til og með 12. október eða á meðan birgðir endast.

BOSCH BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090



**Á FLÓTTA** Sýrlensk kona betlar á götu í Beirút með barnið sitt í fanginu. Hún er ekki sú eina því fjölmargar konur og börn betla til að hafa í sig og á. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bjóða flóttamennina velkomna

Rúmlega ein milljón landflótta Sýrlendinga hefur flúið til Líbanon frá því átökin í Sýrlandi hófust. Álagið á innviði Líbanons er gríðarlegt og hafa alþjóðleg hjálparsamtök á borð við Rauða kross Íslands gert sitt til að gera líf þessa fólks bærilegra.

**Brjánn Jónasson**
**blaðamaður** brjann@frettabladid.is

**Vilhelm Gunnarsson**
**ljósmyndari** villi@365.is



Hvernig myndi Ísland taka á móti áttatíu þúsund flóttamönnum? Gætum við sem þjóð sinnt 200 nýjum flóttamönnum frá nágrannaríki á hverjum einasta degi? Þessi fjöldi er hlutfallslega sambærilegur við þann gríðarlega straum sýrlenskra flóttamanna sem hefur streymt yfir landamærin til Líbanons frá því borgarastyrjöldin í Sýrlandi hófst.

Fyrir ríki með um fjórar milljónir íbúa er það risavaxinn biti fyrir Líbanon að taka á móti rúmlega einni milljón flóttamanna. Það er nær óvinnandi verk að taka þannig á móti þeim tveimur þúsundum sem bætast við daglega að sómi sé að.

Þrátt fyrir erfiðleikana eru Sýrlendingarnir boðnir velkomnir til landsins og Líbanar taka á sig ýmiss konar skerðingu þeirra vegna, segir Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands.

„Líbanar taka á móti öllum þessum flóttamönnum opnum örmum,“ segir Þórir. Hann heimsótti Líbanon nýverið ásamt Vilhelm Gunnarssyni, ljósmyndara Fréttablaðsins, til að kynnast því af eigin raun hvernig hjálparstarf Rauða krossins gengur fyrir sig.

Flóttamenn setja gríðarlegt álag á innviði Líbanons. Skólar sem áður voru einsetnir eru nú tvísetnir, og sumir jafnvel þrísetnir. Raforkuframleiðslan, sem var tæp fyrir, annar engan veginn eftirspurninni. Álagið á heilbrigðiskerfið er einnig gríðarlegt. „Þrátt fyrir allt þetta taka Líbanar vel á móti öllum þessum flóttamönnum. Það er í raun alveg stórkostlegt,“ segir Þórir.

Rauði krossinn rekur þrjár færanlegar sjúkrastöðvar sem fara á milli þorpa til að veita læknisaðstoð, auk þess sem boðið er upp á ýmiss konar fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðir. Stöðvarnar eru kostaðar af norska og íslenska Rauða krossinum. „Heilbrigðiskerfið í Líbanon er einkarekið, og það kostar mjög mikið að fara á spítala. Sýrlenskir flóttamenn hafa upp til hópa ekki efni á slíku, svo þessi læknisaðstoð sem Rauði krossinn er að veita, sem Íslendingar hafa lagt fé til, verður oft til þess að fólk fær læknisaðstoð sem það hefði ella ekki fengið,“ segir Þórir.

### Togstreita vegna flóttamanna

Opinberar tölur í Líbanon segja að það séu 760 þúsund sýrlenskir flóttamenn skráðir í landinu, en flestir eru sammála um að þeir séu mun fleiri. Sumir vilja tvöfalda þá tölu, en líklegast er að flóttamennirnir séu að lágmarki rúm milljón.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem flóttamenn streyma yfir landamæri Sýrlands og Líbanons, en síðast þegar það gerðist lá straumurinn í hina áttina. Mikill fjöldi líbanskra flóttamanna fékk hæli í Sýrlandi á meðan fimmtán ára borgarastyrjöld í Líbanon geisaði. Mörgum Líbönum finnst því mikilvægt að launa greiðann.

Þrátt fyrir að Líbanar taki óhikað við flóttamönnum frá Sýrlandi ber sífellt meira á togstreitu milli Sýrlendinga og heimamanna í Líbanon. Sumir flóttamannanna hafa peninga milli handanna og stofna matsölustaði eða önnur lítil fyrirtæki sem keppa við þau sem fyrir eru. Aðrir taka þá vinnu sem býðst, þótt launin séu langt undir því sem Líbanar myndu sætta sig við.

„Ég varð ekki var við þetta, en við vitum að það kemur upp ýmiss konar núningur,“ segir Þórir.

Hann segir fólk gera það sem það geti til að bjarga sér. Margar sýrlenskar fjölskyldur lifa af tekjum barna sem eru send í vinnu út á akur. Einu tekjur fjölskyldu sem hann hitti koma frá dreng sem erfiðar rúma sextán tíma á sólarhring í matvöruverslun.

### Óttast átök í Líbanon

Pólitískt ástand í Líbanon hefur verið óstöðugt undanfarið, og óttast margir að átökin í Sýrlandi geti orðið til þess að upp úr sjóði í landinu. Það yrði enn hræðilegra en ella í ljósi þess mikla fjölda sýrlenskra flóttamanna sem hafa flúið til Líbanons.

„Það væri hrikalegt ef átökin færðust yfir til Líbanons,“ segir Þórir. „Það er mikil spenna í landinu eftir borgarastyrjöldina, en flestir Líbanar virðast staðráðnir í að láta það ekki gerast. Ég sé ekki að spennan sé að ná þeim hæðum að það sé mikil hætta á átökum.“ ▶

## Safna fé frá Íslandi

Rauði krossinn safnar nú fé til að bregðast við þeirri gríðarlegu neyð sem ríkir í Sýrlandi, og þeim mikla fjölda fólks sem er á flótta bæði innan Sýrlands og í nágrannaríkjum eins og Líbanon.

Þeir sem vilja leggja söfnuninni lið geta hringt eða sent sms í söfnunarsíma. Númerin eru 904-1500, 904-2500 og 904-5500. Með því bætist við upphæð sem nemur síðustu fjórum tölunum í símanúmerinu við næsta símreikning. Einnig er hægt að leggja beint inn á reikning 0342-26-12, kennitala 530269-2649.



**FÆRANLEG STÖÐ** Rauði krossinn rekur þrjár færanlegar læknisstöðvar í Líbanon. Þessi móðir kom með nýfætt barn sitt og litlu dóttur sína í læknisskoðun þegar læknirinn kom í heimsókn. Fjölskyldan flúði ófriðinn í Sýrlandi og býr nú í skólastofu í litlum bæ í Norður-Líbanon ásamt fleiri fjölskyldum.



# Góður vinnustaður á í góðu sambandi við nágranna sína

Reitir er stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leggjum okkur fram við að vanda framkvæmdir og tökum mið af umhverfi okkar þegar byggja á nýtt eða breyta því sem fyrir er. Þannig sjáum við til þess að þinn vinnustaður sé í takt við umhverfi sitt.

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

## Líbanon í hnotskurn




- **Mannfjöldi** Um 4,1 milljón.
- **Höfuðborg** Beirút.
- **Flatarmál** 10.452 ferkílómetrar.
- **Stjórnkerfi** Lýðræði.
- **Trúarbrögð** Um 60 prósent landsmanna eru íslamstrúar, 39 prósent eru kristin, og eitt prósent er annarrar trúar.
- **Sagan** Líbanon á sér langa sögu, frá því löngu fyrir þá tíð þegar Föníkíumenn sigldu þaðan um allt Miðjarðarhaf á fyrsta árþúsundinu fyrir Krist. Landið varð frönsk nýlenda, en öðlaðist sjálfstæði árið 1943. Borgarastyrjöld ríkti í landinu á árunum 1975 til 1990. Landið varð vígvöllur þar sem Sýrland og Ísrael studdu leynt og ljóst ólíka hópa í borgarastyrjöldinni. Ísrael hertók hluta landsins og hélt honum til ársins 2000, en sýrlenskir hermenn voru í Líbanon allt til ársins 2005.
- **Pólitískt ástand** Forsætisráðherra Líbanons, Najib Mikati, sagði af sér í mars 2013 eftir að honum mistókst að halda ríkisstjórn sinni saman. Í kjölfarið var kosningum sem halda átti í júní frestað, og er nú áformað að kjósa í nóvember 2014. Ástandið í Líbanon er afar óstöðugt, og óttast margir að átökin í Sýrlandi geti náð til Líbanons fyrr en síðar. Vígamenn frá Líbanon eru sagðir berjast beggja vegna víglínunnar í Sýrlandi.



**BÚÐIR** Flóttamenn í Líbanon búa sjaldnast í stórum, skipulögðum flóttamannabúðum. Oft slær lítill hópur fólks upp tjöldum í litlum þyrpingum við bæi og borgir.



**FRÆÐSLA** Foreldrar sem koma með börnin sín í læknisskoðun fá einnig fræðslu um hreinlæti, sjúkdóma og annað sem þeir þurfa að vita. Rauði krossinn býður einnig upp á ýmiss konar sálrænan stuðning, einkum fyrir konur og börn. Þá eru myndaðir hópar þar sem spjallað er um það sem fólkinu liggur á hjarta.



**TVÖFALDIR FLÓTTAMENN** Fjölmargir Palestínumenn flúðu Ísrael á fimmta áratugnum. Talsverður fjöldi þeirra flúði til Líbanons, þar sem þeir og afkomendur þeirra hafa átt nöturlega ævi. Aðrir, eins og þessi palestínska fjölskylda, flúðu til Sýrlands. Nú hafa þeir þurft að flýja land öðru sinni, og eru orðnir flóttamenn í Líbanon. Drengurinn er með sprengjubrot grafið í fætinum, en fjölskyldan hefur ekki efni á því að fara til læknis og láta fjarlægja það.



**Í SKÓLANUM** Börn flóttamanna þurfa menntun eins og önnur börn. Í þessum skóla í Shatila-flóttamannabúðunum í Beirút mæta palestínsk börn í skólann fyrir hádegi, og þessir sýrlensku krakkar fá sína menntun eftir hádegi.


Laugardaginn 12. október

# opið hús

kl.10-17 hjá Íslenskri erfðagreiningu

Laugardaginn 12. október, frá kl.10-17, býður Íslensk erfðagreining alla velkomna í heimsókn í höfuðstöðvar fyrirtækisins að Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.





11:00 & 14:30 **Kári Stefánsson** flytur erindi um **Erfðafræði**

12:00 & 15:30 **Agnar Helgason** flytur erindi um **Uppruna Íslendinga**



13:00 – 14:00 **Hjaltalín** spilar fyrir gesti



10:00 – 17:00 **Vélmenni** leikur listir sínar fyrir börn og fullorðna

**skoðunarferðir** um húsið

**Léttar veitingar** fyrir unga sem aldna

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Sturlugata 8 | 101 Reykjavík | Sími: 570 1900 | www.decode.is

ÍSLENSKUR

# GÓÐOSTUR

– GÓÐUR Á BRAUÐ –



# Margt breytist á fimm árum

**Katrína Mogensen,** söngkona hljómsveitarinnar Mammút sem sendir frá sér plötu eftir fimm ára bið í lok mánaðarins, segir mikinn létti fylgja útgáfu plötunnar. Hún útskrifast sem myndlistarmaður frá LHÍ í vor en segir menntakerfið meingallað.



Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is


Andlegrar heilsu okkar allra vegna er mjög gott að þessi plata sé loksins að koma út. Stundum verður maður að sleppa til að geta haldið áfram,“ segir Katrína Mogensen, söngkona hljómsveitarinnar Mammút sem sendir frá sér sína þriðju breiðskífu, Komdu til mín svarta systir, síðar í mánuðinum.

Biðin eftir þessari nýju plötu frá Mammút hefur verið ansi löng enda heil fimm ár liðin síðan sveitin, sem komst á kortið þegar hún stóð uppi sem sigurvegari í Músíktilraunum árið 2004, sendi frá sér plötuna Karkara. Sú plata var víða lofuð í hástert og heyrðust lög af henni talsvert á öldum ljósvakans. Hverju skyldi þessi langa bið eftir nýrri afurð frá Mammút sæta?

„Nýja platan hefur verið í bígerð síðan í byrjun árs 2010, þegar við hófumst handa við að leggja grunn að henni, en hún er orðin allt önnur plata núna. Við höfum þurft að byrja upp á nýtt nokkrum sinnum, henda heilmiklu af efni og í rauninni átta okkur á því í hvaða átt við vildum taka þessa plötu,“ útskýrir Katrína og bendir einnig á að þegar Karkari, önnur plata Mammút á eftir frumburðinum sem er samnefndur sveitinni og kom út 2006, kom út fyrir fimm árum hafi meðlimir Mammút enn verið löglegir táningar.

„Það gerist auðvitað ansi margt á fimm árum, þannig að í raun má segja að lífið sjálft hafi tafið útkomu plötunnar. Við höfum öll verið upptekin við að vaxa og þroskast og ýmislegt breyst, bæði milli okkar persónulega og varðandi það hverju við viljum ná fram í tónlistinni okkar.“



**MAMMÚT** Katrína Mogensen, önnur frá vinstri, ásamt félögum sínum í Mammút, þeim Vilborgu Ásu Dýradóttur, Alexöndru Baldursdóttur, Arnari Péturssyni og Andra Bjarti Jakobssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

### Bjóða nýja hlið velkomna

Aðspurð viðurkennir söngkonan að þetta hökt á útkomu plötunnar hafi orsakað það að verkið hafi legið dálítið á sálinni á meðlimum sveitarinnar. Léttirinn sé enda mikill nú þegar sér fyrir endann á biðinni.

„Á einhverjum tímapunkti hefur okkur öllum örugglega fundist eins og þessi plata myndi aldrei koma út. En við höfum lagt mikið á okkur við að tryggja að lögin níu á plötunni eigi heima í þessari heild,“ segir Katrína og lofar um leið að nokkur lög sem þurftu að víkja fyrir þeim sem náðu á plötuna verði kláruð og gefin út á einhverjum öðrum vettvangi.

Mammút, fyrsta plata sveitarinnar sem kom út árið 2006, þótti afar rokkuð og jafnvel jaðra við pönk á köflum. Strax á næstu plötu, hinni rómuðu Karkara frá 2008, kvað við nýjan og poppaðri tón í bland við elektróník og fleira. Þar varð því mikil þróun á tveimur árum, en hvað gerist á heilum fimm árum í þeim efnum?

„Karkari var mjög poppuð plata, enda gerðum við hana þannig meðvitað. Á Karkara vorum við ástfangin af poppforminu og melódíum, ég var til að mynda heltekin af Britney Spears og fleira vinsældapoppi, þriggja og hálfrar mínútu löngum lögum með viðlögum sem hægt var að syngja með. Ég býst við að við séum enn í sömu pælingum á nýju plötunni. Ég trúi því að minnsta kosti að þetta sé poppplata. Eða kannski er hún það ekki. Nei, örugglega ekki. Eigum við ekki bara að segja að það sé okkar að gera en annarra að skilgreina,“ segir söngkonan hlæjandi og auðheyrt er að slíkar vangaveltur eru ekki í uppáhaldi hjá henni. Hún nefnir þó að lagið Blóðberg af nýju plötunni, sem mikið er spilað í útvarpinu um þessar mundir, megi líta á sem nokkurs konar brú milli Karkara og Komdu til mín svarta systir.

Téðan titil á nýju plötunni útskýrir Katrína á þann hátt að um sé að ræða línu sem fengin hafi verið að láni úr ljóði eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. „En titillinn er líka sprottinn út frá textunum, sem fjalla margir um að taka nýrri hlið á sjálfum sér opnum örmum. „Svarta systirin er þessi nýja hlið sem þarf að bjóða velkomna,“ útskýrir hún.

### Fjórtán ára á viskíkvöldi

Eins og áður sagði var Mammút stofnuð af fimm vinum úr Laugarneshverfinu og þar í kring þegar meðlimirnir voru vart af barnsaldri árið 2003. Sveitin heldur því upp á tíu ára starfsafmæli nú í desember, en það er staðreynd sem Katrína segist fráleitt hafa séð fyrir á sínum tíma. „Ég hugsaði ekki einu sinni út í að sveitin yrði enn þá til árið 2013,“ rifjar hún upp og segir hljómsveitina að einhverju leyti sprottna upp úr skólaleiða.

„Við höfum alltaf gert það sem okkur langar til að gera,“ segir hún og þverneitar þegar blaðamaður spyr, meira í gamni en alvöru, hvort meðlimir Mammút hafi verið vandræðaunglingar. „Ég held að í rauninni höfum við verið afbrigðilega eðlilegir unglingar. Eflaust vorum við pínu uppreisnargjörn en alltaf með skýran koll og ákveðna sýn.“

Hún telur sigurinn í Músíktilraunum árið 2003 hafa skipt gríðarlegu máli fyrir framgang sveitarinnar. „Skyndilega vorum við, fjórtán ára gömul, að spila á Gauki á Stöng með Maus sem við höfðum verið að hlusta á í herbergjunum okkar skömmu fyrr. Við spiluðum meira að segja á Jack Daniels-kvöldum, sem var örugglega kolólöglegt, og mamma og pabbi mættu á tónleikana til að passa að við færum ekki að djamma. Þetta var mikið mál fyrir svona ungt fólk en við létum það aldrei stíga okkur til höfuðs. Við höfum alltaf tekið það sem við viljum út úr þessum bransa, þetta uppbyggilega og vinalega.“

Sjálf kemur Katrína af tónelsku fólki en pabbi hennar, Birgir Mogensen, lék með hljómsveitunum Kukl, Spilafífl og fleirum á níunda áratugnum. Hlaut hún tónlistarlegt uppeldi?

„Já, ég held það. Systir mín, Júlía Mogensen, er atvinnusellóleikari og ég var alltaf með henni í sellótímum, auk þess sem það var mikið hlustað á alls kyns tónlist á heimilinu. Það var samt aldrei sett neinn pressa á mig að læra á hljóðfæri heldur fékk ég að prófa að æfa mig á hitt og þetta en hætti því alltaf fljótlega. Móðurfjölskyldan mín er troðfull af klassísku tónlistarfólki og það heillar mig sem áhorfanda þótt klassíkin sé ekki fyrir mig,“ segir Katrína.

### Snarbilað menntakerfi

Söngkonan stundar myndlistarnám við Listaháskóla Íslands og útskrifast þaðan í vor, en hún hefur haldið nokkrar sýningar og einbeitir sér mest að gjörningum, skúlptúrum og stórum innsetningum. Hún segist aldrei hafa kunnað vel við sig í skóla þar til hún fór að læra það sem hana langaði til, myndlist. Til að mynda kaus hún að feta ekki sama veg og margir jafnaldrar hennar og ganga menntaskólaveginn.

„Listinn yfir það sem mér þótti leiðinlegt við skóla er svo langur að ég get varla byrjað á honum,“ segir hún aðspurð og tekur fram að hún hafi hreinlega hlakkað til að geta ráðið sér sjálf. „Ég byrjaði reyndar í menntaskóla en hékk bara þar í stuttan tíma, eða þangað til ég gat sagt foreldrum mínum að ég nennti því ekki meir. Mér finnst menntakerfið snarbilað og ónýtt, því það fylgir ekki þessari hröðu þróun samtímans. Það stendur þó vonandi til bóta,“ segir Katrína. Hún vann meðal annars fyrir sér við umönnunarstörf og á veitingastöðum og vann sér inn tilskildar einingar í Myndlistarskóla Reykjavíkur áður en hún hóf nám í Listaháskólanum.

Þar segist hún strax hafa kunnað vel við sig og þegar hún útskrifast í vor verður hún tón- og myndlistarmaður í fullu starfi. Þykir slík starfslýsing ekki öfundsverð í augum margra?

„Jú, ef það er mögulegt að láta það ganga upp að lifa á listinni,“ segir hún. „Það er ekki hægt að segja að fjárlögin sem voru kynnt um daginn fylli mann bjartsýni.“

### Getum ekki hætt

Rödd og söngstíl Katrínu hefur margoft verið líkt við Björk. Hvað finnst henni um slíkar samlíkingar?

„Ég veit ekki hvort mér finnast þær slæmar. Björk er bara með stórkostlega rödd og það er gaman að vera líkt við svona stórkostlegan listamann en á sama tíma vil ég ekki gangast upp í því að líkjast Björk. Ætli það sé ekki bara óumflýjanlegt, þegar þú ert íslensk söngkona sem syngur hátt og ákveðið, að vera líkt við hana? Að minnsta kosti held ég að flest íslenskt tónlistarfólk hafi orðið fyrir áhrifum frá Björk,“ segir Katrína.

Aðspurð segir hún alla orku Mammút-liða beinast að því að klára útgáfu nýju plötunnar og fylgja henni eftir þessa dagana. „Svo sjáum við bara til en við höldum áfram. Ég held að við gætum ekkert hætt án þess að slíta vináttuböndin í leiðinni og það mun aldrei gerast.“


FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ Sími: 520 9595 – Fax: 520 9599 – www.fasttorg.is

Sigurður Gunnlaugsson lögg. fasteignasali

**Skriða - 116 Reykjavík (ofan Kollafjarðar)**




**Fasteignasala TORG og Óskar Bergsson** kynna einbýlishúsið **Skriðu,** ofan við Kollafjörð. Húsið er timburhús, hæð og ris á steyptum kjallara alls 205 fm ásamt 70 fm, tvöföldum bílskúr, sem búið er að innrétta að hluta sem skrifstofu. Lóðin er 1500 fm eignarlóð og 8500 fm leigulóð til 99 ára. Frábær eign fyrir þá sem vilja friðsæld og frábært útsýni rétt við bæjarmörkin.
**Upplýsingar gefur Óskar Bergsson í síma 893 2499 og oskar@fasttorg.is**


Óskar Bergsson sölufulltrúi

# next

# MARKAÐUR

## Í KORPUOUTLET - KORPUTORGI

# 50-80% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM NEXT VÖRUM

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

FJÖGUR ÁR – FJÓRAR VERSLANIR – HOLTAGÖRÐUM

# Dorma 4. ára!

## Dorma býður til veislu

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

## Fyrir þínar bestu stundir!

Charlotte Julien Dream your world™





SHAPE þrýstijöfnunar-heilsudýna á C&J stillanlegum botni.

Aðeins kr. **30.597** í 12 mánuði*

STÆRÐ 2X80X200

STILLAN-LEGT

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og enda-stopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- 5 ára ábyrgð

AFMÆLIS **20%** AFSLÁTTUR

### Afmælisverð

**C&J + Shape dýna**

| Stærð cm. | Fullt-verð | Afmælis-verð |
|---|---|---|
| 2x80x200 | 442.300 | 353.840 |
| 2x90x200 | 466.800 | 373.740 |
| 2x90x210 | 487.300 | 389.840 |
| 2x100x200 | 499.300 | 399.440 |
| 120x200 | 267.150 | 213.720 |
| 140x200 | 297.400 | 237.920 |

Settu þig í þægilegar stellingar og láttu þreytuna eftir amstur dagsins líða úr þér.

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

Aðeins kr. **8.781** í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

FRÁBÆR KAUP

Nature's Bedding

## Nature's Rest



HEILSURÚM **FRÁBÆRT VERÐ**

### Afmælisverð

**Nature's Rest**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 80x200 | 30.900,- | 62.900,- |
| 90x200 | 35.900,- | 68.900,- |
| 100x200 | 37.900,- | 72.900,- |
| 120x200 | 39.900,- | 79.900,- |
| 140x200 | 42.900,- | 92.900,- |
| 160x200 | 46.900,- | 99.900,- |
| 180x200 | 62.900,- | 117.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir
- 320 gormar pr fm$^2$

## Nice heilsurúm



- Heilsudýna úr conforma foam
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi.
- Bonell gormakerfi í boxi.

160 x 200 cm AFMÆLISVERÐ **165.900** FULLTVERÐ KR. 215.900

180 x 200 cm AFMÆLISVERÐ **176.900** FULLTVERÐ KR. 236.900

NÝ HEIMASÍÐA **dorma.is** SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

Fylgstu með Dorma á facebook

**Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga kl. 10.00–18.00 og laugardaga kl. 11.00–16.00 og sunnu**

– HÚSGAGNAHÖLLINNI REYKJAVÍK – ÍSAFIRÐI – AKUREYRI

# GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ



## Hvít, vönduð og mjúk handklæði

100% BÓMULL – ÞYNGD 450 GSM – ÞERRA ÓTRÚLEGA VEL

AFMÆLIS 50% AFSLÁTTUR

MAX 10 STYKKI Í STÆRÐ SÚPER-TILBOÐ Á HVERN KÚNNA

50 X 100 CM AFMÆLISVERÐ 497 FULLTVERÐ KR. 995

70 X 140 CM AFMÆLISVERÐ 997 FULLTVERÐ KR. 1.995

## Vinsælu C&J satín-sængurverasettin. 100% bómull með rennilás, 5 litir.



AFMÆLISVERÐ 5.865 FULLTVERÐ KR. 6.900



AFMÆLISVERÐ 119.900 FULLTVERÐ KR. 139.900

## Silo svefnsófi með tungu og rúmfatageymslu.

Stærð: 228 x 162 cm. H. 83 cm. Dökkgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna.



## Jazz hægindastóll

AFMÆLISVERÐ 95.900 FULLTVERÐ KR. 119.900

Fæst í koníaks-brúnu, svörtu,dökk brúnu og kremuðu leðri.

## Tangó borðstofustóll

AFMÆLISVERÐ 9.900 FULLTVERÐ KR. 15.900

Fæst svartur með svörtum löppum.
Kremlitur með ljósum eikarlöppum
og kremlitur með svörtum löppum.



DORMA

– býður góða nótt

daginn 13. oktober kl. 13.00–16.00 • Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100



➜ **KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

**MENNTUN** Stúdentspróf MS **1996.** BA-próf í íslensku með frönsku sem aukagrein HÍ **1999.** Meistarapróf í íslenskum bókmenntum **2004.**

**HELSTU STÖRF** Málfarsráðunautur á fréttastofum RÚV í hlutastarfi **1999–2003** auk fjölmargra sumarstarfa. Dagskrárgerð fyrir ljósvakamiðla og ritstörf fyrir ýmsa prentmiðla **2004–2006.** Kennsla fyrir Endurmenntun, símenntunarmiðstöðvar og Mími tómstundaskóla **2004–2007.** Ritstjórnarstörf fyrir Eddu-útgáfu og JPV-útgáfu **2005–2006.** Stundakennsla við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Menntaskólann í Reykjavík **2006–2007.**

**STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA** Í Stúdentaráði HÍ og háskólaráði **1998–2000.** Formaður Ungra vinstri grænna **2002–2003.** Alþingismaður síðan **2007.** Menntamálaráðherra **2009-2013.** Samstarfsráðherra Norðurlanda **2009-2013.** Formaður Vinstri grænna **2013.**

**FORMAÐURINN** Katrín Jakobsdóttir hefur gagnrýnt fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem var lagt fram í síðustu viku.

# Steingrímur enginn aftursætisbílstjóri

**Katrín Jakobsdóttir,** formaður Vinstri grænna, segir að ríkisstjórnin stefni leynt og ljóst að einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Hún gagnrýnir enn fremur áherslur stjórnarinnar í umhverfis- og menntamálum. Hún segir að fyrrverandi formaður flokksins sé enginn aftursætisbílstjóri.




**Höskuldur Kári Schram**
hoskuldur.schram@frettabladid.is


Katrín hefur gagnrýnt fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem var lagt fram í síðustu viku. Hún segir miður að horfið sé frá blandaðri leið tekjuöflunar og niðurskurðar sem síðasta ríkisstjórn lagði áherslu á og telur að forgangsröðunin í frumvarpinu sé ekki rétt.

„Það er fallið frá mikilvægum tekjustofnum. Sérstöku veiðigjaldi, hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu, auðlegðarskatti og orkuskatti og það er strax ráðist í skattalækkun á millitekjuþrepi. Við metum það hreinlega þannig að það sé ekki tímabært að falla frá þessum tekjustofnum,“ segir Katrín. Hún segir að ekki sé svigrúm til frekari niðurskurðar í heilbrigðis- og menntamálum. Nú þurfi tími uppbyggingar að taka við. „Markmiðið á að vera hallalaus fjárlög. Ég held að allir séu sammála um það. Við erum bara ekki sammála um leiðirnar að því markmiði. Þar horfðum við á þessa blönduðu leið tekjuöflunar og niðurskurðar og sjálfsagt eru einhverjar frekari leiðir eftir til hagræðingar. Ég held líka að menn séu ekki alveg á eitt sáttir um það hvernig við skilgreinum þessa grunnþjónustu og það er eitthvað sem við eigum eftir að taka umræðu um á þinginu.“

**Einkavæðing heilbrigðiskerfisins**

Katrín óttast að ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. „Það má lesa út úr fjárlagafrumvarpinu ákveðnar áherslur sem birtast til að mynda í stefnuplagginu þar sem mikil áhersla er lögð á breytt rekstrarform, bæði í heilbrigðisþjónustu og skólakerfi. Þarna er einkavæðingarstefnan komin mjög sterk inn þó að ekki sé búið að segja það beinlínis hvernig nákvæmlega eigi að standa að því.“

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur lýst því yfir að hann vilji skoða breytt rekstrarform þegar kemur að heilsugæslunni. Hann hefur hins vegar hafnað því að það standi til að einkavæða heilbrigðiskerfið almennt. Katrín segir að kalla verði hlutina réttum nöfnum. „Hvað kallar maður almenna einkavæðingu? Er það ekki þegar einkaaðilar taka að sér rekstur? Fá fastan þjónustusamning frá ríkinu og geta jafnvel farið að greiða sér arð út úr þeirri grunnþjónustu. Fólk er að þvæla málum þegar það segir að þetta sé ekki einkavæðing. Hvað köllum við það þegar við felum einkaaðila að sjá um grunnþjónustu og gerum honum jafnvel kleift að hagnast á þeirri þjónustu?“

**Menntamál á rangri leið**

Katrín hefur áhyggjur af stöðu menntamála og segist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með áherslur ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokki. „Mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur á sig mestan niðurskurð af öllum ráðuneytum í fjárlagafrumvarpinu. Það er 2,3 prósenta niðurskurður. Það er verið að taka stórar fjárhæðir út úr kerfinu. Það er til dæmis verið að taka 650 milljónir út úr framhaldsskólakerfinu. Á síðasta þingi ræddum við það oft í þingsal og þingmenn allra flokka voru sammála um að þarna yrði ekki gengið lengra. Í frumvarpinu er verið að fella burt fjárhæðir úr skólaþróun, innleiðingu nýrrar menntastefnu. Það er verið að taka burt liði sem eru mjög mikilvægir fyrir skólana og þeir eru ekki að fá neina aukningu í sinn grunn.“ Katrín segir að sama gildi um háskólastigið þegar kemur að framlögum á hvern nemanda. „Við erum fyrir neðan meðaltal OECD í framlögum á nemanda. Samt er fólk alltaf að kalla eftir aukinni hagræðingu á háskólastigi. Ég held að fólk átti sig ekki á því að við erum í raun að fá mjög mikið fyrir lítið á háskólastigi af því framlögin eru mjög lág á Íslandi,“ segir Katrín. Hún gagnrýnir enn fremur skerðingar á framlögum til rannsókna og nýsköpunar. „Þetta var auðvitað hluti af okkar fjárfestingaráætlun og hún miðaðist við fjölbreytta fjárfestingu í rannsóknum, nýsköpun, skapandi greinum, byggingaframkvæmdum og samgönguframkvæmdum. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þetta því þetta er eitt af því sem við höfum verið dálítið sammála um í pólitíkinni, að það þurfi að efla samkeppnissjóði á þessu sviði. Úthlutunarhlutfall í rannsóknarsjóði var komið niður í 11 prósent. Ásættanlegt er kannski 20 prósent,“ segir Katrín.

„Það þarf að hefja uppbyggingarstarf í menntakerfinu og það eru að sjálfsögðu leiðir til þess að efla gæði íslenska menntakerfisins. Ég held að það hefði verið mjög mikilvægt að fara í það starf. Við til að mynda frestuðum innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga. Gáfum skólunum meiri tíma til þess að vinna nýjar námsbrautir og þau eiga að koma til framkvæmda 2015. Ég held að það sé umhugsunarefni þegar búið er að taka í burt alla fjármuni sem áttu að fara í þetta hvert menn eru að stefna með framhaldsskólana og það sama má segja um háskólastigið sem er orðið mjög aðþrengt. Mín skoðun er sú að besta fjárfesting nokkurrar þjóðar sé í menntun og rannsóknum. Það er ekki bara mín skoðun. Ég byggi það á staðreyndum. Þegar við horfum á hvernig þeim ríkjum farnast sem fjárfesta í menntun og rannsóknum er það nánast beintengt við hagsæld þeirra ríkja.“

**Tekjustofnar ekki loftkastalar**

Katrín vísar á bug þeirri gagnrýni að fjárfestingaráætlun síðustu ríkisstjórnar hafi verið illa fjármögnuð og byggð á sandi. „Hugsunin var að nýta tiltekna tekjustofna til að fjármagna [fjárfestingaráætlunina]. Það er ekki hægt að segja að þessir tekjustofnar hafi verið loftkastalar þegar núverandi ríkisstjórn beinlínis ákveður að fella niður sérstaka veiðigjaldið og segir að það hafi verið óframkvæmanlegt. Það sem við segjum á móti er já, það voru ákveðnir hnökrar í framkvæmdinni. Við lögðum fram breytingartillögu á sumarþingi um það hvernig mætti koma til móts við þá. Þær breytingartillögur hefðu skert tekjur ríkisins um nokkur hundruð milljónir en í staðinn er þessum tekjustofni upp á tíu milljarða á þessu ári og því næsta kastað út. Það er auðvitað ábyrgðarhluti. Það gengur ekki að koma hér fram og segja að áætlunin hafi ekki verið fjármögnuð þegar búið er að taka í burtu stóran hluta tekjustofna. Vissulega er það rétt að það ríkti mikil óvissa um sölu ríkiseigna í þessari tekjuöflun en aðrir hlutar hafa verið að skila sér,“ segir Katrín.

**Afturför í umhverfismálum**

Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra hefur lýst því yfir að hann ætli að endurskoða rammaáætlun og afturkalla ný lög um náttúruvernd. Katrín segir að í þessu felist mikil afturför. „Það var mikil vinna lögð í þessi lög um náttúruvernd sem var byggð á hvítbók um náttúruvernd sem var kynnt um land allt. Það sem fólk áttar sig kannski ekki alveg á í þessari umræðu er að frumvarpið tók miklum breytingum þegar það var í vinnslu og það tók líka breytingum á þinginu. Það var komið til móts við þá gagnrýni sem hafði verið lögð fram til að mynda af þeim sem vilja fara um hálendið á vélknúnum ökutækjum og þeim sem fannst of mikil áhersla lögð á að sporna gegn ágengum tegundum og fleiru. Þannig að það var mjög margt gott í þessari löggjöf.“

Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða var samþykkt á Alþingi í byrjun árs í mikilli ósátt við núverandi stjórnarflokka. Nú stendur til að endurskoða þessa áætlun og eiga tillögur að nýrri áætlun að liggja fyrir næsta vor. Katrín telur ekki raunhæft að vinna tillögur að nýrri áætlun á svona stuttum tíma. „Við höfum alltaf lagt áherslu á það í minni hreyfingu að rammaáætlun sé þessi vettvangur þar sem hægt er að ná sátt um verndun og nýtingu. Það þýðir að rammaáætlunin sem var samþykkt á þinginu er ekki endilega draumaáætlun mín. Ég sé ekki þá þörf að virkja öll þau svæði sem þar eru sett í nýtingarflokk og hefði viljað sjá miklu meira fara upp í verndarflokk. Þetta var málamiðlun. Ég hefði viljað sjá meiri frið um vinnulag og að menn væru ekki að ýta eftir því að fá fleiri kosti inn í nýtingarflokk sem væntanlega knýr þennan hraða sem nú er búið að setja í þessa vinnu.“

**Aftursætisbílstjórar í VG**

Katrín tók við formennsku af Steingrími J. Sigfússyni, stofnanda flokksins, í febrúarmánuði síðastliðnum. Spurð hvort Steingrímur vilji enn stjórna flokknum eins og aftursætisbílstjóra sé síður segir hún svo ekki vera. „Nei, hann er ekki aftursætisbílstjóri. Við erum ólík. Saga mín í þessum flokki er allt önnur en saga Steingríms sem auðvitað stofnaði flokkinn og er órjúfanlegur hluti af honum. Þannig að við erum ólíkir formenn en Steingrímur er ekkert meiri aftursætisbílstjóri en aðrir flokksmenn. Hins vegar eru nánast allir félagar í VG nokkurs konar aftursætisbílstjórar,“ segir Katrín og hlær.

**visir.is**

Viðtalið við Katrínu Jakobsdóttur er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin** á visir.is.

# 25%



## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM playmobil LEIKFÖNGUM

12.-13. október

Tilboðin gilda 12.-13.10.2013. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

Toys R us®

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

## LÖGLEGAR LEIÐIR TIL AÐ NÁLGAST HÖFUNDARRÉTTARVARIÐ EFNIÐ Á STAFRÆNAN HÁTT




# Löglegu leiðirnar eru fjölmargar

Í umræðu um ólöglegt niðurhal hefur því oft verið borið við að erfitt sé að nálgast efnið á löglegan hátt. Menntamálaráðherra tók undir það í nýlegri ræðu. Samtök rétthafa telja hins vegar til á vef sínum ýmsar leiðir til að nálgast efni á auðveldan og löglegan hátt.



Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

Réttindi listafólks og höfundarréttareigenda hafa verið mikið í deiglunni hér á landi síðustu vikur eftir að nokkur samtök rétthafa hér á landi kröfðust þess að íslensku fjarskiptafyrirtækin myndu loka fyrir aðgengi að tveimur skráaskiptasíðum, thepiratebay.se og deildu.net, með lögbanni. Með milligöngu þessa síðna hafa notendur getað skipst á skrám og halað niður án endurgjalds og þar af leiðandi án þess að þeir sem sömdu tónlistina, skrifuðu bækurnar eða gerðu kvikmyndirnar fái nokkuð fyrir sinn snúð.

Þessi umræða hefur þó verið við lýði í alllangan tíma. Jafnvel fyrir tíma internetsins litu margir tónlistarútgefendur á hljóðsnældur sem ógn við afkomu tónlistariðnaðarins.

### Skiptar skoðanir á tölvuöld

Aðgengi að internetinu varð sífellt almennara á Vesturlöndum eftir því sem leið á tíunda áratug síðustu aldar og með betri og hraðari tengingum fór fólk að deila milli sín gögnum. Fyrsta stóra málið sem sneri að meintum brotum á höfundarréttarlögum var Napster-málið. Það forrit, sem kom fram á sjónarsviðið árið 1999, var brautryðjandi í því að gera netnotendum kleift að deila með sér skrám án þess að þær þyrftu að vera geymdar á miðlægum stað.

Napster fékk bandaríska tónlistariðnaðinn upp á móti sér af fullum þunga og svo fór á endanum að þjónustan lagði upp laupana árið 2001, en þá hafði tónninn verið gefinn.

Allt síðan þá hafa rétthafar barist við ólöglega dreifingu og niðurhal efnis, sem þeir segja að hafi stórskaðað hagsmuni tónlistarfólks. Frá því að Napster var og hét í sinni fyrstu mynd (Napster er nú hluti af Rhapsody.com) hefur stafræna byltingin haldið áfram og er nú samofnari daglegu lífi fólks en flestir hefðu getað gert sér í hugarlund um síðustu aldamót.

Lengi vel var almennt viðkvæði að útgáfuiðnaðurinn, hvort sem um var að ræða tónlist, kvikmyndir eða bækur, hefði verið of lengi að bregðast við breyttum aðstæðum. Hann hefði verið of seinn til að breyta áherslum sínum á meðan tæki og tól tóku að bjóða upp á sífellt fleiri möguleika en áður til að nálgast afþreyingarefni á stafrænu formi eftir leiðum sem stangast á við lög.

Á nýlegri ráðstefnu um vernd höfundarréttar sem haldin var hér á landi gerði Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra þetta að umtalsefni og sagði rétthafa hafa eytt meiri tíma í að berjast gegn ólöglegri dreifingu en að kynna þær leiðir sem í boði eru til að nálgast efni með löglegum hætti. Þá hefðu margir stærstu dreifingaraðilanna, líkt og Netflix og iTunes, ekki sýnt íslenskum markaði áhuga en þó væri að rofa til í þeim efnum, meðal annars með tilkomu Spotify og álíka aðila hér á landi síðustu mánuði. Netflix og iTunes hafa þó notið vinsælda hér á landi síðustu misseri, en þrátt fyrir að notendur greiði sannarlega fyrir efnið sem þeir nota er það ekki löglegt.

Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs, segir málið snúast um að veiturnar hafi ekki samið við rétthafa hér á landi. Þá starfi þau einnig í öðru, mögulega hagstæðara umhverfi og skili ekki sköttum hér á landi þrátt fyrir að eiga hér viðskipti.

„Þetta setur innlendar efnisveitur í erfiða samkeppnisstöðu, en hins vegar hefur ekki staðið á okkur að semja við þá. Til dæmis höfum við rætt við iTunes og þeim bjóðast sambærilegir skilmálar hér og annars staðar á Norðurlöndum. Þetta snýst hins vegar að nokkru leyti um smæð markaðarins hér og að þeir eru líka að hefja þjónustu í mörgum öðrum löndum um þessar mundir.“

Á vef sem samtök rétthafa hér á landi hleyptu af stokkunum í upphafi árs, tonlistogmyndir.is, eru þó tíundaðar leiðir til að kaupa sér efni eða njóta án endurgjalds. Meðal annars má nefna efnisveitur fjarskiptafyrirtækjanna sem dreifa kvikmyndum og sjónvarpsefni, sem og OZ-appið og Sarpinn á vef RÚV. Í gegnum Spotify, Tónlist.is (sem er í eigu 365 miðla eins og Fréttablaðið) og Gogoyoko má svo hlusta á milljónir laga í áskrift eða ókeypis, auk þess sem sífellt fleiri listamenn og útgáfur halda úti eigin vefsíðum þar sem hægt er að kaupa efni. Loks eru bókaútgáfur, bókaverslanir og fleiri farnir að bjóða upp á rafbækur á netinu.



**LAUMUSPIL** *Skráaskipti fóru að ryðja sér til rúms rétt fyrir síðustu aldamót. Í könnun sem gerð var hér á landi árið 2011 kom fram að einungis þriðjungur þeirrar tónlistar sem fólk á aldrinum 16 til 24 ára nær sér í er sóttur eftir löglegum leiðum.*

### Tvíþættur vandi

Næsta víst er að þess verður langt að bíða að sátt náist um þessi mál milli þeirra sem sjá ekki glæpinn í því að sækja efni og deila með öðrum án þess að til komi greiðsla, og líta jafnvel á takmörkun á slíku sem aðför að tjáningarfrelsi, og þeirra sem gæta hagsmuna listafólksins sem býr til efnið.

Menntamálaráðherra gat þess einnig í fyrrnefndri ræðu að til framtíðar væri brýnt að finna milliveg þar sem jafnvægi næðist milli hagsmuna rétthafanna og neytenda.

Vandamálið fælist annars vegar í því að hingað til hefðu rétthafar ekki gert nóg til að vekja athygli á löglegu leiðunum og hins vegar í þverrandi virðingu fyrir höfundarrétti þar sem heil kynslóð væri nú að vaxa úr grasi jafnvel án þess að hafa nokkru sinni greitt fyrir efni. Þar væri þörf á vitundarvakningu og boðaði ráðherra átak í þeim efnum.

## „Tímarnir eru að breytast og þetta er framtíðin“



**ÖRN ELÍAS GUÐMUNDSSON – MUGISON**

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, er ekki bara einn vinsælasti og söluhæsti tónlistarmaður landsins heldur líka einn af frumkvöðlum þess að selja eigin tónlist á netinu.

„Ég hafði staðið í þessu í einhverri mynd áður en svo var það árið 2006 eða þar um bil að ég hitti frænda minn, sem var nýútskrifaður forritari, og fékk hann til að búa til síðu fyrir mig þar sem ég gat selt plöturnar mínar. Síðan þá hefur þetta gengið afar vel, bæði Mugiboogie og sérstaklega Haglél.“

Örn segist sjálfur kaupa mikið af tónlist á netinu, til dæmis í gegnum iTunes og beint af listamönnum. „En ég kaupi varla geisladiska í dag. Ég er til dæmis ekki einu sinni með diskadrif í tölvunni minni, þannig að tímarnir eru að breytast og þetta er augljóslega framtíðin, hvað sem manni svo finnst um veitur eins og iTunes og Spotify.“

Thom Yorke, söngvari Radiohead, hefur síðustu misseri verið óspar á gagnrýni á Spotify, þar sem honum finnst tónlistarfólk ekki fá sanngjarna hlutdeild af ágóðanum. Örn segir þetta vera álitamál sem hægt væri að ræða í þaula en hann fagnar þó gagnrýninni.

„Það er frábært að heyra menn eins og Yorke sem hafa nokkra vigt í þessum bransa rífa kjaft. Miðað við það sem ég hef lesið um Spotify er það alveg glatað og ekki séns að maður sjái þarna pening fyrir vinnuna sína en ef þú kaupir hins vegar beint af mér eða öðrum tónlistarmönnum fáum við peninginn sjálfir og getum haldið áfram að búa til tónlist.“

Hann bætir því við að hann hafi skilning á því að mörgum þyki ekkert tiltökumál að fara inn á síður eins og Pirate Bay til að sækja tónlist án þess að borga fyrir hana eða hlusta á tónlist á YouTube, sem greiðir íslensku tónlistarfólki ekkert, en það sé líka tónlistarmannsins að laga sig að breyttu umhverfi og fjölga löglegu valkostunum og gera þá aðgengilegri.

En erum við þá á réttri leið?

„Þetta er allt í áttina. Tónlist.is hefur verið lengi til og oft gert frábæra hluti, fyrst og fremst með því að bjóða upp á svona mikið af íslenskri músík. Eftir að ég kom mér svo upp áskrift að iTunes hef ég verið að kaupa mér endalaust af tónlist fyrir mig og teiknimyndum fyrir krakkana einfaldlega af því að það er svo auðvelt.“

Örn segist meðvitaður um að þessi leið sé ekki beint lögleg en það yrði til bóta ef fleiri stórar veitur eins og iTunes væru í boði hér á landi.

„Ef það er eitthvað sem mætti einmitt bæta hér á landi væri það að leysa þessi mál.“

## ➜ Helmingi ungs fólks sama um niðurhal

- Fjórir af hverjum fimm Íslendingum á aldrinum 16 til 19 ára sögðust í viðhorfskönnun 2011 telja siðferðilega rétt að listamenn og rétthafar fengju greitt fyrir notkun fólks á höfundaverkum þeirra. Hins vegar taldi helmingur sama hóps það vera í lagi eða stöð á sama um hvort innlend tónlist væri sótt á netið án þess að greitt væri fyrir hana.
- Fjórði hver netnotandi í heiminum notar reglulega tónlistarsíður sem brjóta á höfundarrétti.

*Heimild: tonlistogmyndir.is*


Til eflingar geðheilsu
Kæru Íslendingar
Munið að stilla á RÚV í kvöld
kl. 20:40
SÖFNUNARTÓNLEIKAR
ÞÚ GETUR
á RUV laugardagskvöld
Hönnuður: Sigríður Anna Garðarsdóttir Ljómyndun: Ragnheiður Arngrímsdóttir
SÖFNUNARSÍMANÚMER
9071901 = 1000 krónur
9071903 = 3000 krónur
9071905 = 5000 krónur
KOMIÐ YKKUR VEL FYRIR Í SÓFANUM
og njótið söfnunartónleika ÞÚ GETUR sem skarta mögnuðu tónlistarfólki, viðtölum við styrkþega, ásamt ávarpi Vigdísar Finnbogadóttur um geðheilsu.
Um Forvarna- og fræðslusjóðinn ÞÚ GETUR! má sjá upplýsingar á www.thugetur og á Facebook.
Þú getur!
Forvarna-og fræðslusjóður

# AÐ FINNA AMERÍKU EN VILJA HELDUR GRÆNLAND

FLÆKJUSAGA



**Illugi Jökulsson** hitti leigubílstjóra frá Fílabeinsströndinni sem vissi það eitt um Ísland að þar höfðu menn logið til um nafnið á landinu.

Í sumar fór ég með syni mínum ungum í tæpra tíu daga heimsókn á Manhattan og þegar tími var kominn til að snúa til baka ákvað ég að spandéra í leigubíl út á John F. Kennedy-flugvöll þar sem vélin heim til Íslands beið. Þetta er svona hálftíma ferð. Bílstjórinn var kátur og glaður og alveg passlega skrafhreifinn, hann talaði dálítið slitrótta ensku enda sagðist hann aðeins hafa verið í Ameríku í nokkur ár, en gat þó ljómandi vel gert sig skiljanlegan. Hann reyndist vera frá Fílabeinsströndinni og varð hæstánægður þegar ég kvaðst kannast við það land. Og ekki minnkaði ánægjan þegar hann uppgötvaði að ég þekkti bæði Didier Drogba og Salomon Kalou, að ekki sé minnst á Toure-bæðurna Kolo og Yaya. En ef einhver skyldi nú vera svo lítt menntaður að þekkja ekki þessi merku nöfn, þá eru þetta máttarstólpar í sterku fótboltalandsliði Fílabeinsstrandarinnar. Bílstjórinn spurði síðan hvaðan við værum og þegar við upplýstum það gaf hann til kynna að hann vissi fullvel hvar Ísland væri á heimskringlunni. Hann þekkti að vísu greinilega ekki til íslenska landsliðsins í fótbolta, og hafði ekki á hraðbergi nöfnin á Gylfa eða Eiði Smára – þótt það standi væntanlega til bóta næsta sumar þegar Ísland, Bandaríkin og Fílabeinsströndin mætast vonandi öll í sama riðlinum á HM í Brasilíu. En þó vildi hann sýna að hann þekkti eitthvað til Íslands og rak þá upp skellihlátur og sagði: „Heyrðu já, Ísland. Það er grænt, er það ekki? En Grænland aftur á móti, það er hulið ís!“

### Kuldalegt nafn

Og svo furðuðum við okkur báðir á því nokkra stund hvílíkt misræmi í nafngiftum þetta hefði verið, hann hafði heyrt af því kænskubragði Eiríks rauða (sem hann þekkti þó ekki með nafni) að skíra nýfundið íslandið Grænland beinlínis í þeim tilgangi að lokka þangað landnema. En af hverju hið græna Ísland hefði hlotið svo kuldalegt nafn, það átti hann að vonum erfitt með að skilja. Ég skal viðurkenna að ég nennti ekki að segja honum lygasöguna um Hrafna-Flóka og menn hans uppi á fjallinu, enda sýndist mér þetta vera alltof skynugur maður til að trúa svo aumlegri vitleysu. Og tókum við svo upp léttara hjal þar til sást bregða fyrir heimilislegu stélinu á Icelandair-vélinni í fjarska og tími var kominn til að beygja út af hraðbrautinni.

## FERÐIR HINNA HRAUSTU VÍKINGA




Áður en lengra er haldið – sagan um Hrafna-Flóka á fjallinu. Hún er þannig í Landnámu að Flóki og menn hans, sem fyrstir höfðu vetursetu á hinu nýfundna landi, þeir gengu upp á fjall um miðjan vetur og sáu þá niður í fjörð og sáu þar hafís og varð þá að orði að best væri að kalla landið Ísland. Þessi saga er auðvitað þjóðsaga sem á enga stoð í veruleikanum en vel má svo-sem vera að einhverjir þeirra sem fyrstir komu hingað hafi nefnt landið eftir jöklum sem hér voru, þótt þeir væru vissulega mun minni á hinni svonefndu landnámsöld en löngum síðar.

### Ævintýraþrá og dirfska

Mín eigin kenning á uppruna nafnsins er sú að eftir að rómversk skip, sem komu frá Spáni, hröktust hingað á þriðju eða fjórðu öld eftir Krist og sneru síðan til baka í menninguna, þá hafi fræðimenn að frásögn sjómannanna merkt ónefnda eyju inn á kort sín og þar hafi endað orðið „Isla“ sem þýðir auðvitað bara eyja á spænsku. Eftir að einhverjir norrænir menn, vísast munkar, komust í kortin fannst þeim svo eðlilegt – annaðhvort af ásetningi eða misskilningi – að bæta norrænni endingu aftan við og þannig varð til „Ísland“. En þessi kenning er auðvitað bara upp á grín, ég hef ekki einu sinni haft fyrir því að kanna hvenær latneska (rómverska) orðið yfir eyju breyttist úr „insula“ í „isla“ á spænsku og hvort það gæti á einhvern hátt farið saman við riss fræðimanna af eyju úti í Atlantshafi einhvern tíma á öldunum fyrir landnám þegar Spánn var laus úr tengslum við Rómaveldi.

En víkur þá aftur sögunni að vini mínum frá Fílabeinsströndinni – mér fannst óneitanlega forvitnilegt að hann skyldi kunna skil á þessu merkilega PR-i landsnámsmanna bæði Íslands og Grænlands. Ég varð nefnilega var við það í tvö önnur skipti í þessari stuttu Ameríkuferð, að þetta var það fyrsta sem menn höfðu orð á þegar þeir uppgötvuðu að þeir stóðu andspænis Íslendingi. Þetta bráðsnjalla og þó óneitanlega heldur lágkúrulega blöff með sjálft nafnið á landinu sínu.

Ég komst ekki til að spyrja neinn af þeim Ameríkönum sem höfðu orð á þessu við mig hvaðan þeir hefðu þennan samtaka fróðleik. Fyrst ímyndaði ég mér að þetta væri kannski einhver svona „skemmtileg staðreynd“ í bandarískum landafræðibókum fyrir börn og væri þá, eins og slíkum staðreyndum er títt, það eina sem eftir situr þegar allur raunverulegur fróðleikur um staðhættu á Norður-Atlantshafi er gufaður upp úr minninu. En það gat ekki verið í tilfelli bílstjórans, hann var tiltölulega nýkominn til Ameríku og hefur þá verið rígfullorðinn og ekki legið í skólabókum barnaskólans. Svo ég hef á þessu enga skýringu en varpa þessu fram til fróðleiks fyrir þá sem annast landkynningu – þetta er kannski óplægður akur: „Komið og sjáið PR-stöntið mikla, komið og sjáið þjóðina sem laug til um nafnið á landinu sínu.“

> **Og má segja að þar hafi lítið lagst fyrir hina miklu víkinga, sem ráðist höfðu fáliðaðir inn í helstu stórveldi Evrópu, að þeir skyldu nú hopa á hæli frá sjálfri Ameríku, stærsta tækifæri lífs síns, undan lítt brynjuðum innfæddum veiðimönnum.**

Ekki varð ég var við að þeir sem yfirleitt fundu hjá sér þörf til að ræða við mig um heimaland hefðu áhuga á öðru en þessu. Þeir fóru til dæmis aldrei að tala um að Íslendingar hefðu fundið Ameríku, eins og við hér erum svo stolt af – eða vorum að minnsta kosti til skamms tíma. Núorðið blasa nefnilega við tvær spurningar: í fyrsta lagi, er rétt að tala um að þeir norrænir sem fundu lönd á meginlandi Norður-Ameríku geti með góðu móti talist Íslendingar, og í öðru lagi, var það í rauninni svo hrósvert að finna Ameríku en láta hjá líða að nema hana?

Látum þá fyrri liggja milli hluta. En hvað þá seinni varðar, þá er það löngum haft til marks um ævintýraþrá og dirfsku norrænna víkinga að hafa siglt yfir allt hið mikla Norður-Atlantshaf og fundið Ameríku fyrstir Evrópumanna (svo staðfest sé). En hvernig var þá komið fyrir þeirri ævintýraþrá og þeirri dirfsku þegar hinir norrænu víkingar sneru frá meginlandinu sem þeir höfðu fundið – og skipaviður var þó hvarvetna og kannski var svo blómlegt að þeir lásu vínber af þrúgum, og kannski komust þeir alla leið suður til Manhattan, þar sem ég get staðfest af eigin reynslu að er verulega búsældarlegt á sumrin – hvernig var þá komið fyrir þeim ef þeir sneru frá þessu öllu og kusu heldur að hokra undir jöklunum á Grænlandi, með djúpri virðingu fyrir því merkilega landi?

### Dauðinn beið byggðarinnar

Ljóst er af heimildum að norrænir menn hafa farið allvíða um austurströnd Kanada en ekki verður betur séð en fjandsamleg samskipti við „skrælingja“ hafi orðið til þess að þeir hættu við tilraun til landnáms. Og má segja að þar hafi lítið lagst fyrir hina miklu víkinga, sem ráðist höfðu fáliðaðir inn í helstu stórveldi Evrópu, að þeir skyldu nú hopa á hæli frá sjálfri Ameríku, stærsta tækifæri lífs síns, undan lítt brynjuðum innfæddum veiðimönnum. Athyglisvert er reyndar – prófið að sannreyna það – að þótt í íslenskum bókum sé margoft sagt berum orðum að Íslendingar hafi fundið Ameríku, þá eru það jafnan einhverjir óskilgreindir „norrænir menn“ sem hættu við landnámið. En kannski hafa þeir ágætu norrænu menn sem stóðu í fjörunni á meginlandi Norður-Ameríku og þurftu að ákveða hvort þeir ættu að fara eða vera, kannski hafa þeir einmitt verið farnir að trúa svo sínum eigin áróðri um að Grænland væri með blómlegri svæðum á hnettinum, og þess vegna snúið heim.

Þar sem dauðinn beið byggðarinnar fáeinum öldum síðar.

En ef þeir hefðu nú haft enn þá bein í nefinu og ekki farið, heldur setið um kyrrt? Hefði þá orðið til norrænt ríki í Ameríku, sem hefði þá náttúrlega óhjákvæmilega heitið eitthvað allt annað? Og hefði vinur minn frá Fílabeinsströndinni þá farið að baksa við að læra einhvers konar íslensku þegar hann kom frá Afríku? En ekki vitað það eitt um upprunaland þess tungumáls að þar reyndu menn að svindla á nafninu sínu.

nú loksins á Akureyri



Stærðir
70x100
100x140
Margar gerðir af barnarúmfatnaði, frá 2.990 kr

LAGERSALA
Laugardag & sunnudag

Burstapoki
áður 1.990 kr, nú 990 kr
Takmarkað magn



Smávara fyrir heimilið og þig

40-80% afsláttur
Barnarúmföt, dúkar löberar, rúmfatnaður stór rúmföt og fleira.

Reykjavík: **Laugavegi 178**
Opið laugardag & sunnudag 11-16
Akureyri: **Glerártorgi**
Opið laugardag 10-17
& sunnudag 13-17

Lín DESIGN

Lagersala Lín Design Laugavegi 178 & Glerártorgi

# MYNDAVÉLARÝMING
# AÐEINS Í DAG - OPIÐ 11-16!

Rýmum fyrir nýjum vélum og bjóðum því myndavélar og tökuvélar með miklum afslætti. Mjög takmarkað magn!



JVC CASIO Nikon OLYMPUS Panasonic

## VERÐ FRÁ KR. 9.990

**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR**

Flöss, linsur, sjónaukar og aðrir myndavélaaukahlutir með 15% afslætti!

TAKMARKAÐ MAGN - FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**EMIL ALLUR Í EINNI BÓK!**

**Emil í Kattholti er ein ástsælasta sögupersóna Astrid Lindgren. Nú eru allar sögurnar um Emil komnar út á einni bók í frábærri þýðingu Vilborgar Dagbjartsdóttur.**

FÆRT TIL **BÓKAR**



## Pabbinn í Evrópu

Bókin Pabbinn eftir **Bjarna Hauk Þórsson,** sem er væntanleg hjá Sölku um næstu mánaðamót, er þegar komin út í Þýskalandi og hafa viðtökur verið góðar. Bókin er byggð á leikritinu Pabbinn sem hefur verið sýnt í um tuttugu löndum og var nú síðast frumsýnt bæði í Svíþjóð og Tékklandi um síðustu mánaðamót.



## Uppgjör við ofbeldi

Dísusaga nefnist ný bók **Vigdísar Grímsdóttur** sem kemur út á næstu dögum. Sagan er skáldævisaga þar sem Vigdís greinir frá ofbeldi sem hún var beitt í æsku og gerir upp afleiðingar þess allt fram á þennan dag. Sagan er skrifuð af Dísu Gríms, öðru sjálfi skáldkonunnar sem lesendur hafa ekki fengið að kynnast fyrr.

## Ljóð eru svo mikilvæg fyrir tungumálið



Út er komið ljóðasafnið Undir vernd stjarna, ljóð frá ýmsum heimshornum sem **Jón Kalman Stefánsson** valdi og þýddi. Höfundarnir eru átján, fimmtán karlar og þrjár konur, fæddir á bilinu 1891 til 1953.

„Þetta eru ljóð sem ég hef hrifist af í gegnum tíðina,“ segir Jón. „Mér finnst ekkert mikilvægara fyrir tungumálið og bókmenntirnar en góðar ljóðaþýðingar og hef hrifist mjög af þýðingum manna eins og Jóhanns Hjálmarssonar og Gyrðis Elíassonar, þannig að ég ákvað að leggja mitt lóð á vogarskálarnar.“

Jón segist hafa byrjað að þýða eitt og eitt ljóð fyrir nokkrum árum en fyrir tveimur árum hafi hann farið að takast á við þau af meiri alvöru með útgáfu í huga. En er hann alveg hættur að yrkja sjálfur? „Já, það hef ég ekki gert í tuttugu ár,“ segir hann. „Sú gáfa var alveg tekin frá mér en ég næri ljóðskáldið í mér með þýðingunum.“ **- fsb**

# Hvorki glæpasaga né ástarsaga og þó

Glæpurinn: ástarsaga er ný bók Árna Þórarinssonar sem kemur út á þriðjudag. Þrátt fyrir nafnið segir Árni söguna falla undir hvoruga skilgreininguna.



**ÁRNI ÞÓRARINSSON**

„Þetta er saga sem fjallar um afdrifaríkan sólarhring í lífi reykvískrar fjölskyldu í samtímanum, en teygir anga sína aftur til fortíðar,“ svarar Árni véfréttarlegur þegar spurt er um efni nýju bókarinnar. „Það er þarna glæpur, kannski fleiri en einn, og það er þarna ást en sagan fellur þó hvorki inn í hið hefðbundna form glæpasagna né ástarsagna.“

Og Einar vinur okkar blaðamaður er fjarri góðu gamni? „Já, það er nú þannig þegar maður er að skrifa að hugmyndirnar koma til manns óumbeðnar og þessi hugmynd féll hvorki að formi glæpasögunnar né tengdist hún Einari á nokkrum hátt. Hann er þó alls ekki dáinn, bíður þolinmóður á hliðarlínunni og á eflaust eftir að birtast aftur.“ **- fsb**



**FAGNAR** Bjarki segir það gleðja sig mest við verðlaunaveitinguna að hið hefðbundna ljóðform skuli hljóta uppreisn æru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


# LAGERSALA

## Laugardag & sunnudag



**Stærðir** 140x200, 140x220 200x200 & 220x200

Rúmföt - margar gerðir og stærðir



50% afsláttur

Baðhandklæði

Stærð 70x140

**1.990 kr**

Mikið úrval af hágæða handklæðum

**40-80% afsláttur**

Rúmföt, handklæði barnavörur, púðar dúkar, löberar og fleira

Reykjavík: **Laugavegi 178**

Opið laugardag & sunnudag 11-16

Akureyri: **Glerártorgi**

Opið laugardag 10-17 & sunnudag 13-17

Lín DESIGN

Lagersala Lín Design Laugavegi 178 & Glerártorgi


# Það er alltaf skemmtilegra að vera á móti

Bjarki Karlsson hlaut í fyrradag bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðabókina Árleysi alda. Þar yrkir hann undir hefðbundnum bragarháttum og segist hafa orðið steinhissa á að dómnefndin skyldi kunna að meta það.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Það sem mér þykir vænst um við þessa niðurstöðu dómnefndarinnar er að hún skuli taka þessa sígildu íslensku bragarhætti í sátt,“ segir Bjarki. „Þeir hafa um alllangt skeið verið settir til hliðar í bókmenntaumræðunni og þeir sem setja saman ljóð verið flokkaðir í skáld og hagyrðinga eftir því hvort þeir nota hefðbundið form eða ekki og það hefur þótt ófínna að vera hagyrðingur en skáld. Því hefur verið haldið fram að þegar menn halda svona mikilli tryggð við formið nái þeir ekki að segja það sem skiptir máli og þyrfti að segja en mín reynsla er alveg öfug. Það að þurfa að aga málið við formið kallar á að maður fari yfir það sem maður skrifar aftur og aftur. Bara eins og þegar maður er að skrifa sögu eða bréf verður það alltaf betra eftir því sem maður fer oftar yfir það, strikar út og skrifar upp á nýtt. Formið neyðir mann svolítið til að gera það og neyðir mann til að hugsa upp á nýtt og mér finnst ég ná að segja miklu meira svoleiðis en þegar ég nota ekki hefðbundið form.“

### Afi og Rauður

Þannig að frasinn um að ljóð með hefðbundnum bragarhætti yrki sig sjálf á ekki við rök að styðjast? „Nei, ég held að það hafi verið andsvar þeirra sem komu fram með óhefðbundna ljóðið og mættu gríðarlegum mótbyr. Þeir þurftu einhvern veginn að svara fyrir sig. Hitt er aftur annað að það er auðvitað hægt að yrkja mjög fín ljóð óbundið, þetta eru bara tvær aðferðir og þær þurfa ekkert að vera í stríði hvor við aðra.“

Snúum okkur að ljóðunum í bókinni. Hví er afi á honum Rauð þér svona hugleikinn? „Þetta er nokkurs konar háttatal eins og oft hafa tíðkast og ég valdi bara þetta viðfangsefni af handahófi. Þarna glími ég við ýmsa bragarhætti sem komið hafa fram í gegnum bókmenntasöguna en nota þessa sögu sem kemur fram í stökunni frægu um afa á honum Rauð og endursegi hana í þessum bragarháttum um leið og ég reyni að fylgja orðfæri og stíl skáldanna sem nefnd eru til sögunnar. Það er þó aldrei hægt að endursegja neitt án þess að bæta við söguna, þannig að þrátt fyrir allt er einhver undirtónn í þessu, ekki bara nýir hættir.“

### Speglar tíðarandann

Þetta er upp til hópa heimsósómakveðskapur hjá þér, þér liggur mikið á hjarta í sambandi við ástand heimsins? „Ja, það er alltaf skemmtilegra að vera á móti en ég hefði kannski átt að bæta við einhverjum frasa í inngangin í þá veru að þær skoðanir sem koma fram í bókinni séu ekki endilega höfundar. Hins vegar leitaðist ég við að endurspegla þá strauma sem ég heyri í kringum mig og þann anda sem mér finnst ríkja í þjóðfélagsumræðunni.“ Það er líka töluverður femínismi í þessum ljóðum, ertu femínisti? „Það hljóta allir að vera það. Mér skilst að skilgreiningin á femínisma sé að finnast jafnrétti kynjanna ekki vera náð og vilja gera eitthvað í því og samkvæmt þeirri skilgreiningu er ég klárlega femínisti.“

Meðal þess sem er að finna í bókinni er stórskemmtileg þýðing þín á textanum við Evróvisionlagið Is it true, er hægt að syngja þennan texta við lagið? „Nei, nei, þetta er ekki ort við lagið. Þetta er bara undir ferskeyttum hætti og hugsunin var sú að koma efninu til skila. Kannski svolítið bókstafleg þýðing, baby verður ungbarn og svo framvegis. Svo hnýti ég utan um textann, eins og er alltaf gert í rímum, mansöngur á undan og botnað með tveimur vísum sem draga þetta saman í lokin þar sem ég líki frammistöðu Jóhönnu Guðrúnar við kaflann í Egilssögu þar sem hann hefur lokið við að flytja Höfuðlausn: hið besta var kvæðið framflutt.“

### Ekki heildstætt verk

Þú hefur greinilega mjög gaman af því að taka annarra manna texta og vinda upp á hann? „Já, ég hélt að ég gerði of mikið af því til þess að þetta myndi nokkurn tímann fá náð fyrir augum dómnefndarinnar, en þetta hefur alla tíð verið tíðkað. Menn hafa verið með vísanir hver í annan í gegnum söguna eða tekið danskvæði og þulur og bundið inn í sína bragarhætti.“

Og þú áttir alls ekki von á því að fólk kynni að meta þetta, segirðu? „Ég bjóst ekki við að þetta hlyti náð fyrir augum dómnefndar, nei. Ég tek mig ekki mjög alvarlega og átti ekki von á að það ætti upp á pallborðið í alvarlegri keppni, en það átti það greinilega. Ég hef verið að skoða umsagnir dómnefndar um verðlaunabækur undanfarinna ára og þar er gjarnan talað um heildstæða mynd eða mikla einlægni í bókunum, sem er auðvitað bara frábært, en ég lagði kannski minna upp úr því og það kemur svona út.“









Í þjónustukjarnanum í Furugerði fer vel um heimilisfólkið sem nýtur daganna með ýmsu móti; með söng, dansi, samveru og föndri.

# Aldursvæn, aðlaðandi og hentug

**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar** býður eldri borgurum margvíslega þjónustu, bæði heima og að heiman. Eldri borgarar geta leitað ráðgjafar á sex þjónustumiðstöðvum í borginni þar sem lagt er mat á þjónustuþörf og ræddar leiðir til aðstoðar og stuðnings.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd þjónustu við aldraða í Reykjavík. Aldraðir íbúar borgarinnar geta leitað á sex þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar eftir upplýsingum um þjónustu, ráðgjöf, aðstoð og stuðning.

Áhersla er lögð á að aldraðir geti búið sem lengst á heimilum sínum og fengið þangað þjónustu við hæfi hverju sinni, svo sem félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun eða heimsendan mat. Akstursþjónusta er í boði fyrir þá sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur og hafa ekki aðgang að eigin farartæki.

Reykjavíkurborg rekur einnig fjölda starfsstaða fyrir aldraða víðs vegar um borgina, meðal annars félagsmiðstöðvar þangað sem aldraðir geta sótt félagsstarf, fengið hádegismat og fleira, tvær dagþjálfanir og fjölda þjónustuíbúðakjarna fyrir aldraða sem eru metnir í meiri þörf fyrir stuðning og aðstoð en hægt er að veita í heimahúsum án þess að þörf sé á hjúkrunarheimili. Einnig rekur borgin tvö hjúkrunarheimili.

Hjá Reykjavíkurborg starfar öflugur hópur fagfólks, svo sem hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar og sjúkraliðar. Með þeim veita félagsliðar og ófaglærðir starfsmenn öldruðum íbúum borgarinnar mikilvægan stuðning dag hvern.

## Aldursvæn og aðlaðandi

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt metnaðarfulla þjónustustefnu fyrir aldraða sem nær til ársins 2017. Velferðarráð leggur áherslu á að Reykjavíkurborg sé aðgengileg, aðlaðandi og hentug borg fyrir aldraða. Lögð er áhersla á forvarnir, gæði þjónustu, sjálfstæða búsetu og fjölbreytta búsetumöguleika og að haft sé samráð um þróun þjónustunnar við notendur hennar og félag eldri borgara. Einnig er lögð áhersla á ráðgjöf og stuðning við aðstandendur sem oft gegna lykilhlutverki í þjónustu við aldraða og að störf í þjónustu við aldraða á vegum borgarinnar séu álitin eftirsóknarverð.

## Til hagsbóta fyrir aldraða

Í Reykjavík er starfandi þjónustuhópur aldraðra sem hefur það verkefni að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og gera tillögur um samhæfingu og þróun þjónustunnar. Hópurinn á jafnframt að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast, kynna öldruðum þá þjónustukosti sem í boði eru og fjalla um hugmyndafræðilega þróun til hagsbóta fyrir aldraða.

## Nýr valkostur í Seljahlíð

Reykjavíkurborg leggur sig fram um að þróa þjónustu og mæta þörfum og óskum íbúa eins og kostur er. Sem dæmi má nefna samstarf við velferðarráðuneytið, enundanfarin misseri hefur verið unnið að því að koma á tilraunaverkefni í Seljahlíð þar sem borgin rekur þjónustuíbúðir og hjúkrunardeild. Markmið verkefnisins er bætt þjónusta og fjárhagslegt sjálfstæði. Um er að ræða nýja nálgun sem felur í sér að íbúar í þjónustuíbúðum Seljahlíðar þurfa ekki að flytja séu þeir metnir í þörf fyrir hjúkrunarrými, heldur geta í staðinn fengið hjúkrunarheimilisþjónustu heim til sín.

# *Heimilislegt andrúmsloft*

„Droplaugarstaðir eru heimili íbúanna og andrúmsloftið heimilislegt og gott,“ segir Ingibjörg Ólafsdóttir, forstöðumaður hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða. Þar koma íbúar sér fyrir á fallegum einbýlum með eigin húsgögn og taka á móti gestum heima, auk þess sem nánustu aðstandendur hafa lykla að húsinu.



Ingibjörg Ólafsdóttir. MYND/ARNÞÓR

„Í dag kemur fólk inn á hjúkrunarheimilin veikara en áður og því eru læknar og hjúkrunarfólk á vakt allan sólarhringinn. Hvarvetna er heimilisfólkið umvafið hlýju, natni og kærleika og starfsfólkið er einfaldlega frábært, mjög fært og einstaklega ljúft í viðmóti,“ segir Ingibjörg um starfsmenn Droplaugarstaða sem eru 150 talsins.

„Hér er öflug sjúkra- og iðjuþjálfun og eftir hrunið hefur orðið aukning í þjónustu félagsstarfsins. Við viljum að íbúar fái notið lífsins og bjóðum reglulega upp á tónlistarflutning, söng, upplestur og föndur, með virkri þátttöku heimilisfólksins,“ segir Ingibjörg.

Á Droplaugarstöðum búa íbúarnir til æviloka.

„Við veitum lífslokameðferð síðustu daga lífsins og íbúarnir fá að kveðja jarðvistina í sínu eigin umhverfi með sínum nánustu.“

# *Til staðar fyrir aldraða*

„Gæði, öryggi og sveigjanleiki eru aðalsmerki heimaþjónustunnar,“ segir Berglind Magnúsdóttir, forstöðumaður Heimaþjónustu Reykjavíkur. Heimaþjónusta felst í aðstoð við heimilishald aldraðra og athafnir daglegs lífs í heimahúsi, heimahjúkrun, innliti, eftirliti og umsýslu.

Berglind segir áskoranir heimaþjónustunnar margar.

„Fyrst og fremst viljum við gera okkar elstu og veikustu íbúum kleift að búa heima eins lengi og hægt er, við öruggar og góðar aðstæður. Það hefur tekist nokkuð vel því á síðustu fjórum árum hefur íbúum Reykjavíkur sem búa á hjúkrunarheimilum, 80 ára og eldri, fækkað úr 18,4 í 15,9 prósent.“



Starfsfólk Heimaþjónustu Reykjavíkur leggur alúð við þjónustu og úrræði fyrir eldri borgara. Berglind Magnúsdóttir stendur neðst fyrir miðju. MYND/VALLI

Reykjavíkurborg býður upp á heilbrigðis- og félagslega þjónustu og hefur samþætt þessa tvo mikilvægu þjónustuþætti með því að reka heimahjúkrun með þjónustusamningi við ríkið.

„Stefna heimaþjónustunnar er að veita heildstæða og rétta þjónustu á réttum tíma af réttum aðilum og alltaf eru heildarþarfir eldra fólks hafðar að leiðarljósi,“ segir Berglind sem horfir fram á spennandi tíma í þróun heimaþjónustu aldraðra.

„Fjölgun aldraðra Reykvíkinga kallar á nýjungar eins og aukna tækninotkun og störfin sem okkar góða starfsfólk sinnir verða sífellt betur metin að verðleikum af samfélaginu öllu.“

# Að finna rétta heyrnartækið

Anna Linda Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Heyrnartækni í Glæsibæ, segir að það sé mun auðveldara að nota heyrnartæki í dag en áður og aðlögunartíminn sé miklu styttri.

Leitin að réttu lausninni við skertri heyrn getur reynst sumum vandasöm. Að sögn hjúkrunarfræðingsins Önnu Lindu Guðmundsdóttur er fyrsta skrefið að láta mæla heyrnina og sjá hvort þörf sé á heyrnartækjum. „Heyrnarmælingin segir til um hversu mikil og hvers eðlis heyrnarskerðingin er og hvort viðkomandi eigi rétt á niðurgreiðslu vegna kaupa á heyrnartækjum frá Sjúkratryggingum Íslands og ef til vill stéttarfélagi sínu.“

### Betra að hafa einhvern nákominn með sér

Heyrnartækni býður upp á ókeypis heyrnarmælingu. Anna Linda segir skoðun og heyrnarmælingu taka um 40 mínútur og að að henni lokinni sé farið yfir niðurstöðu mælingarinnar og boðið upp á heyrnartækjaráðgjöf. „Það getur verið gott að fá maka, ættingja eða vin með sér í þetta ferli, sérstaklega ráðgjöfina, enda eru þar veittar mikilvægar upplýsingar sem stundum getur verið betra fyrir tvo að muna.“

### Ólíkar tegundir og útlit tækja

Úrval heyrnartækja í dag er margfalt meira en það var fyrir um áratug. Útlitslega hafa orðið miklar og jákvæðar breytingar. Að sögn Önnu Lindu hefur einnig orðið ör þróun á tæknibúnaði í heyrnartækjum og í dag er mun auðveldara að aðlagast því að nota heyrnartæki en áður. „Við val á heyrnartækjum þarf að huga að mörgum þáttum. Þeirra á meðal eru eðli og alvarleiki heyrnarskerðingar, stærð og útlit eyrnaganga og líkamleg og andleg færni, ásamt persónulegum þáttum. Sumir vilja lausn sem er eins lítið sýnileg og mögulegt er og í dag er oft auðvelt að koma til móts við þær þarfir með nettu heyrnartæki bak við eyra sem er með örmjóa hljóðsnúru inn í eyrað eða jafnvel sérsmíðuðu heyrnartæki sem er alveg ósýnilegt í eyra.“ Anna Linda segir þó að flestir hugsi fyrst og fremst um hljómgæði tækjanna og þægindi við notkun þeirra og að það sé einn af þeim þáttum sem skipta mestu við val á heyrnartækjum.




Anna Linda segir öra þróun hafa orðið á tæknibúnaði í heyrnartækjum og að í dag sé mun auðveldara að aðlagast því að nota heyrnartæki en áður. MYND/VALLI

### Mikilvægt að fá heyrnartæki til prufu

Heyrnartæki er hægt að fá í mörgum verðflokkum. „Dýrustu tækin búa yfir fullkomnustu tækninni og veita mestu hjálpina í krefjandi hlustunaraðstæðum,“ segir Anna Linda.

Hjá Heyrnartækni er hægt að fá heyrnartæki til prufu í vikutíma en það getur verið mikilvægt fyrir þá sem eru að fá sér heyrnartæki í fyrsta sinn að vera með þau í einhvern tíma áður en tækin eru keypt. „Vikuprófun getur gefið nokkuð góða mynd af því hvernig notandanum líður með tækin, bæði hvernig það er að vera með þau í eyrunum og eins hvernig þau hljóma. Í dag er markmiðið að fólk setji upp heyrnartækin að morgni og taki þau úr að kvöldi og þurfi þess á milli sem minnst að hugsa um þau. „Tækniframfarir í heyrnartækjum hafa gert það að verkum að flestir eru farnir að gleyma sér með tækin strax fyrstu vikuna.“

### Að vera sáttur við valið

Það er mikilvægt að líða vel með heyrnartækin sem valin eru og finna að þau hjálpi í aðstæðum sem áður voru erfiðar eða krefjandi. „Það eru margar lausnir í boði og þó að fyrsta prófun passi ekki endilega fullkomlega getur alltaf verið að önnur lausn, eins og til dæmis sérsmíðað tæki í eyra, henti betur eða jafnvel annars konar stillingar á tækjunum. Sumir vilja til dæmis geta stillt hljóðstyrk heyrnartækjanna sjálfir og þá er hægt að taka tillit til þess þegar tækin eru valin. Aðrir vilja láta tækin sjá um bestu stillingar hverju sinni. Allt eru þetta atriði sem farið er yfir með viðkomandi bæði fyrir prufun og að henni lokinni,“ segir Anna Linda.

*Nánari upplýsingar má finna á www.heyrnartækni.is*






# Hreyfingin yngir

Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra hefur í 28 ár unnið að útbreiðslu íþrótta fyrir eldri borgara. Mikil framför hefur orðið að mati formanns félagsins.

Aldrei of seint eru einkunnarorð Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra. „Við erum regnhlífarsamtök sem hafa haldið námskeið bæði hér í Reykjavík og úti á landi fyrir þá sem eru að sinna eldri borgurum, leiðbeinendur, kennara og starfsfólk dvalarheimila og dagvista aldraðra,“ segir Þórey S. Guðmundsdóttir, íþróttakennari og formaður FÁÍA. Á námskeiðunum er leiðbeinendum kenndar ýmsar góðar æfingar fyrir eldri borgara á borð við leikfimi, boccía, sund, dans, göngu og ratleik.

Félagið var stofnað fyrir 28 árum en stofnun þess átti sér nokkurn aðdraganda. „Þetta byrjaði þegar þrír íþróttakennarar, þær Þorgerður Gísladóttir, Elísabet Hannesdóttir og Guðrún Nielsen, voru í Danmörku og fóru á námskeið hjá eldri borgurum þar í landi. Þær komu heim fullar af áhuga á að koma íþróttastarfi aldraðra af stað hér heima,“ lýsir Þórey en félagið var stofnað árið 1985. Þá var Þorsteinn Einarsson, fyrrverandi íþróttafulltrúi, einnig með, auk fleira áhugafólks.

„Þessu var mjög vel fagnað enda var á þessum tíma lítið sem ekkert í boði,“ segir Þórey en strax í upphafi var reynt að breiða út boðskapinn sem víðast. „Það hefur gengið alveg afskaplega vel. Það er varla til sú félagsmiðstöð, dvalarheimili eða dagvistun sem ekki býður upp á einhverja hreyfingu í dag,“ segir hún.



„Hreyfing viðheldur líkamlegri og andlegri heilsu,“ segir Þórey. MYND/ARNÞÓR

Fyrir utan hin ýmsu námskeið stendur FÁÍA fyrir nokkrum árlegum viðburðum. „Við erum með landsmót í boccía og púttkeppni og á öskudaginn hvert ár höldum við íþróttahátíð. Þá kemur fólk héðan og þaðan og sýnir hvað það hefur verið að gera,“ segir Þórey en áhersla er lögð á að halda mótin sem víðast um landið. „Púttmótið var til dæmis síðast í Borgarfirði og verður næst á Ísafirði.“

FÁÍA á í góðu samstarfi við UMFÍ. „Við erum til dæmis í nefnd fyrir eldri borgara og upp úr því samstarfi varð til Landsmót 50+ sem haldið hefur verið víða um land. Það má segja að með því móti hafi stóri draumurinn orðið að veruleika,“ segir Þórey glaðlega.

Þórey er fyrrverandi íþróttakennari og býr í Árskógum. „Þar er ég með stóladans fyrir þau sem ekki geta verið með í leikfimi eða slíku. Við lærum dansana eftir músíkinni og þetta er mjög gefandi þótt setið sé á stólum allan tímann,“ segir Þórey og leggur sjálf áherslu á að hreyfa sig reglulega. „Ég geri alltaf leikfimi á morgnana, geng eftir því sem ég get og stunda skíði, orðin 78 ára gömul. Þá fer ég í boccía og púttið.“ Þórey er sannfærð um kosti hreyfingar fyrir aldraða. „Hreyfingin viðheldur líkamlegri og andlegri heilsu, gefur fólki félagsskap og hægir á elli kerlingu.“






**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s.512-5442
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## TIL HEIÐURS BEE GEES

Tónleikar til heiðurs hljómsveitinni Bee Gees verða í Háskólabíói í kvöld kl. 20 en 55 ár eru síðan hún kom fyrst fram. Söngvararnir Pétur Örn Guðmundsson, Friðrik Ómar, Matthías Matthíasson, Jógvan Hansen og Jóhanna Guðrún stíga á svið og flytja lög Bee Gees.


**NÁMSAÐSTOÐ**
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233



*Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!*

*Hreyfill/Bæjarleiðir er styrktaraðili árvekniátaks Krabbameinsfélagsins í október og nóvember*
„Bleika slaufan" er til sölu í bílunum okkar frá 1. – 15. október.
TAXI HREYFILL BÆJARLEIÐIR
5 88 55 22
Bleika slaufan


# VIÐHELDUR GÓÐRI SJÓN

AÐEINS EIN TAFLA Á DAG

**ICECARE KYNNIR** *Blue Berry-töflurnar hjálpa til við að viðhalda góðri sjón.*

Lútein er litarefni sem er að finna í bláberjum og einnig í gula bletti augans, þeim hluta sjónhimnunnar sem gerir okkur kleift að sjá skýrt það sem er beint fyrir framan okkur.



**ÞAÐ ER NAUÐSYNLEGT AÐ VIÐHALDA EÐLILEGRI SJÓN**

Bente hefur gaman af því að lesa í frístundum sínum. Hún les einnig mikið vinnu sinnar vegna en hún starfar við gerð hljóðbóka. Þess vegna leist henni ekki á blikuna þegar hún fór að lenda í vandræðum með augun fyrir um það bil ári. Lestu um kynni Bente af Blue Berry, en þeirri sögu deilir hún með glöðu geði.

„Fyrir um ári fór ég að taka eftir breytingum á sjóninni þegar ég var að lesa. Þar sem ég les bæði mér til yndis og í starfi mínu olli þetta mér nokkrum vandræðum. Ég hélt ég þyrfti að fá gleraugu. Ég fann líka fyrir óöryggi þegar ég ók bíl í myrkri. Ég var farin að halda að þetta væri aldrinum að kenna."

**HERFLUGMENN BORÐA BLÁBER**

„Ég hafði heyrt mjög margt gott af bláberjum og að herflugmenn borðuðu bláber fyrir næturflug. Þess vegna fannst mér ráð að reyna Blue Berry-töflurnar. Ég er í raun og veru ekki hrifin af fæðubótarefnum þar sem ég borða holla og næringarríka fæðu en Blue Berry kom mér verulega á óvart. Ég er mjög ánægð með töflurnar."

**MÆLI MEÐ BLUE BERRY-TÖFLUNUM**

„Í fyrstu sagði ég engum frá því að ég væri að taka inn Blue Berry-töflurnar frá New Nordic en núna mæli ég glöð með þeim við vini, samstarfsfólk og fjölskyldumeðlimi."




**NOTKUN BLUE BERRY**

Flestir byrja að taka Blue Berry þegar þeir finna að sjónin er að breytast en það er ekkert sem mælir á móti því að byrja fyrr til að fyrirbyggja breytingar. New Nordic Blue Berry-töflurnar koma ekki í staðinn fyrir heilsusamlegt og fjölbreytt fæði en þær eru góður kostur til að viðhalda augnheilsu, ríkar af lúteini og A-vítamíni. A-vítamín hjálpar til við að viðhalda eðlilegri sjón. Takið eina töflu daglega með morgunmatnum.

**GÖMUL HEFÐ Í NÝJUM BÚNINGI**

Vörur sem innihéldu bláber voru með fyrstu fæðubótarefnum sem fengust í apótekum. Þessi kunna ofurfæða hefur verið vinsæl um aldir.

Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar þróaði New Nordic Blue Berry-töflurnar sem innihalda náttúrulegt lútein í samsvarandi magni og er í einu kílói af ferskum bláberjum. Sú þróun er gott dæmi um hvernig náttúrulækningar í bland við nútímatækni geta skilað miklum árangri.

**BLUE BERRY** inniheldur mikið magn af lúteini, náttúrlega litarefninu sem stuðlar að virkni gula blettsins í auganu sem gerir okkur kleift að sjá skýrt. Blue Berry frá New Nordic er fáanlegt í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Upplýsingar er hægt að fá á www.icecare.is eða á www.newnordic.com

**BLUE BERRY**

**Verndar og styrkir sjónina.**

**Innihald:** A-vítamín, sink, kopar, bláberjaþykkni eyebright-extract (Euphrasis officinalis), lútein úr tagetes-þykkni.

**Aðeins ein tafla á dag.**

**Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaðanna.**


GERRY WEBER OG TAIFUN
HAUSTLÍNURNAR
20% AFSLÁTTUR laugard-miðvikud 19-23 okt.

Vertu vinur á Facebook
laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S:551 4422








# SÝNING Á AT44 6X6
MÁNUDAGINN 14. OKTÓBER KL. 17-19
Komdu í heimsókn á Kletthálsinn og skoðaðu AT44 6X6 áður en þeir halda á Suðurpólinn. Tvær mismunandi útgáfur til sýnis. Suðurpólsfarar verða á staðnum.

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900 | www.arctictrucks.is
ARCTIC TRUCKS

# EGG BENEDICT Í HÁDEGINU

Egg Benedict er vinsæll réttur í „brunch“ um helgar. Einfalt er að gera réttinn.

*Það sem þarf miðað við fjóra:*

***4 egg***
***1 tsk. salt***
***200 g ferskt spínat***
***1 msk. smjör***
***1 hvítlauksrif***
***Salt og pipar***
***4 brauðsneiðar***
***4 sneiðar kalkúnaálegg***
***Beikon***

**Hollandaisesósa**

***2 eggjarauður***
***75 g bráðið smjör***
***1 msk. sítrónusafi***
***Salt og pipar***



**LJÚFUR „BRUNCH“** Egg og beikon með svalandi drykk.

Setjið vatn í pott, saltið og látið suðuna koma út. Brjótið eggið varlega út í vatnið og látið sjóða í tvær til þrjár mínútur. Þetta getur verið vandmeðfarið. Einnig má linsjóða egg í þrjár mínútur í skurninni.

Til að gera sósuna þarf að þeyta eggjarauður með sítrónusafa og smávegis salti. Látið smjörið aðeins kólna eftir að það hefur verið brætt og þeytið það síðan varlega saman við eggin. Bragðbætið með salti og pipar.

Skolið spínat og setjið á heita pönnu með smávegis smjöri og hvítlauksrifi. Bragðbætið með salti og pipar.

Ristið brauðið, setjið kalkúnaálegg ofan á, síðan spínat, beikon, eggið og loks sósuna.

# HOLLUR MANGÓDRYKKUR

Það er um að gera að fá sér hollan og svalandi drykk með morgunmatnum. Þessi mangódrykkur á rætur sínar að rekja til Indlands og er stútfullur af vítamínum. Einfalt er að gera hann.

***2 vel þroskuð mangó***
***2 dl hreinn appelsínusafi***
***2 dl hrein jógúrt***
***Ísmolar***

Skrælið mangóið og skerið í bita. Setjið í könnu ásamt hreinum appelsínusafa og hreinni jógúrt. Þeytið með töfrasprota eða setjið í blandara. Gott er að setja ísmola í drykkinn. Uppskriftin er fyrir fjóra.



**GOTT** Um helgar gefst oft meiri tími til að dunda sér í eldhúsinu.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



# VÍMULAUS DANSLEIKUR MEÐ IOGT

**IOGT KYNNIR** *Meginviðfangsefni IOGT-bindindissamtakanna er forvarnastarf í ýmsum myndum en auk þess skipa umhverfisvernd, mannúðar-, friðar- og menningarmál veigamikinn sess. Félagsstarfið er enn þá öflugt 129 árum eftir stofnun samtakanna.*

Það er gömul en lífseig mýta að ekki sé hægt að skemmta sér án utanaðkomandi örvunar. En það er hins vegar auðvelt að dansa fullur orku og gleði. Við þurfum ekki að útskýra fyrir neinum hvers vegna við veljum bindindi. Það er nauðsynlegt að drekka en neysla áfengis og vímuefna er það ekki,“ segir Aðalsteinn Gunnarsson, framkvæmastjóri bindindissamtakanna IOGT á Íslandi.

IOGT stendur fyrir öflugu félagsstarfi og hefur árum saman skapað almenningi vettvang til að hittast í vímulausu umhverfi. Reglulega stendur félagið fyrir danskvöldum og einnig félagsvist.

**GÖMLU DANSARNIR**

„Við höldum gömludansakvöld í Danshöllinni og verða haldin tvenn gömludansaböll fyrir jól. Þá stöndum við einnig fyrir félagsvist og dansi í Vinabæ,“ segir Aðalsteinn. „Félagsvistin og dansinn eru haldin annan hvern laugardag og á þessa viðburði eru allir velkomnir sem vilja skemmta sér í vímulausu umhverfi,“ segir Aðalsteinn. „Næsta spilakvöld verður í kvöld. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi sem dunar fram á nótt.“

**GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR**

Félagsstarfið IOGT er vikulegt og fjölbreytt innan ólíkra deilda. „Þann 15. október klukkan 20.30 ætlum við meðal annars að hittast í Brautarholti 4a og rifja upp gamla góða ungtemplaraandann. Nokkrir félagar ætla að koma með myndir og sýna frá gömlu góðu dögunum. Yngri félagar ætla að sýna hvernig andinn er í dag og bjóða upp á kók og prins,“ segir Aðalsteinn.

*Nánari upplýsingar um starfsemi samtakanna er að finna á heimasíðunni, www.iogt.is.*

**VÍMULAUST BALL Í KVÖLD** IOGT-bindindissamtökin standa fyrir spilakvöldi og dansleik í Vinabæ í kvöld þar sem danshljómsveitin Klassík mun leika fyrir dansi. Aðalsteinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri IOGT-bindindissamtakanna, segir það lífseiga mýtu að ekki sé hægt að skemmta sér án vímuefna. MYND/ARNÞÓR

# ÞEGAR ÉG VAKNA

*Unnur Gröndal leirlistamaður heldur sýningu í Galleríi Kaolin á Skólavörðustíg og bætir við verkið á hverjum degi. Sýningin stendur út næstu viku.*

„Verkið er lifandi allan tímann sem sýningin stendur, það sem ég bæti við það daglega,“ segir Unnur Gröndal, leirlistakona í Galleríi Kaolin. Þar stendur nú fyrir sýning hennar „Þegar ég vakna“.

„Þetta eru bæði fígúrur og form. Ég ákveð ekki fyrir fram hvað ég geri heldur leyfi verkinu að flæða af sjálfu sér og í raun er ekki hægt að lesa neina samhangandi sögu í gegnum það. Verkið vex í allar áttir. Leirinn er svo heillandi efni í sínu hráa formi og athyglisvert að fylgjast með því hvernig verkið breytist af sjálfu sér, bara við það að leirinn þornar.“

Unnur deilir vinnustofu með sjö öðrum leirlistamönnum í Galleríi Kaolin. Listamennirnir sýna verk sín til skiptis í glugga gallerýsins en einnig í vinnuplássum sínum.

Sýning Unnar mun standa út næstu viku.



**SÝNIR Í KAOLIN** Unnur Gröndal leirlistakona vinnur daglega í verkinu á sýningunni Þegar ég vakna. MYND/DANÍEL




## MATSEÐILL MEISTARANS

Nýr kvöldseðill með réttum sigurvegarans

## JÓLA-HLAÐBORÐ

8.200 kr.
Miði í Bláa Lónið fylgir með

## VILLIBRÁÐAR-HLAÐBORÐ

9.200 kr.
Vínsmökkun og miði í Bláa Lónið fylgir með

Sjá nánar á bluelagoon.is

BLUE LAGOON ICELAND

# VERUM GÓÐ FYRIRMYND OG VELJUM HOLLAN SKYNDIBITA

**CULIACAN KYNNIR** *Veitingahúsið Culiacan, Suðurlandsbraut 4a, býður upp á mexíkóskan heilsumat á góðu verði fyrir alla fjölskylduna. Nýlega var staðurinn stækkaður og sett upp skemmtilegt barnahorn þar sem börnin una sér í villta vestrinu.*

Áhugi Íslendinga á mexíkóskum mat er mikill. Fólk sækir í hollan og ferskan mat en Sólveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Culiacan, leggur mikla áherslu á hollt og ferskt hráefni. Vegna aukins áhuga fjölskyldufólks á þessari tegund skyndibita hefur nú verið sett upp skemmtilegt barnahorn. Þar geta börnin leikið sér á meðan mamma og pabbi slaka á yfir hollri máltíð.

Sólveig segir að umgjörð barnahornsins minni á villta vestrið. „Í barnahorninu, sem er mjög flott, erum við með banka og fangelsi. Sá sem er settur í fangelsið getur farið upp í rennibraut og rennt sér þar niður. Þarna geta börn á öllum aldri leikið sér með kubba eða horft á barnamyndir í sjónvarpinu. Þetta er mjög kósí horn og það hefur verið mikil ánægja hjá foreldrum með barnahornið."

Á matseðlinum er boðið upp á mat sem er sérstaklega ætlaður börnum. Börnin eru sólgin í quesadillas eða mexíkópitsu. Krakkar sem eru duglegir að borða fá í verðlaun að snúa lukkuhjóli og eignast þann vinning sem pílan lendir á. „Við erum mjög hamingjusöm yfir að vera loksins komin með svona góða aðstöðu fyrir fjölskyldufólk. Það er svo gaman að fara út að borða og nauðsynlegt að allir geti notið þess," segir Sólveig. „Með því að velja hollan og góðan skyndibita eru foreldrar börnum sínum góð fyrirmynd."

Culiacan hentar þeim vel sem eru á lágkolvetnafæði en einnig alla þá sem vilja borða hollan en bragðgóðan mat. „Heitu plattarnir hafa verið mjög vinsælir undanfarið, til dæmis enchilada. Við notum ferskar kryddjurtir og allar sósur eru búnar til hjá okkur frá grunni á hverjum morgni. Sömuleiðis leggjum við áherslu á að vera með nýtt og gott grænmeti," segir Sólveig.

Hægt er að skoða alla réttina á heimasíðunni www.culiacan.is þar sem einnig er hægt að nálgast uppskriftir. Culiacan er einnig með Facebook-síðu Culiacan HollurogGóður.





**GAMAN**
Börnin una sér vel í nýja barnahorninu á Culiacan.






fiber HUSK®






LÁG KOLVETNIS VARA

# FRÁBÆRT Í BAKSTUR!

20% AFSLÁTTUR GILDIR TIL 4. NÓVEMBER!

**FiberHusk** er hrein náttúruleg, glútenfrí vara sem inniheldur 85% fæðutrefjar. Með því að bæta FiberHusk í brauð og kökur helst brauðið mjúkt og ferskt lengur.

Það er léttara að vinna glútínfría vöru ef **fiberHusk** er notað í uppskriftina. Deigið hefast betur og glútínfría brauðið molnar minna við skurð og verður safaríkara með tilkomu fiberHusk. Veljið aðeins það besta í heilsubrauð og annan hollan bakstur.

HUSK **Fleiri uppskriftir og nánari upplýsingar eru á husk.dk**

E.BRIDDE ehf. | www.ebridde.is **Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu, Maður lifandi, Fjarðarkaupum, Krónunni.**

# RAFGEYMAR
## & VATNSKASSAR

**Kynningarblað** Ísetning, álagsprófun, hleðslumæling, viðgerðir og góð ráð.



Starfsmenn Bílanausts, Stefán Ingi Ingvason, Þór Austmar, sem var vel skóaður í tilefni Bleika dagsins, og Steinar Karl Kristjánsson.

MYND/VALLI

# Allt fyrir rafgeymana í Bílanausti

Í upphafi vetrar skiptir miklu máli fyrir bíleigendur að huga vel að ástandi rafgeyma í bílum sínum. Bílanaust byggir á gömlum grunni og selur úrval rafgeyma auk þess að veita úrvalsþjónustu til bíleigenda.

Bílanaust er rótgróið fyrirtæki sem byggir á traustum grunni enda stofnað árið 1962. Fyrirtækið er leiðandi á innanlandsmarkaði á sviði varahluta og bílatengdra vara. Bílanaust býr yfir landsins mesta úrvali varahluta og rekur stærstu bílavöruverslun landsins. Gott úrval rafgeyma fæst hjá fyrirtækinu og þjónustuverkstæði þess veitir úrvalsþjónustu til bíleigenda. Nú þegar sumarferðatímabilið er búið og frostið komið á stjá þurfa bíleigendur að huga að rafgeymum sínum, að sögn Halldórs Gunnarssonar hjá innkaupadeild Bílanausts. „Þeir sem nota rafgeyma í hjólhýsum sínum og skyldum farartækjum ættu að taka þá út yfir veturinn eða að minnsta kosti að aftengja þá. Margir klikka á þessu og þegar fara á í ferðalag næsta sumar gæti rafgeymirinn jafnvel verið tómur.“ Sé hann í hjólhýsinu yfir veturinn og stendur úti getur auk þess frosið á þeim og rafgeymar geta auðveldlega tæmst yfir veturinn séu þeir ekki aftengdir. „Meðallíftími rafgeyma í hjólhýsum getur verið um fjögur til fimm ár. Með því að aftengja hann ekki geta bíleigendur stytt endinguna um eitt ár.“

### Úrvalsrafgeymar

Nú þegar styttist í veturinn borgar sig að láta mæla rafgeyminn sem fyrst, að sögn Halldórs. „Þeir geta margir hverjir verið slappir eftir sumarið og klárast í fyrsta frostakastinu. Þótt rafgeymir gangi ágætlega yfir sumartímann er það oft fljótt að breytast þegar kólnar. Það er lítið mál fyrir bíleigendur að koma til okkar og mæla stöðuna á honum og athuga hvort hann þoli frostið fram undan. Stundum þarf að skipta út rafgeymum en í sumum tilfellum er hægt að hlaða þá aftur. Við seljum úrvalsrafgeyma frá Varta og Bosch, sem eru þýsk gæðamerki og leiðandi á sínum sviðum.“

Bílanaust selur einnig margar tegundir hleðslutækja, meðal annars frá Telwin, sem greina ástand rafgeymisins. Tækið hentar sérlega vel til hleðslu á lokuðum rafgeymum (GEL/AGM) og blautgeymum. Hleðslutækið inniheldur vörn gegn rangri pólun og skammhlaupi, auk þess sem LED-ljós sýna stöðu á hleðslunni. Hleðslutækið hefur tengi fyrir sígarettutengi.

### Úrvalsþjónustuverkstæði

Þjónustuverkstæði Bílanausts við Funahöfða í Reykjavík býður upp á alla almenna bílaþjónustu, að sögn Steinars Karls Kristjánssonar þjónustustjóra. „Við sjáum um minni verk eins og að skipta um rúðublöð og perur upp í flóknari viðgerðir á rafeindabúnaði. Verkstæðið sér einnig um viðgerðir á útvörpum, hljóðkerfum og öðrum rafeindabúnaði í bifreiðum, auk þess að setja upp talkerfi í ferðamannabíla og rútur. Við erum sérhæfðir í uppsetningu talkerfa í rútur og ferðamannabíla og búum yfir mikilli þekkingu á talstöðvum og öllu sem þeim viðkemur.“ Að sögn Steinars sér verkstæðið þó ekki um hefðbundna verkstæðisvinnu heldur einblínir á þá þætti sem tengjast rafmagni, enda byggir verkstæðið á gömlum grunni.

Það er á þjónustuverkstæðinu sem tekið er á móti rafgeymum sem þarf að yfirfara. „Þeir eru tengdir við sérstaka tölvu og þá sést strax hvert ástand þeirra er út frá upprunalegu gildi. Þá er hægt að meta strax hvort þeir lifi af veturinn eða hvort skipta þurfi um rafgeymi. Í sumum tilfellum getum við hlaðið þá aftur með nokkurs konar endurlífgunartækni.“




EXPO - www.expo.is

HAFÐU BÍLINN KLÁRAN FYRIR VETURINN!

**REYKJAVÍK,** Bíldshöfða 9, Funahöfða 13
**KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata
**HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17
**REYKJANESBÆR,** Krossmóa 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7
**AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngás 13
**www.bilanaust.is | SÍMI: 535 9000**

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!



Kristján Ármannsson og Nikulás S. Óskarsson í Rafgeymasölunni. Á myndina vantar þriðja starfsmanninn, Sigfús Tómasson, sem var við varaaflsgjafamælingar á Kárahnjúkum þegar myndin var tekin. MYND/VILHELM

# Rafgeymasala í Hafnarfirði í 65 ár

**Rafgeymasalan sér íslenskum ökuþórum fyrir úrvals rafgeymum fyrir allar tegundir bifreiða og mótorhjóla. Ísetning, álagsprufun og hleðslumæling eru að kostnaðarlausu.**

Við sérhæfum okkur í sölu og þjónustu á rafgeymum fyrir allar tegundir bifreiða, mótorhjól, fjórhjól og vélsleða,“ upplýsir Kristján Ármannsson, vélvirki hjá Rafgeymasölunni sem nú fagnar 65 ára starfsafmæli.

„Fyrirtækið var upphaflega stofnað í Hafnarfirði 1948 undir nafninu Rafgeymar hf. af Jóni Magnússyni, Axel Kristjánssyni og fleirum. Jón hafði komið með þekkinguna frá Danmörku og hjá þeim starfaði í áraraðir faðir minn, Ármann Sigurðsson, sem keypti fyrirtækið árið 1982 og breytti nafninu í Rafgeymasöluna,“ fræðir Kristján okkur um sögu Rafgeymasölunnar sem á tímum innflutningsbanns á rafgeymum framleiddi íslenska Kentar-rafgeyma og veitti sex mönnum atvinnu í Hafnarfirði.

„Í þá daga var flutt inn blý í 50 kílóa stykkjum og plötur í rafgeyma voru steyptar í litlu móti. Innflutningshöftin voru svo afnumin í kringum 1970 og við tók innflutningur á erlendum rafgeymum sem íslensku geymarnir stóðust ekki samkeppni við,“ útskýrir Kristján. Í hillu hjá Rafgeymasölunni stendur síðasti rafgeymirinn sem framleiddur var á Íslandi.

Auk traustra, þýskra rafgeyma í bíla og mótorfáka býður Rafgeymasalan upp á úrval varaaflsgjafa og rafgeyma fyrir gólfþvottavélar, golfbíla, golfkerrur, vinnulyftur og fleira. Jafnframt er Rafgeymasalan einn af stærstu söluaðilum sólarrafhlaða á Íslandi.

„Við sjáum um álagsprufun, hleðslumælingar og ísetningar nýrra rafgeyma á staðnum, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Þá leggjum við áherslu á að vera ávallt með fullkominn prófunarbúnað og höfum yfir að ráða tækjum og hugbúnaði frá GE Energy Service-Program sem getur prófað allt að 63 rafgeyma í einni mælingu og lestað upp í 110 A. Hugbúnaðurinn les prófanir á spennu og afli með tíu sekúndna millibili og færir niðurstöður jafnóðum á tölvuskjá,“ útskýrir Kristján.

Sérfræðingar Rafgeymasölunnar fara einnig til viðskiptavina til eftirlits á varaaflgjöfum.

„Við gerum stutta, áreiðanlega mælingu á varaaflsgjöfum og niðurstöðurnar eru ljósar og nothæfar strax að mælingu lokinni. Þá gefum við föst verðtilboð og ráðleggingar um hvað skal gera varðandi úrbætur,“ segir Kristján.

Rafgeymasalan er að Dalshrauni 17 í Hafnarfirði. Opið er frá klukkan 8 til 18 alla virka daga. Sjá nánar á www.rafgeymar.is.

# *Mikilvægt að tengja rétt*

Veturinn er genginn í garð og þegar kalt er í veðri komast margir bílar ekki í gang þar sem virkni rafgeymisins skerðist í kulda. Þá er nauðsynlegt að fá einhvern til að gefa sér start. Verkið er ekki erfitt en þó þarf að sýna aðgát við að gefa straum. Til dæmis eru nýir og nýlegir bílar með flókinn tölvu- og rafeindabúnað sem getur verið viðkvæmur fyrir snöggum breytingum á spennu í rafkerfinu. Því er mikilvægt að tengja startkaplana í réttri röð.



Á vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, www.fib.is, er að finna greinargóðar leiðbeiningar um hvernig á að bera sig að.

- Þegar startkaplar eru tengdir milli bíla og annar bíllinn er með fullhlaðinn rafgeymi en hinn með tóman, neistar á milli þegar fjórða og síðasta kapalklemman er tengd. Á því augnabliki sem neistinn myndast getur orðið allt að 3.000 volta yfirspenna, sem er stórháskaleg fyrir rafeindabúnað bílsins.
- Áður en startkaplarnir eru tengdir er í öryggisskyni skynsamlegt að fjarlægja lyklana úr kveikilásum beggja bílanna til að öruggt sé að ekki sé svissað á og kveikikerfi þeirra þar með örugglega ekki „opin“.
- Tengið fyrst í plús á tóma rafgeyminum og síðan í plús á fulla rafgeyminum. Þá skal tengja mínus í fulla rafgeyminn og loks mínus á tóma rafgeyminum.
- Þegar startkaplarnir eru tengdir skal láta síðustu kapalklemmuna (nr. 4) bíta sig fasta við ómálaðan málm, t.d. boltahaus, eins langt frá geyminum og kostur er. Ástæðan er sú að í tómum rafgeymi getur verið bráðeldfimt vetni sem snöggkviknar í og geymirinn springur hreinlega við það að neisti myndast þegar kapalklemma nr. 4 er tengd of nærri geyminum.
- Þegar startkaplarnir eru tengdir við báða bílana skal setja hjálparbílinn (þann sem gefur strauminn) í gang og síðan skal starta straumlausa bílnum.
- ATH! Mesta hættan á því að skemma rafkerfin í bílunum við straumgjöf skapast þegar aftengja skal startkaplana. Þegar bíllinn með tóma geyminum er kominn í gang skulu startkaplarnir vera tengdir saman um stund til þess að jafna út spennumismuninn milli tóma og fulla geymisins. Þetta skal gera til að forðast að neisti og yfirspenna hlaupi út í „galopið“ rafkerfið eftir að búið er að gefa straum og skemmi eða eyðileggi rafeindabúnað annars eða beggja bílanna.
- Þegar kaplarnir eru aftengdir er það gert í öfugri röð miðað við hvernig þeir voru tengdir. Fyrst skal aftengja mínus á tóma rafgeyminum, síðan mínus á fulla rafgeyminum, þá plús á fulla rafgeyminum og að lokum mínus á tóma rafgeyminum.

*FÍB mælir með því að nota einvörðungu startkapla með yfirspennuvörn. Þótt þeir séu dýrari en venjulegir kaplar séu þeir mun öruggari.*



Ekki er sama hvernig startkaplar eru tengdir á milli bíla. NORDICPHOTOS/GETTY

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen, ivarorn@365.is, 512-5429 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.


ÖRUGGT START



MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:

MAX1 BÍLAVAKTIN

olís

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

PIPAR\TBWA • SÍA • 131858

**Icelandic Times** , margmiðlunarfyrirtæki á sviði ferðaþjónustu og menningarmála, **leitar að fjölhæfum einstaklingi með reynslu af sölu og markaðskynningum**. Vinnan felst í sölu auglýsinga og kynninga í blöð okkar, tímarit og fjölsóttar netútgáfur; Land og sögu (sérblað með Morgunblaðinu) og Icelandic Times. Þar að auki þarf viðkomandi að sinna sölustörfum fyrir kvikmyndadeild útgáfunnar á fagumfjöllunum á myndbandi fyrir í sjónvarp og netið.

www.icelandictimes.com - www.landogsaga.is

**Sendið inn umsóknir á netfang - info@icelandictimes.com**

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Viltu vinna með flottum krökkum ?

Hafnarfjarðarbær óskar eftir stuðningsfulltrúum til að starfa á frístundaheimilum fyrir 6-9 ára börn og frístundaklúbb fyrir fötluð börn á aldrinum 10-15 ára. Í boði eru fjölbreytt störf frá kl. 13-17 einn eða fleiri daga í viku eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

Nánari upplýsingar eru veittar á Skrifstofu æskulýðsmála í síma **585-5500.**

Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar **„Starfsfólk – börn og ungmenni“** eða með rafrænum hætti **á ith@hafnarfjordur.is.**
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

---




Applicon leitar að metnaðarfullum ráðgjöfum í krefjandi störf til að styrkja öflugan hóp SAP ráðgjafa

**Starfslýsing og eiginleikar:**
- Ráðgjöf, uppsetning og þjónusta við SAP viðskiptahugbúnað
- Þátttaka í innra starfi til eflingar SAP ráðgjafahópsins
- Áhugi á að starfa í alþjóðlegu umhverfi
- Áhugi og hæfni í mannlegum samskiptum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í viðskipta-, verk-, eða tölvunarfræði
- Reynsla á sviði hugbúnaðarráðgjafar er kostur
- Enskukunnátta er krafa, dönsku- eða sænskukunnátta er kostur
- Öguð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Þekking á SAP er mikill kostur

Applicon er hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki á sviði SAP og Microsoft lausna, sem starfar í þremur löndum með um 150 starfsmenn. Hjá Applicon á Íslandi starfa um 50 manns.

Applicon er hluti af Nýherjasamstæðunni. SAP er einn öflugasti framleiðandi viðskipta-hugbúnaðar á heimsvísu og fjórði stærsti hugbúnaðarframleiðandi heims.

Nánari upplýsingar veitir Sveinn K. Ögmundsson, hópstjóri SAP ráðgjafar og þjónustu. Umsóknir skal senda á netfangið **sko@applicon.is**

Allar umsóknir og fyrirspurnir eru trúnaðarmál og þeim svarað.

Applicon

Applicon ehf. Borgartún 37 Sími 563 6100 www.applicon.is

---



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 66080 10/13

## UPPLÝSINGATÆKNIDEILD ICELANDAIR LEITAR AÐ ÖFLUGUM VERKEFNASTJÓRA TIL STARFA

Helsta hlutverk deildarinnar er að nýta upplýsingatæknina til að styðja við rekstur félagsins með sveigjanleika, hagræðingu og tækifæri að leiðarljósi.
Við leitum að áhugasömum einstaklingi sem hefur jákvætt hugarfar og ríka þjónustulund. Við bjóðum spennandi og krefjandi starf í alþjóðlegu og skemmtilegu starfsumhverfi. Lögð er áhersla á vönduð og nákvæm vinnubrögð.

**STARFSSVIÐ:**
- Högun upplýsingatækniumhverfis innan fyrirtækja Icelandair Group
- Umsjón með rekstri vélbúnaðarumhverfis
- Umsjón með högun, hönnun og rekstri vefja
- Samskipti við rekstrarþjónustu- og þróunaraðila
- Þátttaka í mótun upplýsingatæknistefnu Icelandair Group
- Verkefnastjórnun og þátttaka í verkefnum

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði, eða önnur menntun sem gagnast í starfi
- Reynsla í hönnun upplýsingatækniumhverfa
- Þekking á almennri forritun og vefþjónustum
- Frumkvæði og dugnaður
- Greiningarhæfni
- Jákvæðni og gott viðmót

**Nánari upplýsingar veita:**
Kristín Björnsdóttir | starf@icelandair.is

+ **Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 21. október 2013. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

ICELANDAIR

Capacent Ráðningar

# RÁÐGJAFI Á SVIÐI STARFSENDURHÆFINGAR

**Efling-stéttarfélag leitar að ráðgjafa til að starfa við sjúkrasjóð félagsins á sviði starfsendurhæfingar. Ráðgjafinn mun halda utan um starfsendurhæfingamál einstaklinga sem eru óvinnufærir vegna slysa eða sjúkdóma, í þeim tilgangi að aðstoða þá við að auka vinnugetu sína og varðveita vinnusamband þeirra.**

**Helstu verkefni:**

- Náin samvinna við atvinnurekendur og stéttarfélög með það að markmiði að koma snemma að málum, auka starfshæfni og varðveita vinnusamband einstaklinga
- Stuðningur og ráðgjöf fyrir einstaklinga sem leita til sjúkrasjóðsins
- Upplýsingaöflun og mat skv. viðurkenndum aðferðum
- Umsjón, eftirfylgni og leiðsögn varðandi endurhæfingaráætlanir einstaklinga, í samstarfi við fagaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði ráðgjafar, endurhæfingar, fræðslu eða þjónustu
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Áhugi á að vinna með einstaklingum
- Geta til að skilja og setja sig inn í mismunandi aðstæður einstaklinga
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni
- Góð þekking á vinnumarkaði og nærsamfélagi
- Tungumálakunnátta (enska og eitt Norðurlandamál)

Efling-stéttarfélag er annað stærsta stéttarfélagið hér landi. Í félaginu eru um 21.000 félagsmenn sem starfa á ólíkum sviðum atvinnulífsins við margvísleg störf. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Eflingar-stéttarfélags www.efling.is. Starf ráðgjafa sjúkrasjóðs Eflingar er samstarfsverkefni milli Eflingar og Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs. Nánari upplýsingar um starf ráðgjafa og starfsemi Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is

**Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent




*Gagnaveita Reykjavíkur leitar að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingi til liðs við Ljósleiðaradeild GR. Starfið felst í verkefnastjórn framkvæmdaverkefna við uppbyggingu á ljósleiðarakerfi GR og vinnur verkefnastjóri náið með öðrum sérfræðingum. Verkefnastjóri ber ábyrgð á skilgreindum verkefnum og tryggir að gæða-, kostnaðar- og tímaviðmið standist.*

***Meðal verkefna eru:***

- Stýring verklegra framkvæmda
- Að tryggja að markmiðasetning náist
- Að tryggja gæði framkvæmda
- Gerð tíma-, kostnaðar- og forðaáætlana
- Umsjón með verklýsingum, útboðsgögnum og samningum
- Innkaup á þjónustu
- Upplýsingagjöf til stjórnenda

***Menntunar- og hæfniskröfur:***

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun
- Góð skipulags- og stjórnunarhæfni
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Góð færni í íslensku, s.s. textagerð
- Góð almenn tækni- og tölvukunnátta
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Fagleg, markviss og ögud vinnubrögð

*Gagnaveita Reykjavíkur er fjarskiptafyrirtæki í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, sjá nánar á **gagnaveita.is**. Umsjón með ráðningunni hefur Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is). Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.*

*Umsóknarfrestur er til og með **27. október 2013**. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*

SJÓNVARP, SÍMI OG NET Á HRAÐA LJÓSSINS

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

# LEIKSKÓLASTJÓRI

Leikskólinn Tjarnarskógur á Egilsstöðum auglýsir eftir skólastjóra. Á Tjarnarskógi eru um 170 börn á 8 deildum og tveimur starfsstöðvum, Tjarnarlandi og Skógarlandi. Tjarnarskógur horfir til fjölgreindarkenninga Gardners í sínum starfsaðferðum. ***Gildi skólans eru Gleði, Virðing, Samvinna og Fagmennska.***

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt í að stjórna og leiða gott faglegt starf í lýðræðislegu skólaumhverfi. Frumkvæði, góðir skipulagshæfileikar og samstarfsvilji eru mikilvægir eiginleikar. Í Tjarnarskógi leggjum við áherslu á samvinnu, nýtingu mannauðs og skapandi lausnaleit. Jákvæðni og lipurð í samskiptum eru eiginleikar sem við metum mikils.

Hæfniskröfur byggja á 10. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Reynsla af stjórnunarstörfum er mikilvægur kostur og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er æskileg. Laun skv. kjarasamningi Félags stjórnenda í leikskólum og launanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Upplýsingar veita Guðný Anna Þóreyjardóttir, leikskólastjóri, í símum 4700650/4700660 eða á netfanginu **gudnyanna@egilsstadir.is** eða Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi, í síma 4700700 eða á netfanginu **helga@egilsstadir.is**.

Umsóknir um stöðuna skulu berast til Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir eða á netfangið **helga@egilsstadir.is** í síðasta lagi 28. október nk. Umsókninni skal fylgja greinargott yfirlit yfir störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi.

## Íslenskur aðili í Noregi

óskar eftir mönnum í smíðavinnu. Aðallega er um að ræða stálgrindarhús. Er með 3 stór verk í boði fyrir jól og meira ef vilji er fyrir hendi.

Fyrirspurn sendist á eblosninger@eblosninger.no

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Sölu og markaðsstjóri - Radisson Blu 1919 hótel



Radisson Blu 1919 hótel óskar eftir að ráða til sín sölu og markaðsstjóra.

*Radisson Blu 1919 Hótel er 4 stjörnu hótel, búið öllum helstu þægindum Í hjarta miðbæ Reykjavíkur. 1919 Hótel er nútímatímalegt hótel byggt á hefðum þar sem gæði, þjónusta og yfirburðir á öllum sviðum eru í fyrirrúmi. Radisson Blu 1919 Hótel er hluti af Carlson Rezidor Hotel Group sem rekur hátt í 1,300 hótel í heiminum.*

**Helstu verkefni:**
- Sjá um allt sem viðkemur markaðs- og sölustjórnun.
- Miðla upplýsingum til hótelstjóra.
- Taka þátt í að undirbúa árlega viðskiptaáætlun hótelsins.
- Skipuleggja kynningarferðir fyrir væntanlega viðskiptavini.
- Önnur tilfallandi störf.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun / starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Frumkvæði, sjálfstraust og öguð vinnubrögð.
- Góð þekking á MS office og Opera hótel kerfi.
- Hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi og undir miklu álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk .Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á ensku á netfangið sigridur.valdimarsdottir@radissonblu.com

Radisson Blu

---

Capacent Ráðningar

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

FYLKIR

**Íþróttafélagið Fylkir auglýsir starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og hefur eftirlitsskyldu með rekstri einstakra deilda innan félagsins.**

**Helstu verkefni framkvæmdastjóra:**
- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Fjármála- og starfsmannastjórnun
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Uppbygging gagna- og heimildasafns félagsins
- Kynningarmál og samskipti m.a. við hagsmunaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun æskileg
- Góð þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking á áætlanagerð og fjármálaumsýslu
- Þekking á starfsemi íþróttafélaga og íþróttamannvirkja kostur
- Færni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur er til og með 23. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

## UMHVERFISFULLTRÚI

HVERAGERÐISBÆR

Í Hveragerði búa um 2300 íbúar. Bæjarfélagið býður upp á kyrrð og náttúrufegurð en möguleikar til fjölbreyttrar útivistar eru óvíða meiri. Í Hveragerði er blómlegt íþrótta- og tómstundastarf fyrir alla aldurshópa auk þess sem bærinn státar af öflugu skólastarfi. Í Hveragerði er öll þjónusta til staðar og stutt að sækja höfuðborgarsvæðið heim. Bæjaryfirvöld hafa sett sér metnaðarfulla stefnu um uppbyggingu fjölskylduvæns ferðamanna- og heilsubæjar.

**Staða umhverfisfulltrúa Hveragerðisbæjar er laus til umsóknar. Umhverfisfulltrúi er einn af stjórnendum bæjarins og heyrir beint undir bæjarstjóra í skipuriti Hveragerðisbæjar.**
Umhverfisfulltrúi ber ábyrgð á útliti og ásýnd bæjarins. Hlutverk hans er að veita faglega forystu á sínu sérsviði, hafa frumkvæði að úrbótum, nýjungum og þróun á sviði umhverfismála ásamt því að hvetja og efla samstarfsmenn sína til verka.

**Starfssvið:**
- Umsjón með nýframkvæmdum og viðhaldi á sviði gatnagerðar, grænna svæða og stjórnun umhverfismála
- Eftirlit með aðkeyptum verklegum framkvæmdum á umhverfissviði
- Umsjón með endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og starfsemi gámasvæðis
- Gerð fjárhags-, verk- og framkvæmdaáætlana
- Undirbúningur og umsjón með útboðum og mat á tilboðum
- Yfirumsjón með rekstri og þróun starfsemi áhaldahúss
- Umsjón með Vinnuskóla Hveragerðisbæjar
- Þátttaka í öðrum fjölbreyttum verkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Garðyrkju- eða skrúðgarðyrkjumenntun
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Leiðtogahæfni og staðfesta
- Samskiptahæfni og geta til að vinna í samhentum hópi
- Gott tölvulæsi skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Skipulag í vinnubrögðum og útsjónarsemi
- Rík þjónustulund og vilji til verka

**Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

# GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Háskólinn í Reykjavík óskar eftir að ráða grafískan hönnuð í fullt starf á markaðs- og samskiptasviði háskólans. Starfið felur í sér fjölbreytt viðfangsefni sem snúa að kynningarmálum skólans.

**ÁBYRGÐARSVIÐ:**
- Hönnun prentefnis háskólans, svo sem Tímarits HR, bæklinga og dreifirita.
- Hönnun auglýsinga háskólans í prentmiðla, á vef og skjámyndir.
- Vefhönnun og framþróun vefs HR, í samvinnu við vefstjóra.
- Hönnun bréfsefnis, umslaga og nafnspjalda.
- Samskipti við prentsmiðjur.
- Samskipti við birtingahús og fjölmiðla vegna auglýsingabirtinga.
- Önnur verkefni sem unnin eru í samráði við næsta yfirmann.

**VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI MEÐ:**
- Menntun á sviði grafískrar hönnunar.
- Reynslu sem nýtist í starfi.
- Þekkingu á vefhönnun.
- Hæfileika til að vinna sjálfstætt og næmt auga fyrir smáatriðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og vilja til að vinna í hóp.
- Fagleg vinnubrögð.
- Hæfileika til að hugsa út fyrir boxið og leita nýrra lausna.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. október 2013.**
Umsóknum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík: **ru.is/lausstorf**
Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjá HR; johannavigdis@ru.is

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og gæði að leiðarljósi.

Akademískar deildir háskólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu.

Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3400 í fjórum deildum og starfa um 250 fastir starfsmenn við háskólann, auk fjölda stundakennara.

**www.hr.is** HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200

## Hefur þú brennandi áhuga á tísku?

**Ertu með mikla þjónustulund og ert jákvæð með góða hæfni í mannlegum samskiptum? Þá erum við að leita að þér til að hjálpa okkur að þjóna viðskiptavinum okkar betur, sinna almennum afgreiðslustörfum, vörumóttöku, framsetningu vara, afgreiðslu á kassa og almennu viðhaldi á útliti verslunarinnar. Verslunin sérhæfir sig í kvenfatnaði fyrir allar konur sem nota stærðir 38-58.**

**Umsóknir óskast sendar á netfangið: box@frett.is merkt „Tíska 1210"**

Capacent Ráðningar
KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS
capacent




Barnaheill
Save the Children á Íslandi



***Þekking hf. hefur í meira en áratug annast rekstur og hýsingu tölvukerfa ásamt tengdri þjónustu og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Hjá Þekkingu starfa um 60 manns og okkur vantar fleiri hendur til að sinna spennandi verkefnum í fjölbreytilegu starfsumhverfi.***

▶ ***Við leitum að drífandi einstaklingum í öfluga liðsheild okkar í Kópavogi og á Akureyri.***

# VIÐ VILJUM BÆTA VIÐ ÞEKKINGU

– vilt þú ganga í hópinn?

## SÉRFRÆÐINGUR Í ÞJÓNUSTUVER

Þekking er með öflugt þjónustuver sem leysir dag hvern fjölda mála sem upp koma hjá okkar viðskiptavinum á skjótan og öruggan hátt. Við leitum að úrræðagóðum einstaklingum með ríka þjónustulund til að hjálpa okkur að gera enn betur á þessu sviði.

▶ **Starfssvið**
· Greining og úrvinnsla á tæknilegum verkefnum
· Bilanagreining og þjónusta við hugbúnað viðskiptavina
· Uppsetning tækja og hugbúnaðar
· Notendaaðstoð og ráðgjöf
· Önnur tilfallandi störf

▶ **Hæfniskröfur**
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Reynsla af notkun viðskiptakerfa æskileg
· Góð almenn þekking á tölvukerfum nauðsynleg
· Microsoft gráður eða aðrar viðeigandi sérfræðigráður æskilegar
· Þjónustulund og þolinmæði
· Hæfni til að vinna í hóp
· Stundvísi og skipulögð vinnubrögð

## VIÐSKIPTASTJÓRI LYKILVIÐSKIPTAVINA

Hlutverk viðskiptastjóra er að sinna stærri viðskiptavinum Þekkingar og hafa auga fyrir þörfum þeirra á sviði lausna og þjónustu í upplýsingatækni. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á reglulegum samskiptum milli Þekkingar og viðskiptavina, hefur aðkomu að söluverkefnum, samningagerð og eftirfylgni verkefna.

▶ **Hæfniskröfur**
· 5 ára reynsla úr starfi á sviði upplýsingatækni
· Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
· Háskólamenntun sem nýtist í starfi er mikill kostur
· Áhugi á upplýsingatækni og nýjungum á því sviði
· Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
· Góðir skipulagshæfileikar og geta til að starfa sjálfstætt
· Frumkvæði og faglegur metnaður

## SÉRFRÆÐINGAR Í KERFISREKSTRI

Leitað er eftir öflugum einstaklingum báðar starfstöðvar Þekkingar, í Kópavogi og á Akureyri. Kerfisstjórar hjá Þekkingu annast rekstur og viðhald á tölvukerfum viðskiptavina, m.a. rekstur netþjóna, uppsetningar og viðhald tölvubúnaðar auk aðstoðar við tilboðsgerð og kynningar á þjónustu og lausnum.

▶ **Hæfniskröfur**
· Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
· Reynsla af vinnu með Microsoft-lausnir
· Reynsla af uppsetningum og viðhaldi á vélbúnaði og stýrikerfum
· Þekking og reynsla af rekstri miðlægra lausna Microsoft
· Microsoft-próf og aðrar viðeigandi sérfræðigráður æskilegar

## SÉRFRÆÐINGAR Í VERSLUNARKERFUM

Þekking er einn stærsti þjónustuaðili á Íslandi við fyrirtæki í verslanarekstri. Vegna aukinna verkefna þurfum við að bæta við öflugum einstaklingum til að sinna uppsetningum og viðhald á afgreiðslubúnaði í verslunum viðskiptavina.

▶ **Hæfniskröfur**
· Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
· Reynsla af uppsetningum og viðhaldi á vélbúnaði og stýrikerfum
· Þekking á uppbyggingu og virkni afgreiðslukerfa
· Microsoft próf og aðrar viðeigandi sérfræðigráður æskilegar
· Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

## SÉRFRÆÐINGUR Í NETLAUSNUM

Starfið felst í rekstri og umsjón netkerfa hjá Þekkingu og viðskiptavinum fyrirtækisins. Jafnframt innfelur starfið hönnun, uppsetningu og skjölun nýrra netkerfa ásamt ráðgjöf.

▶ **Hæfniskröfur**
· Reynsla á rekstri netkerfa og Cisco netbúnaðar
· Viðeigandi sérfræðigráður, t.d. Cisco, eru æskilegar
· Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
· Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

▶ Umsóknir og fyrirspurnir sendist í tölvupósti á **atvinna@thekking.is**

Kíktu inná heimasíðu okkar **thekking.is** og kynntu þér starfsemi okkar

Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar

Umsóknarfrestur er til **20. október nk.**

vinnustofan.is / 1013

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Kranamaður óskast

Eykt ehf óskar eftir vönum kranamanni til starfa sem fyrst vegna verkefna fyrirtækisins

Sækja skal um starfið á heimasíðu Eyktar. eykt@eykt.is undir „**Atvinna**" fyrir 18. Oktober næstkomandi.
Nánari upplýsingar veitir Heiðdís Búadóttir alla virka daga milli kl 09:00 -16:00 í síma 822-4415

Eykt ehf. Stórhöfða 34-40. 110 Reykjavík S: 595-4400

HÓLMADRANGUR
A leading company in prawn processing and marketing

## Langar þig að breyta til og fara út á land?

Við leitum eftir að ráða fólk í okkar rækjuvinnslu á Hólmavík. Um er að ræða almenn framleiðslustörf.



**Viðkomandi þarf að búa yfir:**

- Stundvísi
- Samviskusemi
- Sveigjanleika og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð

Frekari upplýsingar um verkefni, vinnufyrirkomulag og launakjör veitir. Þorsteinn rekstrarstjóri
**(S: 455-3200 eða netfang thorsteinn@holm.is)**

HEILSUGÆSLAN

## Barnalæknir
### við Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslunnar

**Laus er staða sérfræðings í barnalækningum, eða barna- og unglingageðlækningum, við Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslunnar (ÞHS) frá 1. janúar 2014. Um er að ræða 100% starfshlutfall eða eftir nánara samkomulagi.**

**Umsóknarfrestur er til 2. nóvember 2013.**

**ÞHS er miðlæg, sérhæfð starfseining innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis og sinnir greiningu, ráðgjöf, meðferð, fræðslu, rannsóknum, framþróun og starfsþjálfun í tengslum við börn sem hafa frávik í þroska, hegðun og/eða líðan.**

**Nánari upplýsingar finnast á www.heilsugaeslan.is/throskaoghegdunarstod**

Starf læknis felst einkum í greiningu, ráðgjöf og meðferð barna með þroska- og hegðunarvanda í þverfaglegu samstarfi við aðra sérfræðinga stöðvarinnar. Boðið er upp á fjölbreytt starf í örvandi starfsumhverfi og góðum starfsanda.

Æskilegt er að umsækjandi sé sérfræðingur í barnalækningum eða barna- og unglingageðlækningum. Mikilvægur eiginleiki er færni í mannlegum samskiptum og áhugi og vilji til að starfa í þverfaglegu teymi. Til greina kemur að ráða sérfræðing í heimilislækningum eða almennan lækni með áhuga á greiningu og meðferð vegna þroska- og hegðunarfrávika barna. Leiðsögn reynds barnalæknis og þátttaka í rannsóknarverkefnum er fyrir hendi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Katrín Davíðsdóttir barnalæknir, staðgengill forstöðumanns á Þroska- og hegðunarstöð í síma 585-1350 eða katrin.davidsdottir@heilsugaeslan.is

Sækja skal um starfið rafrænt á vefsíðu Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is) eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is). Umsókn skulu fylgja staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu K. Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir **2. nóvember. n.k.**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Reykjavík, 12. okt. 2013*
*Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins*
*www.heilsugaeslan.is/*
Álfabakka 16, 109 Reykjavík

13-2738 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



# Viltu þjóna flugi með okkur?

## Isavia óskar eftir að ráða deildarstjóra fjárreiðudeildar á skrifstofu félagsins á Reykjavíkurflugvelli

Í boði er krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá ört vaxandi fyrirtæki. Umsækjandi þarf að vera talnaglöggur, skipulagður og ekki síst skemmtilegur og vinna vel í hópi. Deildarstjóri fjárreiðudeildar heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs Isavia.

**Starfssvið og helstu verkefni:**

Greining og stýring á fjárhagsáhættu, sjóðstýring og ávöxtun á lausu fé, eftirlit með fjárfestingum, tryggingar og innkaup.

**Menntun og hæfniskröfur**

Háskólapróf, t.d. á sviði viðskiptafræða og viðeigandi fjármálatengd starfsreynsla svo sem við áhættu- og fjárstýringu. Góð tölvukunnátta er nauðsynleg ásamt öguðum og skipulögðum vinnubrögðum. Umsækjandi þarf að búa yfir góðri íslensku- og enskukunnáttu geta sýnt frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með **27. október**. Umsóknum skal skila inn rafrænt á **www.isavia.is/atvinna.** Þar er hægt að fá nánari upplýsingar um starfið sem og með því að senda tölvupóst á **sveinbjorn.indridason@isavia.is**.

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia starfa um 650 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

# Laus störf hjá Fjárvakri

Fjárvakur leitar að fjórum öflugum starfsmönnum í launadeild, upplýsingatæknideild, innheimtudeild og viðskiptabókhald. Fjárvakur er dótturfyrirtæki Icelandair Group og hefur sérhæft sig í umsjón fjármála frá árinu 2002. Hjá fyrirtækinu starfa um 120 manns á Íslandi og í Eistlandi sem búa yfir áralangri reynslu í rekstri kerfa og framleiðslu fjárhagsupplýsinga sem uppfylla ströngustu kröfur stjórnenda. Þjónusta Fjárvakurs skiptist í fjármálaþjónustu, starfsmannaþjónustu og flugmiðaþjónustu. Áhersla er lögð á gott starfsumhverfi, starfsánægju og starfsþróun. Nánari upplýsingar um Fjárvakur er að finna á www.fjarvakur.is.

Umsóknir skal fylla út á heimasíðu Fjárvakurs undir „Laus störf". **Umsóknarfrestur er til 25. október.** Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri Fjárvakurs, Halldóra Katla Guðmundsdóttir, í síma 5050 250 eða dora@fjarvakur.is. Öllum umsóknum er svarað og farið er með þær sem trúnaðarmál.

## Launafulltrúi

Launadeild sinnir launavinnslu og tengdum verkefnum fyrir um 40 viðskiptavini Fjárvakurs. Í dag eru rúmlega 5.000 starfsmenn á launaskrá.

**STARFSSVIÐ**
- Undirbúningur og skráning launa
- Samlestur og leiðrétting í launaprufu
- Skil og frágangur launagagna
- Upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Útgáfa á ýmsum vottorðum
- Móttaka og afhending skattkorta
- Aðstoð við kjarasamninga og túlkun þeirra
- Aðstoð við gerð ráðningar- og starfslokasamninga

**HÆFNIKRÖFUR**
- Reynsla af launavinnslu æskileg
- Reynsla af H3 Launum og H3 Mannauði kostur
- Góð Excel kunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Mikil þjónustulund og færni í samskiptum
- Við leitum að nákvæmum og talnaglöggum einstaklingi

## Verkefnastjóri í IT deild

Upplýsingatæknideild sinnir alhliða notendaþjónustu fyrir rúmlega 400 notendur um allan heim, þróun upplýsingakerfa í samstarfi við notendur, verkefnastjórnun og þarfagreiningum, innleiðingu og uppsetningu nýrra kerfa og samskiptum við samstarfsaðila í upplýsingatækni. Rekstri vinnustöðva og hýsingu netþjóna er úthýst.

**STARFSSVIÐ**
- Dagleg þjónusta við notendur hugbúnaðarkerfa Fjárvakurs
- Umsjón og skipulagning á uppfærslu og þróun kerfa og lausna
- Skipulagning og framkvæmd námskeiða fyrir starfsmenn og viðskiptavini varðandi kerfi og nýjungar
- Aðstoð við kynningar á þjónustu og lausnum Fjárvakurs
- Bilanavakt og neyðarþjónusta við notendur
- Önnur verkefni sem úthlutað er af deildarstjóra upplýsingatæknideildar

**HÆFNIKRÖFUR**
- Háskólapróf/diplóma á sviði tölvunarfræði eða sambærilegt nám og umtalsverð starfsreynsla
- Þekking og reynsla í forritun, XML og SQL gagnagrunnum
- Þekking og reynsla af fjárhagskerfum og/eða bókhaldi æskileg
- Mjög góð Excel þekking
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Mikil þjónustulund og færni í samskiptum

## Fulltrúi í innheimtudeild

Innheimtudeild Fjárvakurs sinnir innheimtu krafna fyrir viðskiptavini sína, allt frá fruminnheimtu til lögfræðiinnheimtu.

**STARFSSVIÐ**
- Ber ábyrgð á og hefur umsjón með daglegri innheimtu fyrir viðskiptavini
- Ber ábyrgð á gæðum og tímanleika verkefna
- Færsla innborgana
- Samskipti við viðskiptavini og lögfræðinga
- Þátttaka í uppbyggingu og þróun innheimtuþjónustu
- Önnur tilfallandi verkefni innan fjármálaþjónustu

**HÆFNIKRÖFUR**
- Mjög mikil reynsla í innheimtu
- Mjög góð þekking á innheimtulögum og reglum
- Góð enskukunnátta
- Góð Excel þekking
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Mikil þjónustulund og færni í samskiptum

## Starfsmaður í viðskiptabókhaldi

Deildin sér um almenna bókun, reikningagerð og afstemmingar.

**STARFSSVIÐ**
- Bókun söluuppgjöra
- Færsla, afstemmingar og úrvinnsla bókhalds
- Reikningagerð
- Samskipti við viðskiptamenn
- Önnur tilfallandi verkefni innan fjármálaþjónustu

**HÆFNIKRÖFUR**
- Reynsla og þekking í bókhaldi
- Góð Excel þekking
- Skipulögð vinnubrögð
- Viðkomandi þarf að vera talnaglöggur og þjónustulundaður einstaklingur

REYKJAVÍKURFLUGVELLI | 101 REYKJAVÍK
SÍMI 50 50 250 | WWW.FJARVAKUR.IS

FJÁRVAKUR
FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

ÍSLENSKA SIA.IS ICS 66094 10.2013

---

## Framkvæmdastjóri Skautasambands Íslands

Skautasamband Íslands (ÍSS) óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að stýra daglegum rekstri sambandsins. Um hlutastarf er að ræða.Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn ÍSS. Skautasamband Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri ÍSS, s.s. fjármál, gerð fjárhags- og starfsáætlana, samningagerð og umsjón með heimasíðu.
- Undirbúningur og framkvæmd móta sambandsins.
- Samskipti við aðildarfélög ÍSS, ÍSÍ og aðra aðila sem tengjast starfsemi sambandsins.
- Umsjón og ábyrgð á markaðsmálum.
- Fylgir eftir og innleiðir stefnu ÍSS.
- Vinnur að eflingu skautaíþróttarinnar og að öflun styrktaraðila.
- Starfar með stjórn ÍSS, samræmir verkefni og fylgir þeim eftir.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Haldgóð menntun sem nýtist í starfi.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta,í töluðu og rituðu máli.
- Þekking og reynsla af íþrótta- og félagastarfi er kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. október.**
Umsókn skal skilað á netfangið **skautasamband@skautasamband.is.** Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

---

## Ratsjár- og fjarskiptastöðin Bolafjalli Staðarhaldari

Landhelgisgæsla Íslands leitar að fjölhæfum starfsmanni til að sjá um viðhald kerfa og eftirlit með mannvirkjum á ratsjár- og fjarskiptastöðinni á Bolafjalli við Bolungarvík. Um er að ræða viðhald mannvirkja, kerfa og búnaðar þ.m.t. eru varaaflsvélar, órofavaraaflskerfi, kælikerfi og annar vélbúnaður, ásamt daglegu viðhaldi á mannvirkjum og búnaði samkvæmt leiðbeiningum.

**Meðal helstu verkefna má nefna:**
- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri stöðvarinnar ásamt samskiptum við aðrar deildir Landhelgisgæslunnar og staðaryfirvöld.
- Daglegt viðhald og eftirlit með mannvirkjum og kerfum sem og fjargæsla kerfa.
- Viðhald farartækja og vinnuvéla.
- Skýrslugerð, upplýsingagjöf og kostnaðareftirlit.
- Umsjón og eftirlit með verktökum.
- Öryggis-, eftirlits- og vinnuverndarmál.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Vélstjórnarmenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Reynsla af rekstri varaaflsbúnaðar, kælikerfum og rafbúnaði.
- Ökuréttindi fólksbíla með tengivagn - vinnuvélapróf
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Fagmennska, heiðarleiki og metnaður í starfi. Krafist er traustra vinnubragða, reglusemi og stundvísi.

Um starfið gildir að starfsmaður þarf að vera til taks vegna útkalla og er í því sambandi gerð krafa um búsetu í nágrannabyggðum stöðvarinnar.

Viðkomandi þarf að standast kröfur um öryggisvottun og bakgrunnsskoðun skv. lögum nr. 34/2008 og reglugerðum nr. 959/2012 og 985/2011.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Landhelgisgæslunnar við ráðningar í störf. Bæði kynin eru hvött til að gefa kost á sér í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Um er að ræða fullt starf.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skilað til Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14 eða á netfangið umsokn@lhg.is. Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk. Nánari upplýsingar veitir Georg Einir Friðriksson, Georg.Fridriksson@lhg.is

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
SKÓGARHLÍÐ 14 105 REYKJAVÍK
SÍMI 545 2000 FAX 545 2001 WWW.LHG.IS

EIGNAMIÐLUN

Eignamiðlun ehf. er elsta starfandi fasteignasala á Íslandi stofnuð árið 1957. Starfsfólk Eignamiðlunar býr yfir mikilli reynslu og sérþekkingu á sviði fasteignaviðskipta. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins má nefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, fjármálafyrirtæki, hið opinbera og sveitarfélög. Stærstu verkefni Eignamiðlunar eru sala á íbúðar- og atvinnuhúsnæði og verðmöt á fasteignum.

# Þekkir þú fasteignamarkaðinn vel?

Fasteignasalan Eignamiðlun ehf. leitar að öflugum sölumönnum til að sinna sölu á atvinnu- og íbúðarhúsnæði.

**Helstu verkefni og hæfniskröfur**

- Sala og tilboðsgerð
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi

## Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 22. október.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

VR

VR var stofnað 1891 af launþegum og atvinnurekendum í verslunarstétt sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og varð hreint launþegafélag 28. febrúar 1955. Nafni félagsins var breytt í VR á aðalfundi 26. apríl 2006.

Tilgangur félagsins er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna. Sjá nánar á **www.vr.is**.

# Sérfræðingur á Þróunarsvið

VR óskar eftir að ráða til starfa sérfræðing sem m.a. mun sinna verkefnum á sviði starfsmenntamála, hafa umsjón með námskeiðum og taka þátt í ýmsum tilfallandi verkefnum á Þróunarsviði félagsins.

**Helstu verkefni sérfræðingsins verða:**

- Vinna á sviði starfsmenntamála og fræðslu, s.s. þróun starfsmenntunar/fagmenntunar fyrir verslunar- og þjónustugreinar
- Vinna við kynningarmál til einstaklinga og fyrirtækja, s.s. með greinaskrifum og heimsóknum til fyrirtækja
- Samskipti við stofnanir á sviði endur- og símenntunar
- Vinna við umsjón námskeiða og funda á vegum félagsins
- Vinna með trúnaðarmönnum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. kennaramenntun
- Starfsreynsla á sviði fullorðinsfræðslu
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

## Upplýsingar veitir:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. október nk.**

**Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

Í Borgarnesi búa rúmlega 1800 íbúar og er bærinn rómaður fyrir fagurt bæjarstæði og umhverfi. Bærinn er miðstöð þjónustu fyrir Borgarbyggð og fjölmargir íbúar á Vesturlandi öllu nýta sér ýmiskonar þjónustu sem þar er í boði. Í Borgarnesi er góð aðstaða til íþróttaiðkunar, menningarlíf öflugt og fjölbreytt félagslíf. Þar er nýr og glæsilegur menntaskóli og í nágrenninu eru háskólarnir á Bifröst og Hvanneyri.

Grunnskólinn í Borgarnesi er heildstæður grunnskóli og í dag eru nemendur tæplega 300 og fjöldi starfsmanna er um 60. Skólinn vinnur samkvæmt Uppbyggingarstefnunni, er Heilsueflandi grunnskóli og Grænfánaskóli. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru; sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur. Frekari upplýsingar má sjá á heimasíðu skólans **www.grunnborg.is**

# Skólastjóri Grunnskólans í Borgarnesi

Staða skólastjóra við Grunnskólann í Borgarnesi er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans. Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

**Starfssvið og meginhlutverk**

- Skólastjóri ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun og framgang faglegrar stefnu.
- Meginviðfangsefni skólastjóra er faglegt leiðtoga-hlutverk. Hann vinnur náið með starfsfólki að því að skapa frjóar námsaðstæður og leiðir og hvetur og styður kennara með þeim hætti að hvert barn nái góðum árangri í námi.
- Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi hans.
- Hann ber jafnframt ábyrgð á starfsmannamálum og samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla
- Meistarapróf í menntunarfræðum eða öðru fagi sem nýtist í starfi
- Menntun á sviði rekstrar er kostur
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Færni í starfsmannastjórnun
- Lipurð og færni í samskiptum
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf
- Sveigjanleiki og víðsýni
- Reynsla af starfi í skólum
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og rekstrar er æskileg

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér starfsemi Grunnskólans í Borgarnesi þróast undir sinni stjórn.

## Upplýsingar veita:

Ásthildur Magnúsdóttir fræðslustjóri, s. 433 7100, asthildur@borgarbyggd.is

Inga Steinunn Arnardóttir, ráðgjafi Hagvangs, inga@hagvangur.is

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Borgarbyggðar eru bæði konur og karlar hvött til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 24. október nk.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# SÉRKENNSLUSTJÓRI

**Leikskólinn Hulduheimar auglýsir eftir sérkennslustjóra**

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Starfssvið:**
- Er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum, annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskólans.
- Hefur yfirumsjón með gerð verkefna og ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Veitir foreldrum/forráðamönnum barna sem njóta sérkennslu stuðning, fræðslu og ráðgjöf.
- Sinnir þeim verkefnum er varða sérkennslu sem yfirmaður felur honum
- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Árborgar.
- Vinnur að framkvæmd og þróun skólaþjónustunnar í samstarfi við leikskólastjóra og ráðgjafa.

**Menntun, reynsla og hæfni:**
- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun í sérkennslufræðum
- Reynsla af starfi með börnum
- Færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Starfið hentar jafnt konum sem körlum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2014

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Frekari upplýsingar veitir Eygló Aðalsteinsdóttir, leikskólastjóri, í síma 4803282 eða með netfangi: eyglo@arborg.is.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til Eyglóar Aðalsteinsdóttur leikskólastjóra fyrir **15. nóvember. nk.** Umsóknareyðublöð liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi og á heimasíðu Sveitarfélagsins

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Hugbúnaðarsérfræðingur í UT deild
- Náttúrufræðingur á Náttúrufræðistofu Kópavogs
- Starfsmaður á heimili fyrir fatlaða
- Skólaliði í Lindaskóla

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is




Controlant leitar að reyndum sölustjóra til að leiða sölustarf fyrirtækisins á erlendum mörkuðum. Um er að ræða lykilhlutverk í vexti og þróun fyrirtækisins.

**Controlant** er íslenskt hátæknifyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir í rauntímavöktun verðmæta. Lausnir fyrirtækisins hafa náð útbreiðslu á innlendum og erlendum lyfja- og matvælamarkaði. Þær hafa samkeppnisforskot og byggja á þráðlausri tækni, hugbúnaðarlausnum og miðlægu gagnagrunnskerfi sem fyrirtækið hefur þróað á undanförnum árum. Sjá nánar um fyrirtækið á www.controlant.com.

## Sölustjóri

Controlant óskar eftir að ráða sölustjóra með áherslu á matvælamarkað og matvælaiðnað. Sölustjóri er staðsettur á Íslandi en starfið mun krefjast ferðalaga.

**Starfssvið**
- Leiða uppbyggingu sölustarfs
- Bein sala, samningagerð og umsjón með stærri sölum
- Val samstarfs- og endursöluaðila, samningar við þá og stuðningur til að ná árangri
- Virk þátttaka í frekari þróun fyrirtækisins

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi, þ.e. árangursrík sölureynsla og uppbygging sölustarfs á erlendum mörkuðum
- Leiðtogahæfileikar
- Öguð vinnubrögð og góð enskukunnátta í ræðu og riti

intellecta Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Controlant ehf. | Crensásvegi 7 | 108 Reykjavík | sími 517 0630 | www.controlant.com

controlant

Grindavíkurbær

## Kerfisstjóri

Grindavíkurbær auglýsir starf kerfisstjóra Grindavíkurbæjar laust til umsóknar.

**Helstu verkefni kerfisstjóra**
- Annast daglegan rekstur net-, síma- og tölvukerfis Grindavíkurbæjar.
- Uppsetning á vél-, hug- og jaðarbúnaði.
- Umsjón með tölvum og öðrum vélbúnaði.
- Notendaumsýsla, stofnun og viðhald notenda.
- Eftirlit með hugbúnaði.
- Umsjón og eftirlit með fjárhagskerfum bæjarins.
- Umsjón með afritun og geymslu rafrænna gagna.
- Innkaup og ráðgjöf vegna vél- og hugbúnaðar fyrir stofnanir bæjarins.
- Ábyrgð á að tölvudeild sé innan fjárheimilda hverju sinni.
- Almenn ráðgjöf og aðstoð við starfsmenn bæjarins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði upplýsingatækni, svo sem kerfisfræði, kerfisstjórnun eða sambærilegt.
- MCSA, MCSE eða MCITP vottun æskileg. Haldbær reynsla af sambærilegu starfi við rekstur tölvukerfa.
- Góð net- og hugbúnaðarþekking og þekking á vélbúnaði. Góð þekking á helstu stýrikerfum. Þekking á SQL server, Exchange server, Windows o.fl

Lögð er áhersla á frumkvæði í starfi, skipulagshæfni, sveigjanleika sem og afbragðs þjónustulund, og færni í mannlegum samskiptum.

Kerfisstjóri hefur starfsaðstöðu á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja og þarf umsækjandi helst að geta hafið störf 1. desember 2013.

Grindavíkurbær er um 2.900 íbúa samfélag í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í Grindavík er lögð áhersla á fjölskylduvænt umhverfi, íþróttastarf og heilsueflingu í skóla og leikskóla. Starfsmenn Grindavíkurbæjar eru um 170, en bærinn býður upp á alla helstu opinbera þjónustu. Starfsmenn Grindavíkurbæjar hafa sett sér eftirfarandi gildi sem unnið er eftir í starfsemi bæjarins: jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. október nk.**
Umsókn skal fylgja ferilskrá með upplýsingum um menntun og starfsferil.
Umsóknum skal skila á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar merkt „Kerfisstjóri" eða í netfangið **jont@grindavik.is.**

Nánari upplýsingar um starfið gefur kerfisstjóri Grindavíkurbæjar, í síma 660-7326 eða í tölvupósti: tolvudeildin@grindavik.is,

*Jón Þórisson*
*sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs*

K-Bar er nýr spennandi veitingastaður í hjarta Reykjavíkur. Maturinn sem er undir áhrifum frá kóreönskum götumat er allur gerður frá grunni á staðnum. Mikil áhersla er lögð á bjór, við verðum með yfir 100 tegundir af bjór á listanum ásamt kynlegum kokkteilum.

Okkur vantar fólk í eftirfarandi stöður:

- Matreiðslumenn á vaktir
- Matreiðslumenn í hlutastarf
- Morgunverðarkokka
- Aðstoðarfólk í eldhús
- Vana þjóna í fullt starf og í hlutastarf
- Uppvaskara

Einungis harðduglegt og reglusamt fólk með reynslu kemur til greina. Starfsmenn þurfa að hafa gott vald á ensku og lipurð í mannlegum samskiptum.

Vinsamlegast sendið umsóknir á:
oli@kbar.is




## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



# STÖRF HJÁ ICELANDAIR

Tæknideild Icelandair á Keflavíkurflugvelli leitar að öflugum liðsmönnum í spennandi og krefjandi störf í góðu starfsumhverfi. Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingum með framúrskarandi samskiptahæfileika sem finnst gott að vinna sem hluti af liðsheild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Lögð er rík áhersla á öguð og sjálfstæð vinnubrögð, samviskusemi og eftirfylgni.

## SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐHALDSSTÝRINGU VARAHLUTA Í INNKAUPADEILD

**STARFSLÝSING**

- Umsjón með skipulögðum hlutaskiptum
- Vera tengiliður milli skipulagsdeildar og viðgerðarsviðs
- Skráning og uppfærsla á söluskrá
- Eftirfylgni með hlutum sem eru í ábyrgð

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða reksturs
- Mjög góður talnaskilningur
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta og skipulagshæfileikar

**Nánari upplýsingar veita**
Elentínus Margeirsson | elentinus@its.is og Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

## STARFSMAÐUR TÆKNIÞJÓNUSTU Í VERKFRÆÐIDEILD

**STARFSSVIÐ:**

- Uppfærsla viðhaldskrafna
- Framsetning viðhaldsfyrirmæla í tölvukerfi félagsins
- Skýrslugerð
- Samskipti við Flugmálastjórn
- Umsjón með „line manual" fyrir vélar Icelandair og viðskiptavini Icelandair.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Próf í verkfræði, tæknifræði eða flugvirkjun með sérþekkingu á þessu sviði
- Þekking og reynsla í viðhaldskerfum flugvéla æskileg
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg, sérstaklega í Excel
- Góð hæfni í samskiptum

## SÉRFRÆÐINGUR Í VERKFRÆÐIDEILD

**STARFSSVIÐ:**

- Eftirlit og ráðgjöf varðandi viðgerðir og endurbætur
- Afgreiðsla lofthæfifyrirmæla og breytinga frá framleiðendum
- Umsjón með tæknigögnum er varða viðvarandi lofthæfi flugvéla
- Samskipti við framleiðendur
- Verkefnastjórnun, áætlanagerð og kostnaðareftirlit

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Próf í vélaverkfræði, véltæknifræði, flugvélaverkfræði eða flugvirkjun með sérþekkingu á þessum sviðum
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Mjög góð enskukunnátta í bæði töluðu og rituðu máli
- Góðir samskiptahæfileikar
- Öguð og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði

**Nánari upplýsingar veita**
Unnar M. Sumarliðason | unnar@its.is og Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

**+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 20. október 2013.**

ICELANDAIR

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Söluráðgjafi

**Katla matvælaiðja ehf óskar eftir að ráða árangursdrifinn söluráðgjafa til starfa.**

**Starfssvið:**
- Hafa samband við og heimsækja viðskiptavini reglulega
- Leita nýrra vara og greina markað fyrir vöru fyrirtækisins
- Vinna að gerð söluáætlunar
- Ábyrgð og umsjón með samskiptum við birgja
- Vinna að markaðsáætlun í samvinnu við aðra söluráðgjafa og sölu- og markaðsstjóra

**Hæfniskröfur:**
- Æskilegt að hafa þekkingu eða innsýn í matvælaiðnaðinn
- Árangursrík reynsla af sölustörfum
- Geta til að sýna frumkvæði að nýjungum
- Góð samskiptahæfni, sjálfstæði og dugnaður
- Eiga gott með að vinna sem hluti af liðsheild
- Almenn tölvuþekking
- Skipulögð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar veitir Gísli V. Jónsson í síma 824 4340.**
**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendast á sala@katla.is fyrir 18. okt**

Katla er fyrirtæki sem var stofnað árið 1954 og hefur fyrirtækið lagt áherslu á gæðavörur fyrir neytendur, en það sérhæfir sig einnig í framleiðslu og þróun lausna fyrir bakarí, kjötiðnað og fiskiðnað.

# Matráður óskast

Systurfyrirtækin Heimsferðir, Terra Nova og Primera Travel Group óska eftir matráði til starfa. Við leitum að starfsmanni sem hefur mikinn áhuga á matargerð, er þjónustulundaður og tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að stuðla að góðum starfsanda. Þú verður hluti af frábærum hópi sem í dag telur um 40 starfsmenn. Um hlutastarf er að ræða og er vinnutími alla virka daga frá kl. 08.00-13.30.

**Helstu verkefni:**
- Undirbúningur og framreiðsla hádegisverðar
- Frágangur, uppvask og þrif
- Umsjón með innkaupum

Eingöngu er tekið við skriflegum umsóknum með mynd ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu og fleira. Upplýsingar eru ekki veittar í síma. Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknarfrestur er til 26. október.**

**Umsókn sendist til:**
Heimsferðir, Skógarhlíð 18, 105 Reykjavík eða á netfang starf@heimsferdir.is

Terra Nova · Heimsferðir · Primera TRAVEL GROUP

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Gæðastjóri | Tollstjóri | Reykjavík | 201310/035 |
| Umsjónarmaður rekstrar | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201310/034 |
| Barnalæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201310/033 |
| Tæknimaður | HÍ, Líf- og umhverfisvísindastofnun | Reykjavík | 201310/032 |
| Tækjavörður | HÍ, Líf- og umhverfisvísindastofnun | Reykjavík | 201310/031 |
| Forstöðumaður | HÍ, MARK | Reykjavík | 201310/030 |
| Sjúkraliði á skurðstofu | LSH, augnskurðstofur | Reykjavík | 201310/029 |
| Deildarlæknar í starfsnámi | LSH, aðstoðarlæknar lyflækninga | Reykjavík | 201310/028 |
| Sérfræðilæknir | LSH, svæfinga- og gjörgæslulækn. | Reykjavík | 201310/027 |
| Skurðhjúkrun | LSH, skurðstofur LSH | Reykjavík | 201310/026 |
| Starfsmaður í eldhús | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201310/025 |
| Framkvæmdastjóri lækninga | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201310/024 |
| Matráður | Landmælingar Íslands | Akranes | 201310/023 |
| Starfsmaður í dægradvöl | Sólvangur | Hafnarfjörður | 201310/022 |
| Vélamaður | Vegagerðin | Patreksfjörður | 201310/021 |
| Starf í móttöku | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201310/020 |
| Skrifstofumaður | Hæstiréttur Íslands | Reykjavík | 201310/019 |
| Móttökuritari | Heilsugæslustöðin í Laugarási | Suðurland | 201310/018 |
| Lögfræðingur | Matvælastofnun | Selfoss | 201310/017 |

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# AUGNSKURÐSTOFUR

## Sjúkraliði

Laust er til umsóknar starf sjúkraliða á augnskurðstofum LSH við Hringbraut. Starfið er fjölbreytt og krefjandi. Í boði er góð einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra starfsmanna.

### Helstu verkefni og ábyrgð
» Aðstoð á skurðstofum á augnskurðdeild
» Undirbúningur fyrir og eftir aðgerðir

### Hæfnikröfur
» Sjúkraliðamenntun
» Faglegur metnaður
» Góð samskiptahæfni
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

### Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 26. október 2013.
» Starfshlutfall er 60%, unnið er í dagvinnu.
» Starfið er laust frá 1. nóvember 2013 eða eftir nánara samkomulagi.
» Upplýsingar veitir Erlín Óskarsdóttir, deildarstjóri, netfang erlin@landspitali.is, sími 825 3588.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# SKURÐHJÚKRUN

## Hjúkrunarfræðingur

Laust er til umsóknar starf skurðhjúkrunarfræðings á skurðstofum LSH við Hringbraut. Á skurðstofum LSH er veitt sérhæfð og umfangsmikil þjónusta við sjúklinga. Unnið er eftir hugmyndafræði um einstaklingshæfða hjúkrun.

Við leitum eftir jákvæðum, duglegum og metnaðarfullum hjúkrunarfræðingi sem er tilbúinn að leggja okkur lið við að veita framúrskarandi þjónustu.

Á deildinni ríkir góður starfsandi, hátt hlutfall reyndra hjúkrunarfæðinga og einhugur um að taka vel á móti nýjum hjúkrunarfræðingum til starfa.

### Helstu verkefni og ábyrgð
» Skurðhjúkrunarfræðingur starfar í skurðaðgerðum samkvæmt teymisskipulagi deildar
» Hjúkrunarfræðingur ákveður, skráir og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við þarfir skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu og vinnureglum deildar

### Hæfnikröfur
» Sérnám í skurðhjúkrun
» Faglegur metnaður
» Góð samskiptahæfni
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

### Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 26. október 2013.
» Starfið er laust frá 1. nóvember 2013 eða eftir samkomulagi.
» Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði, vinnuskipulag tekur mið af vaktafyrirkomulagi skurðstofa.
» Upplýsingar veita Erlín Óskarsdóttir, deildarstjóri, netfang erlin@landspitali.is, sími 825 3588 og Helga G. Hallgrímsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, netfang helgahal@landspitali.is, sími 863 3155.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## Starf í mötuneyti

Aðföng óskar eftir aðstoðarmanni í mötuneyti.
Vinnutími er frá 10-14 virka dag.
Nánari upplýsingar gefur Svala í síma 530-5611.

Umsóknir sendist á heida@adfong.is

AÐFÖNG

BAUHAUS

## Þjónustufulltrúi - hlutastarf

Við óskum eftir starfsfólki, ekki yngri en 20 ára, í afgreiðslu á þjónustuborð í verslun okkar um helgar.

Einnig óskum við eftir starfsfólki, ekki yngri en 20 ára, í afgreiðslu á þjónustuborð í timbursölu seinnipart dags og um helgar.

**Umsóknarfresturinn er til og með 19/10 2013**

**Vinsamlegast sendið umsóknir á cim.reykjavik@bauhaus.is**

# Við leitum að fagmanni!

## Vilt þú verða sölumaður í hressilegu teymi Vatnsvirkjans?

### Hæfniskröfur:

- Reynsla í pípulögnum skilyrði
- Menntun í pípulögnum eða sambærilegu fagi
- Frumkvæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

### Við bjóðum:

- Spennandi starf
- Uppbyggilegt, lifandi og fjölbreytt vinnuumhverfi
- Góð laun




**Þjónusta við fagmenn í yfir 50 ár með pípulagnaefni m.a**

- Foreinangruð hitaveiturör
- Dælur, allar gerðir
- PPR rör og fittings
- Danfoss stýringar
- Ryðfrí rör og fittings
- Álpex rör og fittings
- Svart/Galv rör og fittings
- Festingar allar gerðir

**Umsóknarfrestur er til og með 20. Október nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar gefur Palli í síma 860-4460 eða palli@vatnsvirkinn.is**

50 ár

VATNSVIRKINN
Smiðjuvegi 11 - Sími: 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is



# *Framkvæmdastjóri Stjörnunnar*

**UMF Stjarnan leitar að framkvæmdastjóra til þess að leiða starf félagsins á spennandi tímum.** Um er að ræða áhugavert og krefjandi starf í skemmtilegu og fjölbreyttu starfsumhverfi. Innan Stjörnunnar er rekið öflugt barna-, unglinga- og afreksstarf og innan félagsins starfar sterkur hópur starfsmanna, þjálfara, iðkenda og sjálfboðaliða. Leitað er að öflugum einstaklingi með frumkvæði og áhuga á að leiða sterka liðsheild.

### Starfssvið

- Mótun og innleiðing á stefnu Stjörnunnar í samvinnu við aðalstjórn félagsins
- Daglegur rekstur Stjörnunnar
- Samskipti við iðkendur, sjálfboðaliða, íþróttahreyfinguna og Garðabæ.
- Starfsmannastjórnun
- Samskipti við styrktaraðila

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri, t.d. íþróttafélaga
- Reynsla af starfi íþróttafélaga og/eða félagasamtaka
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og leiðtogahæfileikar

**Umsóknum** auk ferilskrár skal skilað á **stjarnan.starf@gmail.com** eigi síðar en 28. október 2013.

**Nánari upplýsingar** veitir Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður Stjörnunnar. Sími 860 4186 - tölvupóstur stjarnan.starf@gmail.com

FAGMENNSKA
SAMVINNA
GLEÐI
ÁRANGUR




Þann 1. nóvember nk. munu Jötunn Vélar ehf. taka við sem umboðsaðili Toro á Íslandi. Í tilefni þess munu Jötunn Vélar opna starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu á næstunni. Toro er leiðandi á heimsvísu í framleiðslu á tækjum og búnaði fyrir golfvelli og græn svæði. Fyrirtækið var stofnað árið 1914 og er stærsti framleiðandi á sínu sviði í heiminum. Aðalstöðvar Toro eru í Bandaríkjunum.

## Óskum eftir að ráða starfsmann í varahluta- og viðgerðarþjónustu

*með aðsetur í Reykjavík.*

**Starfssvið:**

Starfið felst m.a. í sölu varahluta og rekstrarvara til viðskiptavina, umsjón og ábyrgð á innkaupum frá erlendum birgjum og viðgerðarþjónustu á vélum.

**Hæfniskröfur:**

- *Menntun og reynsla sem nýtist í starfi*
- *Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi*
- *Góð þjónustulund og fagleg framkoma*
- *Sjálfstæð vinnubrögð*
- *Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum*

***Umsóknarfrestur er til og með 25. október nk.***

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá á netfangið gudmundur@jotunn.is. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Þór Guðjónsson fjármálastjóri í síma 480 0400.

Jötunn Vélar er framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á vélum og búnaði tengdum landbúnaði, grænum svæðum og jarðvinnuverktökum. Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og hraðvirka þjónustu. Meðal helstu vörumerkja sem fyrirtækið er innflytjandi að eru: Massey Ferguson, Valtra, Pöttinger, Schaffer og McHale. Auk þess er varahlutaþjónusta við önnur vörumerki ört vaxandi. Má þar nefna New Holland, Zetor, Case, Steyr, Fendt, Terex, JCB, Ford. Jötunn Vélar eru með starfssöðvar á Selfossi og Akureyri og mun Reykjavík bætast í hópinn innan skamms. Hjá fyrirtækinu starfa 27 manns.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

www.jotunn.is
Austurvegur 69 - 800 Selfossi | Lónsbakki - 601 Akureyri | Reykjavík
Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610 | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is

---

## NORTHERN PARTNERS

Northern Partners óskar eftir smiðum til vinnu í Stavanger og Oslo. Verkefnin dreifast yfir veturinn og er um að ræða bæði akkorð og/eða tímavinnu. Mögulegt er að semja um verktöku til skemmri tíma og mikil vinna í boði fyrir rétta aðila.

Vinsamlega sendið umsókn með upplýsingum til:
**atvinna@northernpartners.no**

---

## Ertu frábær kokkur?

Eitt af betri veitingahúsum í miðborg Reykjavíkur vantar matreiðslumann fljótlega.

Leitum að aðila sem ekki er bara frábær að elda mat heldur getur tekið ábyrgð, er vinnusamur, stundvís og virðir starfið sitt. Góð laun fyrir réttan aðila.

Áhugasamir vinsamlega sendið línu á **box@frett.is merkt „kokkur 1210“**

Öllum fyrirspurnum verðum svarað.

---

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

---

## VSÓ RÁÐGJÖF

www.vso.is



Vegna aukinna umsvifa vill VSÓ Ráðgjöf bæta við sig nýjum liðsmönnum:

### Rafmagnsverkfræðingum og/eða rafmagnstæknifræðingum

Helstu viðfangsefni eru:

- Hönnun rafkerfa og lýsingar í húsbyggingum og öðrum mannvirkjum.
- Lýsingarhönnun gatna, stíga og umhverfis.
- Ráðgjöf, áætlanagerð og þátttaka í framkvæmdaeftirliti.

### Verkfræðingum og/eða tæknifræðingum við hönnun lagna- og loftræsikerfa

Helstu viðfangsefni eru:

- Hönnun lagna- og loftræsikerfa í byggingar.
- Ráðgjöf, áætlanagerð og þátttaka í framkvæmdaeftirliti.

Leitað er að fólki sem býr yfir:

- Metnaði og vilja til að þroskast í starfi.
- Kunnáttu í ensku og a.m.k. einu norðurlandamáli.
- Góðum hæfileikum til að tjá sig í ræðu og riti.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

A.m.k. 3-5 ára starfsreynsla er ótvíræður kostur.
Æskilegt er að viðkomandi séu reiðubúnir til að sinna verkefnum bæði hér á landi og í Noregi.

VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu 1958 og er eitt af rótgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins. Mikil áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og góða þjónustu.

Starfsmenn VSÓ Ráðgjafar eru nú um 60 og sinna alhliða hönnun og ráðgjöf vegna hverskonar mannvirkjagerðar, skipulags og umhverfismála.

Verkefni stofunnar eru á Íslandi, Norðurlöndunum og víðar um heim.

VSÓ er í samstarfi við erlend ráðgjafarfyrirtæki og VSO Consulting AS er dótturfyrirtæki VSÓ í Noregi.

**VSÓ Ráðgjöf býður starfsmönnum sínum samkeppnishæf kjör, góða vinnuaðstöðu, fjölskylduvænan vinnustað, góða vinnufélaga og fjölbreytt verkefni. Fyrirspurnir og umsóknir skulu sendast á netfangið umsokn@vso.is fyrir 27. október 2013.**

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, heimasíða: www.vso.is

# Smiðir

**Vestfirðirnir kalla! Vantar nokkra smiði í uppsteypuverkefni á Vestfjörðum**

**Upplýsingar í s. 897 5307 eða heimab@simnet.is**

---

# Viltu byrja með okkur?

ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN

- **Þjónn í sal – 100% starf**

Hamborgarafabrikkan í Reykjavík leitar að metnaðarfullum og hressum þjóni í 100% starf.
Ef þú ert heiðarlegur og jákvæður einstaklingur með jákvætt viðhorf til lífsins hvetjum við þig til að sækja um.

**Umsóknir ásamt mynd sendist á atvinna@fabrikkan.is**

**Hamborgarafabrikkan**

---

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# SVÆFINGA- OG GJÖRGÆSLULÆKNINGAR

## Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í svæfinga- og gjörgæslulækningum á Landspítala. Starfsvettvangur innan spítalans verður einkum við Hringbraut en einnig í Fossvogi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Sérfræðistörf í samráði við yfirlækna sérgreinarinnar, s.s. vinna á skurðstofum, gjörgæslu, móttöku, við svæfingar á útstöðvum sjúkrahússins, bráðameðferð og meðhöndlun bráðra og langvinnra verkja
» Þátttaka í bakvöktum og bundnum staðarvöktum samkvæmt vaktafyrirkomulagi sérgreinarinnar
» Þáttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækna og prófessor

### Hæfnikröfur

» Íslensk sérfræðiviðurkenning í svæfinga- og gjörgæslulækningum
» Frekari sérhæfing í barnasvæfingum og/eða gjörgæslulækningum er æskileg en ekki skilyrði
» Reynsla í kennslu og vísindavinnu er æskileg en ekki skilyrði
» Vilji til frekari sérhæfingar í samráði við yfirlækna deildarinnar
» Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 26. október 2013.
» Starfshlutfall er 100%.
» Starfið veitist frá 1. janúar 2014 eða eftir nánara samkomulagi.
» Upplýsingar veitir Gísli Vigfússon, yfirlæknir, netfang gislivig@landspitali.is, sími 543 1000.
» Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH Skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut, 101 Reykjavík.
» Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
» Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
» Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

**Ásdís Inga Jónsdóttir**
**Elín Margrét Jónsdóttir** **Kári Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Ég þrái þig í Háteigskirkju

## Hörn Hrafnsdóttir og Eva Þyri Hilmarsdóttir bjóða upp á frönsk ljóð og sönglög.

Hörn Hrafnsdóttir mezzósópran og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari halda tónleika í Háteigskirkju annað kvöld, sunnudaginn 13. október, undir yfirskriftinni Je te veux, eða „Ég þrái þig“.

Þar munu þær bjóða hlustendum upp á frönsk ljóð, sönglög og aríur um ástir og þrár með verkum eftir tónskáldin Fauré, Hahn, Debussy, Satie, Thomas, Gounod, Saint-Saëns, Bizet og Offenbach.

Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Listafélag Háteigskirkju og hefjast klukkan 20. Miðaverð er 2.500 krónur en frítt er inn fyrir tólf ára og yngri.



**ÉG ÞRÁI ÞIG** Hörn Hrafnsdóttir og Eva Þyri Hilmarsdóttir.



**STYRKÞEGAR** Það var föngulegur hópur sem fékk menntunarstyrk í Hörpu á fimmtudagskvöldið frá sjóðnum Þú getur.
MYND/RAGNHEIÐUR ARNGRÍMSDÓTTIR

# Féð fæst með tónlistinni

## Forvarna- og fræðslusjóðurinn Þú getur veitti styrki í vikunni til 44 einstaklinga sem hafa átt við geðræn veikindi að stríða en eru í eflingarmeðferð og námi innan skólakerfisins.

„Við veitum styrki einu sinni á ári og settum okkur það markmið í ár að allir sem sæktu um og uppfylltu skilyrðin fengju úthlutað. Við viljum styðja við ákveðna áfanga í námi fólks sem hefur átt við geðrænan vanda að stríða, það geta verið skólagjöld einn vetur, tölvukaup eða bókakaup. Í ár sóttu 44 um, sem er meira en nokkru sinni áður, og þeir fengu allir styrk,“ segir Ólafur Þór Ævarsson, formaður sjóðsins Þú getur.

Ólafur segir fólk í framhaldsskólum, háskólum, tækniskólum og tónlistarskólum geta sótt um. Þarf það að framvísa læknisvottorði? „Nei, það skrifar okkur hvað það er að gera og sendir inn fjárhagsáætlun og læknir eða annar meðferðaraðili skrifar umsögn með, um það hvernig staðan er. Meðferðaraðilarnir taka þannig þátt og stýra því í raun að peningarnir fari á réttan stað á réttum tíma.“

Heildarupphæðin sem úthlutað var nú var tæpar sex milljónir króna. Ólafur segir þeirra hafa verið aflað gegnum tónlist. „Við höfum verið með styrktartónleika í Hörpu, í kirkjum og víðar. Nú ætlum við að gera tilraun til að ná inn peningum með söfnunartónleikum í sjónvarpinu í kvöld. Við viljum ekki vera of ágeng heldur að tónlistin njóti sín. Það eru tónlistarmennirnir sem gefa vinnu sína og þannig fáum við peninga í sjóðinn. Á skjánum er smágluggi sem sýnir símanúmer sem fólk getur hringt í til að gefa.“

gun@frettabladid.is



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRUNN INGVARSDÓTTIR**
**Rauðalæk 27, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 6. október á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut. Hún verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 14. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartavernd.

**Inga Ásgeirsdóttir** **Sæmundur Gunnarsson**
**Ásgeir Ásgeirsson**
**Sigurjón Ásgeirsson** **Ragnheiður Ragnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.**



✝

Ástkær sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BRAGI GUÐMUNDSSON**
**verkfræðingur,**

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 4. október, verður jarðsunginn frá Garðakirkju miðvikudaginn 16. október klukkan 13.00.

**Ragnheiður Pálsdóttir**
**Guðmundur Karl Bragason** **Ann-Christin Bragason**
**Halldóra Bragadóttir** **Lars Gunnarsson**
**Bragi Már Bragason** **Sigurlaug Jakobsdóttir**
**barnabörn og langafabarn.**



✝

Hjartans þakkir og hlýhug sendum við til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og veittu okkur styrk í tengslum við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**ÞORGEIRS BJÖRGVINSSONAR.**

**Klara Guðrún Hafsteinsdóttir**
**Hugrún Diljá Þorgeirsdóttir** **Stefán Atli Guðnason**
**Íris Rut Þorgeirsdóttir** **Atli Bjarnason**
**Lýdía Þorgeirsdóttir**
**Eygló Þorgeirsdóttir**
**Klara Líf og María Margrét**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, ömmu og stjúpmóður,

**GUÐRÚNAR ÞORGEIRSDÓTTUR**
**Asparfelli 4, Reykjavík.**

**Þorgeir Ingvason**
**Þorgeir Pétursson** **Stella Skúladóttir**
**Sturla Pétursson** **Anna Kristín Björnsdóttir**
**Áki Pétursson** **Kristín Bjarney Sigurðardóttir**
**Sigrún Linda Þorgeirsdóttir**
**Þórir Viðar Þorgeirsson**



Can Can
35.000 kr.
Verð áður 55.000 kr.

# SÍÐASTI DAGURINN
# ENN MEIRI AFSLÁTTUR



## LJÓSASALA Í LUMEX

Til að rýma fyrir nýjum og glæsilegum vörum
bjóðum við úrval ljósa og fylgihluta á frábæru verði.
**Láttu sjá þig, það er síðasti dagurinn í dag!**

Skipholti 37
Sími 568 8388
**Opið laugardaga frá 11-16**

LUMEX
Síðan 1985



KL. 20:40 ÁSTRÍÐUR

Ástríður er nú orðin yfirmaður í skilanefnd fjárfestingarbanka í borginni í þessum bráðskemmtilegu gamanþáttum.

Frábært sunnudagskvöld

KL. 19:40 SJÁLFSTÆTT FÓLK

Jón Ársæll heldur áfram að taka púlsinn á áhugaverðum Íslendingum sem hafa sögur að segja.



KL. 20:15 THE CRAZY ONES

Geggjaðir gamanþættir með Robin Williams og Sarah Michelle Gellar í aðalhlutverkum.



KL. 21:05 HOMELAND

Magnaðir spennuþættir sem unnu tvenn Emmy verðlaun í ár.



KL. 21:55 BOARDWALK EMPIRE

Margverðlaunuð sería sem gerist á bannárunum snemma á síðustu öld með Steve Buscemi í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 19:00 LATABÆJARHÁTÍÐ Í HÖLLINNI

Fjölskyldustórtónleikar með öllum helstu stjörnum landsins ásamt íbúum Latabæjar.



3 | KL. 20:30 VAMPIRE DIARIES

Önnur þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.


# SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | 2 | 9 | | 5 |
| | | 2 | | | 4 | | | 1 |
| 9 | | 6 | 1 | | | 2 | | 8 |
| | 8 | | | | 7 | | | 9 |
| 2 | | | | | | | 5 | |
| 4 | | | 3 | | 1 | | | |
| 5 | | 7 | 9 | 4 | | | | |
| | 3 | | | 8 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | | 1 | 8 |
| | | | | | 4 | 2 | 3 | |
| 1 | 2 | | | | 9 | | 4 | 5 |
| 2 | 7 | | 4 | 6 | | 8 | | |
| | 9 | 8 | | | | 3 | 2 | |
| | | | | | | | | |
| | 1 | | | 5 | | | | |
| | | 6 | 3 | | | | | |
| 5 | | 7 | | | 2 | | 9 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 7 | 2 | |
| | | | | 9 | | 3 | 5 | |
| | | | | 5 | | | | 1 |
| | 1 | | | | 2 | 6 | 4 | |
| | 3 | 6 | | 1 | | | | |
| 8 | | 5 | | | | 9 | | |
| 9 | | | 4 | 3 | 1 | | | |
| | 8 | 3 | 5 | | | 1 | | |
| | | 4 | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 |
| 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 1 | 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 7 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 |
| 5 | 3 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 7 | 3 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 8 | 4 |
| 3 | 8 | 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 6 | 9 |
| 4 | 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 6 | 1 | 2 |
| 6 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 4 | 5 | 8 |
| 8 | 2 | 1 | 6 | 5 | 4 | 3 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 4 | 6 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 5 | 4 | 2 | 3 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 9 | 2 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 2 | 8 | 1 | 4 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 8 | 9 | 2 | 6 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 3 | 4 | 2 | 6 | 8 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Í draumi sérhvers manns er fall hans falið.

*Steinn Steinarr*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** sælgæti, **6.** fíngerð líkamshár, **8.** mjöl, **9.** bókstafur, **11.** gelt, **12.** orðtak, **14.** urga, **16.** pípa, **17.** til viðbótar, **18.** kvabb, **20.** tveir eins, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**

**1.** munnvatn, **3.** umhverfis, **4.** græðgi, **5.** hamfletta, **7.** ljótur, **10.** viðmót, **13.** gerast, **15.** sál, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ló, **8.** mél, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** ískra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** suð, **20.** dd, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** ófriður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** æsa, **19.** ðð.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Guðmundur Kjartansson (2447) átti gott mót á Stórmeistaramóti TR og endaði í 3.-4. sæti. Í áttundu umferð vann hann Sigurbjörn Björnsson (2395).**

**Hvítur á leik**



23. Dxc6! (einfaldast) 23...bxc6 24. Hxh3 h4 25. Bxf5+ Kb8 26. Bh2. Svartur gafst upp. Íslandsmót skákfélaga er hafið. Par urðu strax óvænt úrslit í fyrstu umferð þegar Rúnar Sigurpálsson (SA) vann landsliðsmanninn Hjörvar Stein Grétarsson (Víkingaklúbbnum).

**www.skak.is.** Íslandsmót skákfélaga.

# Radcliffe ekki með í hliðarsögu um Potter

Leikarinn Daniel Radcliffe ætlar ekki að snúa aftur í hliðarsögu um galdrastrákinn Harry Potter.

Daniel Radcliffe, Harry Potter-leikarinn þekkti, hefur lýst því yfir að hann muni líklegast ekki taka þátt í hliðarsögu sem verður gerð út frá kvikmyndunum.

„Ég held ég muni ekki snúa aftur,“ sagði hann í viðtali við The Hollywood Reporter.

Tilkynnt var í september að handrit myndarinnar Fantastic Beasts and Where to Find Them verði skrifuð af höfundi Harry Potter-bókanna, J.K. Rowling.

„Við getum ekki leikið þessa persónur þegar við erum orðin fertug. Það verður að draga mörkin einhvers staðar,“sagði Radcliffe. Hann lokaði þó ekki alveg á framhaldið. „Ég veit aldrei hvað Jo (J.K. Rowling) mun skrifa en eins og stendur er ég í sömu stöðu og aðrir, bíð bara eftir að heyra hvað kemur út úr þessu af því ég veit ekki neitt um þessar nýju myndir.“

Myndirnar verða byggðar á sögu Hogwarts-skólans sem kemur fyrir í Harry Potter-bókunum eftir Newt Scamander.



**DREGUR MÖRKIN** Daniel Radcliffe segist verða að draga mörkin einhvers staðar. NORDICPHOTOS/GETTY

➜ Daniel Radcliffe var 11 ára gamall þegar hann lék í fyrstu Harry Potter-myndinni. Síðasta myndin í röðinni kom út tíu árum síðar.

# Taylor Swift heillast af vandræðapésum

Taylor Swift kveðst laðast að ákveðinni týpu en vill breyta því svo hún endi ekki með vandræðapésa.

Söngkonan Taylor Swift segist helst hrífast af dularfullum strákum sem búa yfir leyndarmáli. Þetta segir hún í viðtali við tímaritið In Style.

„Vinir mínir stríða mér vegna þess að ef strákur virðist vera vandræðapési eða eiga sér leyndarmál finnst mér hann undantekningarlaust mjög heillandi. Þetta er tímabil sem ég er að ganga í gegnum. Ég held að ég muni ekki halda áfram á þessari braut. Það er mikilvægt að vera meðvitaður um þessa hluti því ég vil ekki enda með þannig strák,“ sagði leikkonan í viðtali við tímaritið.



**VILL BREYTAST** Taylor Swift heillast af vandræðapésum en vill breyta því. NORDICPHOTOS/GETTY



**KOM Á ÓVART** Josh Homme kom fram á tónleikum með Arctic Monkeys á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Josh Homme kom á óvart

Hljómsveitin Arctic Monkeys kom aðdáendum sína á óvart í vikunni þegar Josh Homme kom fram með þeim á tónleikum í Los Angeles. Homme er best þekktur sem forsprakki hljómsveitarinnar Queens Of The Stone Age.

Í síðasta lagi Arctic Monkeys á tónleikunum, sem heitir Knee Socks, voru ljósin deyfð og Homme steig fram og kláraði tónleikana við hlið Alex Turner, söngvara sveitarinnar.

Homme syngur í laginu á plötu Arctic Monkeys. Þá kemur Turner fram á nýjustu plötu Queens Of The Stone Age sem heitir Like Clockwork.






# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll



40% afsláttur

**1979 kr. kg**

Verð áður ~~3298~~ kr. kg

**Folaldapiparsteik**



33% afsláttur

**2598 kr. kg**

Verð áður ~~3898~~ kr. kg

**Folaldafille**



30% afsláttur

**3289 kr. kg**

Verð áður ~~4698~~ kr. kg

**Folaldalundir**



30% afsláttur

**1399 kr. kg**

Verð áður ~~3298~~ kr. kg

**Folaldagúllas og snitsel**



50% afsláttur

**299 kr. kg**

Verð áður ~~598~~ kr. kg

**Folaldahakk**



30% afsláttur

**2299 kr. kg**

Verð áður ~~3298~~ kr. kg

**Folaldainnralæri**




**799 kr. kg.**

**Krónu kjúklingur, heill**




**Citterio ítalskt álegg**

| | |
|---|---|
| Antipasto Italiano | 1198 kr.pk. |
| Beef Bresaola | 598 kr.pk. |
| Ham Dry Curred crudo | 469 kr.pk. |



**498 kr. pk.**

**Rösti kartöflur, 6 stk.**

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum



# ÓDÝRT Í KRÓNUNNI




449 kr. pk.
H&G sætar kartöflur, 400 g




499 kr. pk.
H&G gróft grænmeti, 380 g



449 kr. kg
Blómkál, pakkað




579 kr. pk.
McCain franskar, sléttar, riffflaðar og fínar, 1 kg

15% afsláttur




195 kr. stk.
Verð áður ~~229~~ kr. stk.
HD 100% greipsafi, 1 l

## Ljúffengt og gott með kaffinu




998 kr. stk.
Krónu súkkulaðiterta, 2 hæða




298 kr. pk.
Nóa kropp, 200 g




255 kr. stk.
Nóa rjómasúkkulaði, 150 g, 6 teg.




295 kr. stk.
Lorenz salthnetur dós, 200 g




198 kr. stk.
7up, 2 l

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

FJÖRU VERÐLAUNIN

**Fjöruverðlaunin 2014**
**Auglýst eftir tilnefningum**

Auglýst er eftir tilnefningum til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna. Veittar eru viðurkenningar í þremur flokkum: flokki fagurbókmennta, fræðibóka, og barna- og unglingabóka.

Til greina koma allar bækur skrifaðar af konum sem út koma í fyrsta skipti árið 2013. Ekki þarf að greiða neitt til að tryggja að bækur verði með í pottinum.

Útgefendur eru beðnir að senda lista yfir tilnefndar bækur og áætlaðan útgáfutíma á netfangið bokmenntaverdlaunkvenna@gmail.com í síðasta lagi **1. nóvember**.

og nú líka á **Akureyri**



**Stærðir**
150x250
150x300
145x145

Straufríir dúkar, verð frá **990 kr**

LAGERSALA
Laugardag & sunnudag



Margar gerðir af púðum
Stærð 45x45 & 35x35
áður 4.990 kr
**nú 1.990 kr**

**40-80%** afsláttur

Barnarúmföt, dúkar löberar, rúmfatnaður stór rúmföt og fleira

Reykjavík: **Laugavegi 178**
Opið laugardag & sunnudag 11-16
Akureyri: **Glerártorgi**
Opið laugardag 10-17 & sunnudag 13-17

Lín DESIGN

Lagersala Lín Design Laugavegi 178 & Glerártorgi



**DANCE FOR APARTMENT** Anna Richardsdóttir dansar í verki Palomu Madrid í hvaða herbergi heimilisins sem vera skal.

# Setja upp danssýningar inni á heimilum fólks

**Akureyringum gefst í eina viku kostur á að leigja listamenn til að setja upp danssýningar á heimilum sínum. Allt sem þarf er að hafa samband við Amtsbókasafnið á Akureyri eða listræna stjórnendur verkefnisins og panta sýningu.**

Frá deginum í gær og til fimmtudagsins 17. október er mögulegt að fá lánaðan listamann í gegnum lánskerfi Amtsbókasafns Akureyrar. Á sama hátt og bæjarbúar geta leigt út bækur, tímarit og DVD-diska safnsins verður mögulegt að leigja út danshöfundana Ásrúnu Magnúsdóttur og Palomu Madrid til heimila á Akureyri og á svæðinu í kring.

„Annað listaverkanna sem bæjarbúar hafa tækifæri til að leigja er dansverkið Reykjavík Folk Dance Festival, þar sem Ásrún Magnúsdóttir dansari og danstilraunamaður, mun kenna lánþegum nýjan þjóðdans sem hún samdi sem hluti af Listamaður til láns í Reykjavík. Í Reykjavík óskaði hún eftir aðstoð við að semja og hanna nýjan þjóðdans og nú er tími kominn til að færa dansinn til Akureyrar og þróa hann enn frekar með bæjarbúum," útskýrir Ásgerður G. Gunnarsdóttir, annar af listrænum stjórnendum verkefnisins. „Sænski danshöfundurinn Paloma Madrid býður síðan bæjarbúum upp á verkið Dance For Apartment. Verkið er dansverk sem fer fram í eldhúsinu, ganginum eða í stofunni hjá þeim sem leigir það. Paloma vinnur með Önnu Richardsdóttur við gerð verksins."

Verkefnið, sem ber heitið Listamaður til láns, er skipulagt af The Festival í samstarfi við Amtsbókasafn Akureyrar og listræn stjórnun er í höndum Alexanders Roberts, auk Ásgerðar. Verkefnið fór fram í Reykjavík í apríl síðastliðnum og vakti mikla lukku, að sögn Ásgerðar.

Ágerður hvetur fólk til að panta heimsókn listamannanna sem fyrst því þegar sé búið að bóka listafólkið í þó nokkrar sýningar í heimahúsum Akureyringa. Til að leigja listamennina og verk þeirra er hægt að staðfesta bókun í móttöku Amtsbókasafns Akureyrar, hringja í síma 693-3385 eða senda netpóst með bókun á thefestival@thefestival.is.

FRIDRIKAB@FRETTABLADID.IS

# Sækir innblástur í bernskuárin

**Listamannsspjall verður í Listasafni Reykjanesbæjar á morgun í tengslum við sýningu Gunnhildar Þórðardóttur, Áframhald.**

Gunnhildur Þórðardóttur verður með listamannsspjall á morgun klukkan 14 þar sem hún segir frá sýningu sinni Áframhaldi í Listasafni Reykjanesbæjar.

Á sýningunni eru ný verk sem öll eru unnin á þessu ári. Titill sýningarinnar vísar í áframhaldandi þróun á verkum Gunnhildar og til þeirra efna sem verkin eru gerð úr. Á sýningunni eru tví- og þrívíð verk sem ýmist eru unnin úr fundnum hlutum eða tilfallandi efni og afskurði eins og timbri, bárujárni og textíl, enda sjálfbærni henni ofarlega í huga.

Gunnhildur sækir innblástur til bernskuáranna í Keflavík, hluta tengdra sjómennsku, náttúru og mannvirkja á Reykjanesinu.

Sýningarstjóri er Inga Þórey Jóhannsdóttir. Sýningunni lýkur 27. október en safnið er opið virka daga frá klukkan 12 til 17 og um helgar frá klukkan 13 til 17. Að venju er aðgangur ókeypis.



**ÁFRAMHALD** Gunnhildur nýtir efni sem hún finnur á víðavangi í listaverk sín.






**SUNNUDAGUR 13. OKTÓBER KL. 16**
Syngjum saman með Þórunni Björnsdóttur, Karli Olgeirssyni og Jóni Rafnssyni.

**SUNNUDAGUR 13. OKTÓBER KL. 20**
Mini forleikur að Carmen með Elsu Waage, Jamie Hayes og ungum söngvurum.

**MÁNUDAGUR 14. OKTÓBER KL. 20**
Bókmenntakvöld með Gunnari F. Guðmundssyni og Brynhildi Pétursdóttur. Pater Jón Sveinsson - NONNI.

**ÞRIÐJUDAGUR 15. OKTÓBER KL. 20**
Heilsuspjall með Arnóri Víkingssyni.
Hvernig heilsast þjóðinni? Verkir - til þrauta eða þroska?

**MÁNUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 20**
Heimspekispjall með Birni Þorsteinssyni og Sólveigu Öldu Halldórsdóttur.
Lýðræði á öllum sviðum.

Borðstofan í Hannesarholti verður opin fram að viðburðum · Borðapantanir í síma 511 1904 · Frekari upplýsingar á hannesarholt.is

# ÞJÓÐSKÁLDIN ÞÁ OG NÚ

*Tryggðu þér innblástur og andlega næringu*




LOKSINS FÁANLEG Á NÝ!
**TAKMARKAÐ UPPLAG**

BÖÐVAR GUÐMUNDSSON VALDI LJÓÐIN OG SKRIFAÐI INNGANG OG SKÝRINGAR




**www.forlagid.is**
**– alvöru bókabúð á netinu**

Opið alla virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636

HLAÐVARPINN

MENNINGARSJÓÐUR KVENNA Á ÍSLANDI

auglýsir eftir
UMSÓKNUM

Markmið sjóðsins er að styrkja menningarstarfsemi kvenna sem beinist að því að greina, efla, varpa ljósi á og breyta stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Með menningarstarfsemi er átt við hvers kyns listir, rannsóknir og kynningu á menningu kvenna. Úthlutað hefur verið árlega úr sjóðnum síðan árið 2008 en nú fer að líða að því að sjóðurinn tæmist og verður þessi úthlutun með þeim síðustu, ef ekki sú síðasta. Umsækjendur geta verið konur, samtök þeirra, félög eða fyrirtæki.

Hlaðvarpinn er sjóður sem stofnaður var af hluthöfum Hlaðvarpans ehf. til styrktar menningarmálum kvenna á Íslandi. Stofnfé sjóðsins er söluandvirði fasteigna félagsins að Vesturgötu 3 í Reykjavík.

Umsóknum skal skila á eyðublaði sem nálgast má á vefsíðu Hlaðvarpans, www.hladvarpinn.is. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér skilyrði fyrir styrkveitingum en þau er að finna í skipulagsskrá sjóðsins á vefsíðu Hlaðvarpans.

UMSÓKNIR SKULU BERAST

Hlaðvarpanum
pósthólf 1280
121 Reykjavík

Ekki verður tekið við rafrænum umsóknum.
Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember 2013
Öllum umsóknum verður svarað og úthlutað verður úr sjóðnum í ársbyrjun 2014.

Sjá nánar á vefsíðu sjóðsins, www.hladvarpinn.is
Upplýsingar veitir stjórn sjóðsins um netfangið hladvarpinn@hladvarpinn.is





VIÐ VERÐUM TIL Á NETINU




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Tvær grípandi sögur

ÚTGÁFUPARTÍ!

Í tilefni af útgáfu bókarinnar VINCE VAUGHN Í SKÝJUNUM eftir Halldór Armand Ásgeirsson verður skálað og fagnað í Bókabúð Máls og menningar í dag, 12. október, kl. 17.

Frumlegt samtímaverk um ósköp venjulegt fólk sem verður heimsfrægt í 15 mínútur

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


## EKKI MISSA AF

**Trommarinn 2013**
**Hátíðarsalur FÍH við Rauðagerði 27 í dag.**

Þetta er í fimmta sinn sem viðburðurinn fer fram.

Fjöldi þekktra trommuleikara kemur fram á Trommaranum í ár. Þeirra á meðal er goðsögnin Sigurður Karlsson, sem mun meðal annars flytja lög hljómsveitarinnar Genesis.

Hátíðin stendur frá klukkan 13 til 18 og er aðgangur ókeypis.

## DÓMAR 05.10.2012 ➜ 11.10.2012

### BÍÓ



★★★★☆
**Málmhaus**
**Leikstjóri: Ragnar Bragason**
**Leikarar: Þorbjörg Helga Dýrfjörð, Ingvar E. Sigurðsson, Halldóra Geirharðsdóttir.**
Afbragðs drama og sjónrænt gotterí. Aukastig fyrir Megadeth. - hva

★★★★☆
**Only Lovers Left Alive/Aðeins elskendur eftirlifandi**
**Leikstjóri: Jim Jarmusch. Leikarar: Tom Hiddleston, Tilda Swinton, Mia Wasikowska.**
**RIFF-hátíðin**
Skemmtileg mynd um kostulegt vampírupar. Swinton og Hiddleston sýna frábæran leik, sem og Wasikowska. - sm

★★★★★
**The Moo Man/Muu-maðurinn**
**Leikstjóri: Andy Heathcote.**
**RIFF-hátíðin**
Dásamleg heimildarmynd í alla staði. - sm



### LEIKHÚS

★★★☆☆
**Jeppi á Fjalli**
**Höfundur: Ludvig Holberg**
**Leikstjórn: Benedikt Erlingsson**
**Borgarleikhúsið**
Gömul dönsk sveitaklassík, framreidd í frekar bragðlausri íslenskri kabarettfroðu, er ekki spennandi réttur. En Ingvar E. bjargar kvöldinu með stjórnuleik sem enginn leiklistarunnandi má missa af. - jvj

### TÓNLIST

★★★★☆
**Daniel Kharitonov lék einleik með Moscow Virtuosi undir stjórn Vladimir Spivakov.**
**Í Eldborg Hörpu föstudaginn 4. október.**
Skemmtilegir tónleikar með frábærum píanóleikara og líflegum stjórnanda. - js

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR 12. OKTÓBER

### Opnanir

**14.00** Hallgrímur Ingólfsson opnar sýninguna Haustið sem ekki kom í Populus tremula. Sýningin er aðeins opin þessa helgi.

**15.00** Sýning á verkum listamannanna og hjónanna Guðrúnar Veru Hjartardóttur og JBK Ransu verður opnuð í Listasafninu á Akureyri.



**16.00** Sýningin **Erró**, Heimurinn í dag verður opnuð í dag að viðstöddum listamanninum. Á sýningunni eru tæplega 70 verk sem Erró hefur gefið Listasafni Reykjavíkur síðustu tvö ár.

### Námskeið

**14.00** Ritþing **Gerðubergs** fer fram í dag á milli klukkan 14 og 16.30. Á þingunum er leitast við að veita persónulega innsýn í líf og feril íslenskra rithöfunda. Að þessu sinni verður fjallað um Kristínu Steinsdóttur.

### Kvikmyndir

**13.00** Kvikmyndahátíð sem helguð er loftslagsmyndum lýkur um helgina. Myndirnar verða sýndar í Kamesi Borgarbókasafns, sem staðsett er á fimmtu hæð í aðalsafni, Tryggvagötu 15. Sýningar hefjast klukkan 13.

### Málþing

**14.00** Efnt er til hringborðsumræðna um samhengi myndlistar og arkitektúr í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar. Tilefni þess að efnt er til þessa samtals er sýningin Vísar.





## HVAÐ? HVENÆR? HVAR? SUNNUDAGUR 13. OKTÓBER

### Fræðsla

**14.00** Listamannaspjall fer fram í Listasafni Reykjanesbæjar í dag. Gunnhildur Þórðardóttir segir frá sýningu sinni Áframhald. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

**14.00** Sigríður Melrós Ólafsdóttir sýningarstjóri verður með leiðsögn um sýninguna Ups and downs, Kees Visser, sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

### Félagsvist

**14.00** Spiluð verður félagsvist í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### Síðustu forvöð

**14.00** Nú líður að lokum sýningar Þorvaldar Jónassonar í kaffihúsi og anddyri Gerðubergs. Síðasti dagur sýningarinnar er í dag. Þorvaldur sýnir kalligrafíu og leturverk.

### Barnatónleikar

**14.00** Tónleikur fyrir börn eftir Pétur Eggerz og Guðna Franzson byggður á sögu Guðrúnar Helgadóttur er sýndur í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Miðaverð er kr. 2.400, hægt er að panta miða í síma 8971813.

### Kvikmyndir

**15.00** Sendiboðinn (Kúrér), sovésk kvikmynd frá árinu 1986, verður sýndur í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Leikstjóri Karen Shakhnazarov. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

### Hátíðir

**10.00** Tónlist verður leikin í botni sundlaugarinnar á Seltjarnarnesi á meðan gestir fljóta um með sérhannaðar flothettur. Viðburðurinn stendur til klukkan 11 og er liður í Menningarhátíð Seltjarnarness.

**12.00** Kynntu þér það besta í hefðbundnum mat og drykk á Rúmenskum dögum í Norræna húsinu. Matur framreiddur með ástríðufullri lifandi tónlist. Ókeypis aðgangur. Stendur til klukkan 18.

### Söfn



**15.00** Sigurður Pálsson heldur fyrirlestur um Ásmund Sveinsson í Listasafni Reykjavíkur í tilefni af því að í ár eru 120 ár liðin frá fæðingu hans. Aðgangur er 1.200 krónur en frítt er fyrir handhafa Menningarkorta.

### Opið Hús

**19.00** Spilað verður bridge í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### Uppákomur

**12.00** Lífræni dagurinn fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur á milli klukkan 12 og 17.

### Tónlist

**16.00** Tónleikar sem einkennast af samspili norrænna og suðrænna tóna fara fram í Hofi á Akureyri í dag. Á efnisskránni er frumflutningur á verki eftir Matti Saarinen fyrir rafmagnsgítar og strengjakvartett.

### Tónlist

**00.00** Plötusnúðarnir Benni B-Ruff og **Logi Pedro** þeyta skífum á Harlem. Frítt er inn.

**20.00 Clapton** heiðurstónleikar fara fram á Græna hattinum. Fyrri tónleikarnir hefjast klukkan 20 og þeir seinni klukkan 23. Sala miða fer fram á miði.is.

**20.00** Heiðurstónleikar Bee Gees fara fram í Háskólabíó í tilefni af því að 35 ár eru liðin síðan Saturday Night Fever var frumsýnd í bíósal Háskólabíós. Miðasala á midi.is.

**20.20** Raftríó Lucien Nagy leikur Balkanblöndu á Hótel Borg. Fyrst verður hægt að dreypa á rúmensku plómubrandíi í boði hússins. Ókeypis aðgangur.

**21.00** Bootlegs og Skurk koma fram á Bar 11. Húsið er opnað klukkan 21 og aðgangur ókeypis.

### Leiðsögn

**15.00** Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður og Daníel Bjarnason tónskáld eru með leiðsögn um sýninguna Vatn sem nú stendur yfir í forkirkju og kórgluggum Hallgrímskirkju.

### Markaðir

**11.00** Rósa Birgitta, Kolbrún Ýr, Stefán Svan, Heiða Agnars, Sissa, Díana Bjarnadóttir,Hildur Yeoman, Anna Kristín, Fiona Cribben, Bára, Sigrún og Hrafnhildur Hólmgeirsdætur selja fatnað á Kexinu í dag. Markaðurinn stendur til 17.















**JÓN OG ÓLAFUR DARRI** Eigandinn Jón Gunnar Geirdal ásamt skjólstæðingi sínum, leikaranum Ólafi Darra Ólafssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Afmæli hjá Yslandi

Markaðsfyrirtækið Ysland fagnaði eins árs afmæli í Tjarnarbíói á fimmtudag. Góðir gestir mættu og fögnuðu með eigandanum Jóni Gunnari Geirdal.



**GAUI LITLI** Guðjón Sigmundsson, eða Gaui litli, fagnaði eins árs afmæli Yslands.



**ERNA MÆTTI** Útvarpskonan Erna Hrönn Ólafsdóttir var á meðal gesta.



**SVALI OG VALLI** Útvarpsmaðurinn Svali og Valgeir Magnússon, einnig þekktur sem Valli Sport, mættu í afmælið.



**TVÆR Í PARTÍI** Fjóla Katrín Steinsdóttir, kærasta Jóns Gunnars Geirdal, og Guðný Halldórsdóttir kíktu í partíið.



**AMIINA** Hljómsveitin hefur í nógu að snúast um þessar mundir.

# Nýtt upplag og góðir dómar erlendis

Amiina fær góða dóma fyrir nýjustu plötu sína.

Nýtt upplag er komið til landsins af útgáfu Amiinu, The Lighthouse Project. Platan er því aftur fáanleg bæði á geisladisk og á vínyl en hún var uppseld hér heima sem og hjá erlendum birgjum.

Umbúðir geisladisksins eru í bókarformi, ríkulega myndskreyttar myndum úr tónleikaferð amiinu 2009 þar sem sveitin söng í vitum víðs vegar um landið.

The Lighthouse Project hefur fengið lofsamlega dóma hjá erlendum fjölmiðlum, þar á meðal sjö af tíu í einkunn í Drowned in Sound og fjórar stjörnur af fimm mögulegum bæði í The Independent og The Irish Times.

➜ Amiina lagði til strengi á plötu Julianna Barwick, Nepenthe, þar sem Alex Somers stjórnaði upptökum.

Amiina spilar á Iceland Airwaves í ár, laugardaginn 2. nóvember í Gamla bíói. Áður en að því kemur spilar hljómsveitin í Frakklandi á kvikmyndatónleikum í samvinnu við Yann Tiersen. Sveitin hefur nýlokið við að semja tónlist við eina af hinum klassísku kvikmyndum um Fantômas sem fagna 100 ára afmæli sínu um þessar mundir.




# Aldrei stærri dagskrá

Utandagskrá Iceland Airwaves hefur aldrei verið stærri en í ár. Alls telur hún 624 tónleika.

Senn líður að því að tónleikahátíðin Iceland Airwaves bresti á. Skipuleggjendur hátíðarinnar sendu frá sér tilkynningu um utandagskrárliði hátíðarinnar í gær, en þeir hafa aldrei verið fleiri en í ár.

Alls fara fram 624 tónleikar á 48 tónleikastöðum víðs vegar um borgina. Utandagskrárliðirnir eru öllum að kostnaðarlausu og fara meðal annars fram í verslunum, á veitingastöðum, ölduhúsum, hótelum, söfnum og á bát.

„Undiraldan og 12 tónar standa fyrir tónleikum á eikarbátnum Lunda. Það ræðst síðan eftir veðri hvort tónleikarnir fara fram inni í bátnum eða á dekkinu. Þetta er bara eitt lítið og skemmtilegt dæmi úr risavaxinni dagskrá. Ég held að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Kamilla Ingibergsdóttir, kynningastjóri Iceland Airwaves.

Ieland Airwaves fer fram dagana 30. október til 3. nóvember.



**STÓR DAGSKRÁ** Kamilla Ingibergsdóttir, kynningarstjóri Iceland Airwaves, segir utandagskrárliði hátíðarinnar fjölbreytta og skemmtilega. MYND/ÚR EINKASAFNI

# AFÞREYINGAR MARKAÐUR

## BÆKUR VERÐ FRÁ 699




## DVD - TVÖ VERÐ 999 1499




## TÓNLIST VERÐ FRÁ 799





Gildir til 31. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð






DISKÓSTEMMNING Friðrik Ómar Hjörleifsson ásamt söngvurunum sem koma fram á heiðurstónleikum Bee Gees. MYND/GASSI

# Stíga ekki diskódans

**Bee Gees-heiðurstónleikar fara fram í Háskólabíói í tilefni þess að 35 ár eru frá því að kvikmyndin Saturday Night Fever var frumsýnd hér á landi.**

Bee Gees-heiðurstónleikar fara fram í Háskólabíói um helgina í tilefni 35 ára frumsýningarafmælis myndarinnar hér á landi í ár. Þar munu landsþekktir tónlistarmenn flytja öll þekktustu lög Bee Gees. Friðrik Ómar Hjörleifsson tónlistarmaður skipuleggur tónleikana.

„Við förum í gegnum sögu Bee Gees, ekki bara diskóið heldur líka gamla efnið. Bandið er 55 ára í ár en Barry Gibb, eini meðlimur hljómsveitarinnar sem enn er á lífi, er enn þá að túra,“ segir Friðrik Ómar.

Mikið er lagt í tónleikana og hafa listamennirnir æft stíft fyrir þá. Þeir munu þó ekki klæðast diskógöllum eða stíga diskódans á meðan þeir syngja.

„Við verðum mest við sjálf. Við verðum samt með tvo dansara, annar þeirra er eins og spænskur John Travolta. Hann er algjör sykurpúði og gefur John Travolta ekkert eftir.“

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói í kvöld og í Hofi á Akureyri þann 26. október. - glp

## Mannþröng fyrir utan Háskólabíó

Mikið var fjallað um Saturday Night Fever á sínum tíma. Hér að neðan má sjá dæmi um blaðaumfjallanir sem birtust árið 1978.

„Mikil mannþröng myndaðist fyrir utan Háskólabíó, daginn sem Saturday Night Fever var frumsýnd, og varð að takmarka aðgang að miðasölunni til þess að ekki hlytust slys af.“ Birt í Vikunni 2. nóvember 1978.

„Samfara myndinni virðist eins konar „dansæði“ hafa gripið um sig á flestum þeim stöðum þar sem myndin hefur verið sýnd. Eru danskennarar sammála um að fólk sæki dansskóla meira nú en áður þar sem þeir hafa tekið upp á kennslu í þeim dönsum sem sjást í kvikmyndinni.“ Birt í Morgunblaðinu 22. október 1978.



**Leikarinn John Travolta kynnti diskóið fyrir Íslendingum í kvikmyndinni Saturday Night Fever og í kjölfarið tók við mikið diskóæði hér á landi.**

**➜ Þann 7. október árið 1978** var Saturday Night Fever frumsýnd hér í Háskólabíói og var í sýningu fram að 24. nóvember. Það voru tvær sýningar á dag en myndin var eingöngu sýnd í Háskólabíói.

**➜ 50 til 70 þúsund** manns eru talin hafa sótt myndina þegar hún var í bíó á sínum tíma.

**➜ 223 þúsund** manns bjuggu á íslandi árið 1978, sem þýðir að um fjórðungur þjóðarinnar sótti myndina á sínum tíma.

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

auglýsir eftir umsóknum um þýðingarstyrki

Miðstöð íslenskra bókmennta auglýsir eftir umsóknum um styrki til þýðinga á íslensku. Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember 2013. Eyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.islit.is

*Hlutverk Miðstöðvar íslenskra bókmennta er að efla bókmenningu á Íslandi, kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis og stuðla að útbreiðslu þeirra.*

**Miðstöð íslenskra bókmennta**
Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík, www.islit.is, s. 552 8500

# Reykvíkingar láta ljós sitt skína

**Um helgina fara fram prufur í Reykjavík fyrir sjónvarpsþáttinn Ísland Got Talent.**

„Ég vona að sem flestir kýli á þetta því það eru 10 milljónir í verðlaun og það verður hrikalega gaman hjá okkur í vetur,“ segir Auðunn Blöndal, þáttarstjórnandi Ísland Got Talent sem verður á dagskrá í vetur á Stöð 2.

Í dag og á morgun frá klukkan 10 fara fram áheyrnarprufur fyrir þáttinn þar sem hæfileikaríkir keppendur eru sigtaðir út. Fólk á öllum aldri er hvatt til að mæta upp í Fjölbrautaskólann í Breiðholti og sýna hvað í því býr. Leitað er að einstaklingum sem og hópum eða pörum sem geta sungið, dansað, leikið, gert töfrabrögð, áhættuatriði og fleira.



Dómarar Ísland got talent-þáttaraðarinnar eru þau Bubbi Morthens, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Jón Jónsson og Þórunn Antonía Magnúsdóttir. Á Facebook-síðu Stöðvar 2 er fólk einnig hvatt til að tagga einstakt og hæfileikaríkt fólk á síðunni.

„Við erum búin að halda prufur hringinn í kringum landið og endum núna í Reykjavík. Það er spáð miklu af fólki um helgina og við hvetjum alla til að mæta því þetta verður mikið stuð,“ segir Auðunn glaður í bragði. - mmm

GOT TALENT? Auðunn Blöndal er þáttarstjórnandi Ísland Got Talent. Síðustu prufurnar fara fram um helgina.








Björgvin Halldórsson · Arnór Dan Arnarson · Eivör · Eyþór Ingi Gunnlaugsson · Gissur Páll Gissurarson · Helgi Björnsson
Hulda Björk Garðarsdóttir · Ragnhildur Gísladóttir · Unnsteinn Manuel Stefánsson · Sigríður Thorlacius · Svala Björgvins
GÓA OG FJARÐARKAUP
KYNNA MEÐ STOLTI
Jólagestir
Björgvins 2013
14. DESEMBER Í HÖLLINNI
Við komum með jólin til þín
Jólastjarnan 2013
Söngkeppni fyrir 16 ára og yngri.
Sigurvegarinn kemur fram á sjálfum stórtónleikunum 14. desember í Höllinni.
Skráning er hafin á visir.is/jolastjarnan.
Fylgstu með Íslandi í dag á Stöð 2.
MIÐASALA HEFST
24. OKTÓBER KL. 10!
PÓSTLISTAFORSALA FER FRAM DAGINN ÁÐUR
Sérstakur gestur
John Grant
Stofnað 1968
FK
FJARÐARKAUP
Miðasala fer fram á Miði.is og í síma 540-9800
Skráðu þig á póstlistann okkar á www.jolagestir.is
sena










# Örugg óhamingja

**BAKÞANKAR**
Fanneyjar Birnu Jónsdóttur



Í augum okkar flestra merkja fyrirsjá og stöðugleiki það sama og öryggi. Foreldrar mínir eru engin undantekning þar á en þeirra kynslóð lenti illa í óðaverðbólgu og gengisfalli. Það var því kannski eðlilegt að uppeldi mitt gekk út á að setja öryggið alltaf á oddinn. Þannig átti ég að sérhæfa mig, finna starf við hæfi og ílengjast þar á meðan starfsþrek og áhugi vinnuveitanda væru fyrir hendi. Fjárfesta síðan í steinsteypu og helst ríkisskuldabréfum ef einhver afgangur væri af launaseðlinum um mánaðamótin.

**EINS** og öll vel upp alin börn fór ég að ráðum þeirra. Skráði mig í lögfræði, fékk eftir útskrift vinnu á góðri lögmannsstofu og framtíðin var björt. Ekki liðu margir mánuðir þar til ég var búin að fjárfesta í íbúð (klikkaði aðeins á ríkisskuldabréfunum). Ég var komin á beinu brautina og foreldrar mínir réðu sér ekki fyrir kæti.

**ÞAÐ** var bara eitt sem vantaði. Áhugi minn á lögfræðistörfum hafði tapast einhvers staðar á göngum Háskóla Íslands og kom aldrei í leitirnar þrátt fyrir að rífleg fundarlaun væru í boði. Og afleiðingarnar komu fljótt í ljós. Við eyðum að meðaltali 1.732 klukkutímum á hverju ári í vinnunni, sem eitt og sér er nóg til að stútfylla hvaða áhugalausan starfsmann (ég tala af reynslu) af sjálfsvorkunn og almennum leiða.

**ÞÁ** voru góð ráð dýr. Hvort átti að velja áframhaldandi öryggi eða mögulega starfshamingju í öðru starfi? Ég valdi síðari kostinn og skipti um starfsvettvang. Ákvörðun sem ég sé ekki eftir – enn þá. En þegar ég tilkynnti gömlu hjónunum að ég væri búin að segja upp án þess að vera með annað starf í hendi voru viðbrögðin svipuð og ég hefði tilkynnt þeim að ég gengi með fjórbura án þess að vita hver faðirinn væri.

**ÞETTA** er sem betur fer að breytast. Ég finn það á minni kynslóð að ég er ekki ein; ungt fólk í dag er óragt við að skipta um vinnu, starfsvettvang og leita hófanna erlendis. Það verður að teljast jákvæð þróun. Við lifum bara einu sinni. Hver vill vera óhamingjusamur í 1.732 klukkutíma á ári?
















ÞORBJÖRG HELGA ÞORGILSDÓTTIR
INGVAR E. SIGURÐSSON
HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR
KOMIN Í BÍÓ
„Styrkur myndarinnar felst í því hvernig unnið er úr þeim flóknu tilfinningum sem hún fjallar um“
- H.Þ.J., KLAPPTRÉ
„Afbragðs drama og sjónrænt gotterí. Aukastig fyrir Megadeth.“
- H.V.A., FBL
„Átakanleg sorgarsaga með göfgandi útrás og góðu glensi á réttum tímapunktum. Mikilfengleg kvikmyndataka og tilþrifaríkur leikur.“
- H.S., MBL
„Virkilega vel gerð og mannleg mynd. Frábær frammistaða hjá Þorbjörgu Helgu.“
- H.A.Ó. MONITOR
„Besta íslenska myndin á árinu.“
- T.V., BÍÓVEFURINN.IS /SÉÐ & HEYRT
„...með betri íslenskum myndum sem ég hef séð og hvet alla til að sjá hana í bíó.“
- V.H., DV
MÁLMHAUS
KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON
MYSTERY Í SAMVINNU VIÐ HUMMELFILM OG KUKL MEÐ STUÐNING FRÁ KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS NORÐURLANDASJÓÐNUM OG MEDIA KYNNA KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON „MÁLMHAUS“ ÞORBJÖRG HELGA ÞORGILSDÓTTIR INGVAR E. SIGURÐSSON HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON SIGRÚN EDDA BJÖRNSDÓTTIR BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR MAGNÚS ÓLAFSSON ÞÓRUNN ARNA KRISTJÁNSDÓTTIR OFL. STJÓRN KVIKMYNDATÖKU ÁGÚST JAKOBSSON ÍKS AÐSTOÐARLEIKSTJÓRI HARPA ÞÓRSDÓTTIR LEIKMYND SVEINN VIÐAR HJARTARSON BÚNINGAHÖNNUN HELGA RÓS V. HANNAM HÁR & GERVI STEINUNN ÞÓRÐARDÓTTIR KLIPPING VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR HLJÓÐ PÉTUR EINARSSON HLJÓÐHÖNNUN HULDAR FREYR ARNARSON TÓNLIST PÉTUR BEN
MEÐFRAMLEIÐENDUR GUDNY HUMMELVOLL RAGNAR BRAGASON FRAMLEIÐENDUR ÁRNI FILIPPUSSON DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON HANDRIT & LEIKSTJÓRN RAGNAR BRAGASON
mystery
HUMMEL FILM
KUKL
MEDIA EUROPE LOVES CINEMA
sena
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ LAUGARÁS BÍÓ SELFOSSBÍÓ KRÓKSBÍÓ ÍSAFJARÐARBÍÓ BÍÓHÖLLIN
sena

## UNDANKEPPNI HM

| | |
|---|---|
| **SLÓVENÍA - NOREGUR** | **3-0** |
| **ALBANÍA - SVISS** | **1-2** |

### STAÐAN Í RIÐLI ÍSLANDS

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sviss | 9 | 6 | 3 | 0 | 16 - 6 | 21 |
| **Ísland** | **9** | **5** | **1** | **3** | **16 - 14** | **16** |
| Slóvenía | 9 | 5 | 0 | 4 | 14 - 10 | 15 |
| Noregur | 9 | 3 | 2 | 4 | 9 - 12 | 11 |
| Albanía | 9 | 3 | 1 | 5 | 9 - 11 | 10 |
| Kýpur | 9 | 1 | 1 | 7 | 4 - 15 | 4 |

**2-0** **Laugardalsvöllur** **Vad frá Ungverjal. (7)**

**Mörkin:** 1-0 Kolbeinn Sigþórsson (60.), 2-0 Gylfi Þór Sigurðsson (76.).

**Skot (á mark):** 19-1 (9-0) **Horn**: 6-3

**Varin skot:** Hannes 0 - Giorgallidis 7.

**Aukaspyrnur:** 11-6 Rangstöður: 3-2

**visir.is**

Nánari umfjöllun um leikinn og aðra leiki gærkvöldsins.


LÍFSINS GANGA MEÐ ADHD

ADHD 25 ára samtökin

Ráðstefna á Grand hótel

25. og 26. október 2013

ADHD OG HVAÐ SVO?

LAUSNAMIÐUÐ RÁÐSTEFNA

FYRIR FAGAÐILA, FORELDRA OG EINSTAKLINGA

SKRÁÐU ÞIG NÚNA á heimasíðu ADHD samtakanna www.adhd.is

LAGERSALA

Laugardag & sunnudag



Rúmföt stærð 200x200, verð frá 4.990 kr

40-80% afsláttur




Stök koddaver, 50x70 - verð frá 990 kr

Reykjavík: **Laugavegi 178**

Opið laugardag & sunnudag 11-16

Akureyri: **Glerártorgi**

Opið laugardag 10-17

& sunnudag 13-17

Lín DESIGN

Lagersala Lín Design Laugavegi 178 & Glerártorgi




**MIKILVÆGT MARK** Kolbeinn Sigþórsson og Jóhann Berg Guðmundsson fagna fyrsta marki leiksins þar sem Kolbeinn fylgdi á eftir þegar markvörður Kýpur varði skot frá Jóhanni. Þetta mark létti mikilli pressu af íslenska liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Enn í okkar höndum

Eftir mikla þolinmæðisvinnu strákanna okkar lönduðu þeir 2-0 sigri gegn Kýpur á Laugardalsvelli í gær. Eurovision-umræða og tilheyrandi pressa hafði lítil áhrif.

**FÓTBOLTI** Karlalandslið Íslands hefur örlög sín í eigin höndum eftir frammistöðu gegn Kýpverjum sem full ástæða er til að kenna við fagmennsku. Þjálfararnir, Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson, höfðu predikað að menn mættu ekki fara á taugum. Viðbúið væri að okkar menn myndu hafa yfirburði, sækja linnulítið en það væri ekki ávísun á mark.

Þeir félagar mega vel kenna sig við Nostradamus enda spilaðist leikurinn í gær nákvæmlega á þann hátt. Íslensku strákarnir sköpuðu sér fín skotfæri en tókst aldrei að toga almennilega í gikkinn. Fyrir vikið gátu leikmenn Kýpur andað léttar þegar gengið var til búningsherbergja. Einn þeirra virtist meira upptekinn af því að biðja Eið Smára Guðjohnsen um að skipta við sig um treyju á hlaupabrautinni.

Eflaust greip um sig einhver örvænting hjá stuðningsmönnum Íslands framan af síðari hálfleik. Takturinn úr fyrri hálfleik virtist týndur en hann fannst fljótlega og í kjölfarið kom markið. Það var við hæfi að Kolbeinn Sigþórsson batt enda á markaleysið. Framherjinn hafði skorað lykilmark í þremur síðustu leikjum og enn gerði hann gæfumuninn. Tólf mörk í átján landsleikjum er markahlutfall sem enginn af stærstu framherjum álfunnar getur státað af.

Aldrei kom til þess að áhorfendur tækju andköf í Laugardalnum af ótta við jöfnunarmark. Stundarfjórðungi síðar skoraði Gylfi Þór Sigurðsson eftir stórsókn og sigurinn var í höfn.

Strákarnir okkar hafa spilað betur en í gærkvöldi en sjaldan verið jafnþéttir. Leiknir Kýpverjar sköpuðu sér ekki færi í níutíu mínútur og hefur bleik markmannstreyja Hannesar Þórs Halldórssonar líklega verið óvenjuhrein í leikslok. Með sigrinum eru okkar menn í bílstjórasætinu um annað sæti riðilsins. Sigur í Noregi á þriðjudag tryggir umspilsleiki í nóvember og það gæti jafntefli og jafnvel tap gert líka. Okkar strákar munu þó vafalítið spila til sigurs í Ósló enda með miklu betra lið en Norðmenn sem munu þó vafalítið selja sig dýrt gegn litla frænda.

kolbeinntumi@frettabladid.is

## FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON** **6**
Gerði það sem þurfti en hafði lítið að gera.

**BIRKIR MÁR SÆVARSSON** **6**
Traustur í vörninni en óvenju rólegur fram á við.

**RAGNAR SIGURÐSSON** **7**
Með Kýpverjana í vasanum en reyndi stundum fullerfiða hluti fram á við.

**KÁRI ÁRNASON** **6**
Öruggur í vörninni en gekk upp og ofan að finna samherja.

**ARI FREYR SKÚLASON** **6**
Á tánum í vörninni en átti margar misheppnaðar sendingar.

**BIRKIR BJARNASON** **8**
Duglegur að vanda og bjó sér til færi úr erfiðri stöðu.

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON** **7**
Stýrði gangi mála á miðjunni en ætlaði sér stundum um of.

**ARON EINAR GUNNARSSON** **8**
Vinnusemi til fyrirmyndar en heppinn að fá ekki dæmda á sig vítaspyrnu.

**JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON** **7**
Komst seint í takt við leikinn í fyrri hálfleik en sprækur í kjölfarið.

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** **7**
Gæði í hverri snertingu og duglegur í vörn sem sókn.

**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** **6**
Gerði varnarmönnum Kýpur lífið leitt og skoraði markið mikilvæga.

VARAMENN:

**ALFREÐ FINNBOGASON (INN Á 66. MÍN. FYRIR EIÐ SMÁRA)** **6**
Kom með fríska fætur inn á en náði ekki að setja almennilega mark sitt á leikinn.

**HELGI VALUR DANÍELSSON (INN Á 79. MÍN FYRIR ARON EINAR)** **-**

**RÚRIK GÍSLASON (INN Á 82. MÍN FYRIR GYLFA)** **-**


Æskulýðssjóður

Umsóknarfrestur til 1. nóvember

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði sem starfar samkvæmt lögum nr. 70/2007 og reglum nr. 60/2008. Rannís hefur umsjón og eftirlit með Æskulýðssjóðnum.

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á www.rannis.is
**Umsóknum skal skila á rafrænu formi.**

**Nánari upplýsingar** veitir Andrés Pétursson, andres.petursson@rannis.is, sími 515 5833.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs auk menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
Dunhaga 5, 107 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


ACADEMY AWARD® NOMINEE
HUGH
JACKMAN
ACADEMY AWARD® NOMINEE
JAKE
GYLLENHAAL
ACADEMY AWARD® NOMINEE
VIOLA
DAVIS
GOLDEN GLOBE® NOMINEE
MARIA
BELLO
ACADEMY AWARD® NOMINEE
TERRENCE
HOWARD
WITH
ACADEMY AWARD® WINNER
MELISSA
LEO
AND
PAUL
DANO
MAGNAÐUR
ÞRILLER
PRISONERS
Klárlega ein besta
mynd ársins!
★★★★★
The Hollywood Reporter
★★★★★
Entertainment Weekly
★★★★★
Jobio.com
100/100
Variety
100/100
Los Angeles Times
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
KOMIN Í BÍÓ
SAMBÍÓIN



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð á Pampersbleium í Bónus
3698 krónur pk
PAMPERS MIDI 114 STK.
15% LÆGRA VERÐ PR STK
3698 krónur pk
PAMPERS MAXI 94 STK .
9% LÆGRA VERÐ PR. STK.
3698 krónur pk
PAMPERS MAXI PLÚS 88 STK
11,5% LÆGRA VERÐ PR.STK.
3698 krónur pk
PAMPERS JUNIOR 80 STK.
5% LÆGRA VERÐ PR.STK.
1998 krónur 45 þvottar
ARIEL ÞVOTTAEFNI
45 ÞVOTTAR
239 krónur 770g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770gr
198 krónur 600g
BÓNUS ÞRIGGJAKORNA BRAUÐ 600gr
498 krónur 1.36 kg
USA MACKONTOSH EPLIN
Ný uppskera, 1.36 kg poki
-10-
KRÓNUR
AF HVERRI
SELDRI
HIMNESKT
VÖRU
Í OKTÓBER
RENNA
TIL LJÓSSINS
LJÓSIÐ
398 krónur600g
BÓNUS KAFFI 600gr
798 krónur 400gr.
LÍFRÆNT KAFFI 400 gr
Malað eða baunir
359 krónur 500g
AKURSELS GULRÆTUR
Íslenskar lífrænt ræktaðar
FRÁ AMERÍKU
VÍNBER RAUÐ OG GRÆN
698 krónur kg
259 krónur kg
SÆTAR KARTÖFLUR
198 krónur 2 ltr
198 krónur 1.5 ltr
398 krónur 2 ltr.
398 krónur 2 ltr.
398 krónur 2 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Íslenskt grísakjöt af nýslátruðu
Íslenskt grísakjö
1598
krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ
STJÖRNUGRÍS FERSKAR GRÍSALUNDIR
598
krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ
STJÖRNUGRÍS FERSKUR GRÍSABÓGUR
300 kr. lækkun
Verð áður 1598 kr.kg.
Ali
Grísakjöt
1298
krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ
ALI FERSKAR ÚRBEINAÐAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
Frosin forelduð PEKINGÖND
AROMATIC CRISPY DUCK
MATUR FYRIR CA. FJÓRA
2998
krónur. pk.
FROSIN FORELDUÐ ÚRBEINUÐ PEKINGÖND
U.Þ.B. 600g 24 PÖNNUKÖKUR OG HOISIN SÓSA
VINSÆLUSTU BRINGURNAR Í BÓNUS
Euroshopper frosnar kjúklingabringur 900gr
KYCKLINGFILÉ
1579
krónur 900gr
NÝ SLÁTRAÐ
FERSKUR HÁLFUR LAMBAHRYGGUR
LUNDAPARTURINN
ÍSLANDS LAMB
1898
krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ
SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI
ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER MEIRA KJÖT OG MINNA BEIN Á LÆRINU!
FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI
1459
krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ
ÍSLANDS LAMB
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
NAUTA Veisla
NAUTGRIPA GÚLLAS
1998
krónur kg.
ÍSLANDS LAMB
Lambalæri
úrbeinað lambalæri
ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI TILBÚIÐ Í OFNINN
2198
krónur kg
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
KJARNAFÆÐI
NAUTA Veisla
NAUTGRIPA SNITSEL
1998
krónur kg.
ÍSLANDSLAMB
FERSKT KINDAFILLET
TAKMARKAÐ MAGN
1998
krónur kg.
HAUST SLÁTRUN 2012
ÍSLANDS LAMB
1398
krónur kg
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00



**FYRIRLIÐINN FLOTTUR** Aron Einar Gunnarsson hleypti engu í gegn á miðjunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hengdum ekki haus í hálfleik

**FÓTBOLTI** „Við gerðum allt sem gera þurfti í kvöld,“ sagði Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins í knattspyrnu, eftir 2-0 sigur á Kýpur í gær.

„Þetta var þolinmæðisvinna eins og sást. Við vorum mikið með boltann í leiknum og áttum erfitt með að koma boltanum í netið til að byrja með. Við sköpuðum okkur mörg færi og vorum ekkert að hengja haus í hálfleik þrátt fyrir að staðan væri 0-0.“

Kolbeinn Sigþórsson gerði fyrsta mark leiksins þegar hálftími var eftir af leiknum en það losaði greinilega um ákveðna taugaspennu sem var í liðinu.

„Það var gríðarlegur léttir að sjá boltann í netinu en við urðum að halda einbeitingu og klára leikinn með sæmd. Við ætlum okkur síðan áfram í þetta umspil og förum í leikinn gegn Norðmönnum til að vinna.“ -sáp

# Sækja til sigurs í Osló

Landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck fagnaði góðum úrslitum í gærkvöldi þótt frammistaðan hafi oft verið betri. Enginn fékk gult spjald svo allir ættu að vera klárir í slaginn í stærsta leik karlaliðsins frá upphafi í Osló.

**FÓTBOLTI** „Sóknarleikurinn var ekki jafngóður og gegn Albaníu. Við stjórnuðum samt leiknum og hefðum átt að skora fleiri mörk,“ sagði Lars Lagerbäck við blaðamenn að loknum 2-0 sigrinum á Kýpur í undankeppni HM í gærkvöldi. Landsliðsþjálfarinn sagði leikinn hafa spilast eins og hann átti von á þótt tempóið í fyrri hálfleik hefði verið hægara en stefnt var að. Leikmenn voru þó afslappaðir í búningsklefanum í hálfleik þrátt fyrir markaleysið.

„Menn tala yfirleitt frekar mikið í hálfleik en þeir voru þöglir eftir að við Heimir höfðum lokið okkur af. Þeir meðhöndluðu stöðuna vel.“

Sá sænski var afar sáttur við þá staðreynd að enginn leikmaður íslenska liðsins fékk gult spjald í leiknum. Sex af þeim sem spiluðu voru á hættusvæði en allir spiluðu með skynsemina að vopni.

„Það er í fyrsta skipti í leik undir minni stjórn sem enginn fær gult,“ sagði Lagerbäck sáttur enda hefur Svíinn lagt áherslu á aga í þeim málum.

Íslenska liðið æfir í dag og fyrri part dags á morgun áður en flogið verður utan til Noregs. Ljóst er að umspilssætið er íslenska liðsins með sigri í Osló á þriðjudagskvöld þótt jafntefli geti dugað og jafnvel tap. Baráttan um annað sætið stendur á milli Íslands og Slóveníu sem sækir Sviss heim. Svíinn segir stöðuna ekki flókna.



**TVEIR SIGRAR Í RÖÐ** Gylfi Þór Sigurðsson og félagar fagna hér marki gegn Kýpur í gær en íslenska liðið setti marka-, stiga- og sigramet í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEÆM

„Við stefnum á sigur. Auðvitað fylgjumst við með gangi mála hjá Sviss og Slóveníu,“ sagði Lagerbäck. „Ef það koma góðar fréttir frá Sviss munum við reyna að vera varkárari.“

Aðstoðarmaður hans, Heimir Hallgrímsson, bætti við lykilatriðinu.

„Við verðum að minnsta kosti að gera jafnvel og Slóvenar gera gegn Sviss.“

kolbeinntumi@frettabladid.is

## Ekkert kæruleysi í Noregi

**FÓTBOLTI** „Mér finnst það algjört aukaatriði þó ég skori í leikjum og það mikilvægasta var að ná í þessi þrjú stig,“ sagði markaskorarinn Kolbeinn Sigþórsson eftir sigurinn, 2-0, á Kýpverjum í gær. Kolbeinn hefur nú gert 12 mörk í 18 landsleikjum sem er hreint ótrúleg tölfræði.

„Svona heilt yfir erum við kannski ekkert allt of sáttir við okkar spilamennsku. Við náðum ekki að skora mark snemma leiks eins og lagt var upp með en markið kom loksins í þeim síðari. Það verður ekkert kæruleysi í okkur gegn Norðmönnum. Við þurfum bara að treysta á okkur sjálfa og það er alltaf best. Þetta verður mikilvægasti landsleikur í sögu Íslands og við ætlum í umspilið. Við erum að spila betri bolta en Norðmenn þessa dagana og erum ofar í töflunni. Það kemur ekki til greina að gefa þetta frá okkur núna.“ -sáp



**KOLBEINN SIGÞÓRS** Skoraði í fjórða landsleiknum í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Til leigu Til leigu Til leigu Til leigu

**Verslunarhúsnæði**



**Til leigu verslunarhúsnæði á mjög góðum og áberandi stað stað við Fjarðargötu 19 í miðbæ Hafnarfjarðar.**

Húsnæðið hýsti áður útibú Íslandsbanka.
Húsnæðið er 264,2 fermetrar. Góð bílastæði og stórir gluggar.
Húsnæðið er laust.

**Skrifstofuhúsnæði**



**Til leigu vel staðsett 188,6 fm skrifstofuhúsnæði á annari hæð við Suðurlandsbraut í Reykjavík.**

Húsnæðið skiptist í tvö aðskilin bil. Annars vegar 138,6 fm skrifstofurými sem skiptist í móttöku, 5 skrifstofuherbergi, tölvuherbergi og rúmgóða kaffistofu og síðan 50 fm skrifstofurými sem skiptist í opið rými, eldhúsaðstöðu innaf því og 15fm skrifstofurými. Parket á gólfum.
Möguleiki á leigja allt eða í hlutum.

**Upplýsingar veita Úlfar Þór Davíðsson s: 897-9030 og Brynjar Þór Sumarliðason s: 896-1168**



**ANDY JOHNSTON** Keflvíkingar spila allar 40 mínútur leikja sinna í botni eftir að hann tók við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Má ekki anda þá er maður bara tekinn út af

## Magnús Þór Gunnarsson og félagar hans í Keflavíkurliðinu byrja frábærlega undir stjórn Andys Johnston

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurhraðlestin er komin á fulla ferð í körfunni undir stjórn nýja lestarstjórans Andys Johnston og fylgdi eftir stórsigrum á Snæfelli (96-70) og KR (89-58) á úrslitahelgi Lengjubikarsins með því að vinna sannfærandi 25 stiga sigur á Stjörnunni, 88-63, í 1. umferð Dominos-deildarinnar á fimmtudagskvöldið.

Keflavíkurliðið hefur unnið tíu af tólf leikhlutum í þessum þremur leikjum og andstæðingarnir hafa aðeins náð að skora 63,7 stig að meðaltali í leik. Aðeins einn leikhluti hefur tapast og það gerðist í undanúrslitaleiknum í Lengjubikarnum þegar Keflavíkurliðið var komið 28 stig yfir í leiknum.

En hvað hefur breyst með komu bandaríska þjálfarans Andys Johnston?

„Menn eru smeykir við nýtt blóð og eru alltaf í botni vegna þess að ef maður andar inni á vellinum er maður bara tekinn út af,“ segir fyrirliðinn Magnús Þór Gunnarsson. Hann segir það líka breyta miklu að fá Guðmund Jónsson inn í liðið. „Hann er klikkaður varnarmaður og það er æðislegt að spila með honum. Guðmundur var fenginn til okkar til að bæta breiddina og spila þessa hörkuvörn sem hann gerir. Ég veit að Gummi kemur síðan í vetur og tekur einn 30 til 40 stiga leik eins og hann hefur oft gert áður. Ég hlakka bara til að sjá það,“ segir Magnús.

„Mér finnst mjög skrýtið að okkur var bara spáð öðru sætinu þó að við værum búnir að fá þrjá góða Íslendinga og besta varnarmanninn í viðbót við sama lið og í fyrra. Þetta er góð byrjun á góðum vetri hjá okkur,“ segir Magnús Þór. Hann er ekki þekktur fyrir að láta til sín taka í varnarleiknum en finnur sig í svæðisvörninni með félögum sínum.

„Þó að það komi frá mér er rosalega gaman að spila vörn með þessu liði og eftir þessum áherslum sem þjálfarinn er með,“ sagði Magnús Þór eftir sigurinn á Stjörnunni.

-óój

# UNDANKEPPNI HM

## A-RIÐILL

**KRÓATÍA - BELGÍA 1-2**
0-1 Romelu Lukaku (15.), 0-2 Romelu Lukaku (38.), 1-2 Niko Kranjcar (83.).

**WALES - MAKEDÓNÍA 1-0**
1-0 Simon Church (67.).

**HM í sjónmáli:** Belgía 25 stig (komst á HM í gær), Króatía 17 (2. sætið tryggt), Serbía 11 (úr leik).

## B-RIÐILL

**ARMENÍA - BÚLGARÍA 2-1**
**MALTA - TÉKKLAND 1-3**
**DANMÖRK - ÍTALÍA 2-2**
0-1 Pablo Osvaldo (28.), 1-1 Nicklas Bendtner (45.), 2-1 Bendtner (79.), 2-2 Alb. Aquilani (90.)

**HM í sjónmáli:** Ítalía 21 stig (komið á HM), Búlgaría 13, Danmörk 13, Tékkl. 12, Armenía 12.

## C-RIÐILL

**FÆREYJAR - KASAKSTAN 1-1**
**ÞÝSKALAND - ÍRLAND 3-0**
1-0 Sami Khedira (12.), 2-0 André Schürrle (58.), 3-0 Mesut Özil (90.).

**SVÍÞJÓÐ - AUSTURRÍKI 2-1**
0-1 Martin Harnik (29.), 1-1 Martin Olsson (56.), 2-1 Zlatan Ibrahimović (86.)

**HM í sjónmáli:** Þýskaland 29 (komið á HM), Svíþjóð 20 (2. sætið tryggt), Austurríki 14 (úr leik).

## D-RIÐILL

**ANDORRA - RÚMENÍA 0-4**
**EISTLAND - TYRKLAND 0-2**
**HOLLAND - UNGVERJALAND 8-1**
1-0 Robin van Persie (16.), 2-0 Kevin Strootman (25.), 3-0 Jeremain Lens (38.), 4-0 van Persie (44.), 4-1 Balázs Dzsudzsák (47.), 5-1 van Persie (53.), 6-1 Sjálfsmark (65.), 7-1 Rafael van der Vaart (86.), 8-1 Arjen Robben (90.)

**HM í sjónmáli:** Holland 24 stig (komið á HM), Tyrkland 16, Rúmenía 16, Ungverjaland 14.

## E-RIÐILL

**ALBANÍA - SVISS 1-2**
**SLÓVENÍA - NOREGUR 3-0**
1-0 Milivoje Novakovic (13.), 2-0 Novakovic (14.), 3-0 Novaković (49.).

**ÍSLAND - KÝPUR 2-0**

## F-RIÐILL

**ASERBAÍDSJAN - NORÐUR-ÍRLAND 2-0**
**LÚXEMBORG - RÚSSLAND 0-4**
**HM í sjónmáli:** Rússl. 21, Portúgal 20, Ísrael 12.

## G-RIÐILL

**LITHÁEN - LETTLAND 2-0**
**BOSNÍA - LIECHTENSTEIN 4-1**
**GRIKKLAND - SLÓVAKÍA 1-0**
**HM í sjónmáli:** Bosnía 22, Grikkl. 22, Slóvakía 12.

## H-RIÐILL

**MOLDAVÍA - SAN MARÍNÓ 3-0**
**ÚKRAÍNA - PÓLLAND 1-0**
**ENGLAND - SVARTFJALLALAND 4-1**
1-0 Wayne Rooney (48.), 2-0 Sjálfsmark (62.), 2-1 Dejan Damjanović (72.), 3-1 Andros Townsend. (78.), 4-1 Daniel Sturridge (90.+3).

**HM í sjónmáli:** Engl. 19, Úkraína 18, Svartfj. 15.



**SKAUT BELGUM INN Á HM** Romelu Lukaku skoraði bæði mörk Belga í 2-1 sigri í Krótaíu í gær. MYND/AP


Stigahúsateppi




Hágæða
Stigahúsateppi
- mikið úrval

Gerum tilboð og mælum stigahús án skuldbindinga og kostnaðar.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Slitsterk, afrafmögnuð, ofnæmisprófuð og samþykkt af Brunamálastofnun.
Með góðri óhreinindavörn sem lengir líftíma teppanna.

**Fylgihlutir:**
– Mottur og dreglar í stigaganginn
– Útimottur í anddyrið sem taka óhreinindi sem berast af götunni

Stepp

PARKET & GÓLF

Ármúli 32 - 108 Reykjavík - Sími 533 5060 / 568 1880 - parketoggolf@parketoggolf.is - **www.parketoggolf.is**

# DAGSKRÁ

## SUNNUDAGUR

**Stöð 2 kl. 20.40**

### Ástríður

Nú eru liðin tvö ár frá því við skildum við Ástríði og félaga. Ástríður er nú orðin forstjóri skilanefndar fjárfestingabanka í borginni en undirmenn hennar eru fyrrverandi vinnufélagarnir Fanney, Sveinn Torfi og Bjarni.



## Í KVÖLD



**Fólkið í blokkinni**

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Gamanþáttaröð byggð á sögu eftir Ólaf Hauk Símonarson. Vigga er 11 ára stelpa sem býr með fjölskyldu sinni í átta hæða blokk á höfuðborgarsvæðinu.



**Top Gear – Lokaþáttur**

**SKJÁR EINN KL. 20.20** Bíladellukarlarnir og Íslandsvinirnir í Top Gear snúa aftur eftir sumarfrí með skottið fullt af ótrúlegum uppátækjum.

TV.COM 8,9 IMDb 8,7



**Amazing Race**

**STÖÐ 3 KL. 19.00** Skemmtileg keppni þar sem nokkur tveggja manna lið eru í kapphlaupi um heiminn. Liðin heimsækja 30 borgir í fjórum heimsálfum.

TV.COM 8,8 IMDb 7,5

**Bylgjan kl. 10.00**

### Sprengisandur

Á Sprengisandi er leitað svara við spurningum sem brenna á þjóðinni. Þáttur sem vitnað er í. Stjórnmálamenn, sérfræðingar og spekingar eru tíðir gestir á Sprengisandi. Sigurjón M. Egilsson ræðir mál sem skipta okkur öll máli.








## STÖÐ 2

**07.00** **Strumparnir**
**07.25** **Villingarnir**
**07.45** **UKI**
**07.50** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00** **Algjör Sveppi**
**09.50** **Grallararnir**
**10.10** **Ben 10**
**10.30** **Kalli litli kanína og vinir**
**10.55** **Loonatics Unleashed**
**11.20** **Ofurhetjusérsveitin**
**11.40** **Batman**
**12.00** **Spaugstofan**
**12.25** **Nágrannar**
**14.10** **Logi í beinni**
**15.00** **Go On**
**15.30** **Modern Family**
**15.55** **Veistu hver ég var?**
**16.40** **Meistaramánuður**
**17.05** **Um land allt**
**17.35** **60 mínútur**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.55** **Sportpakkinn** *(7:30)*
**19.10** **Dagvaktin**
**19.40** **Sjálfstætt fólk** *(6:15)*
**20.15** **The Crazy Ones** *(2:13)*
**20.40** **Ástríður** *(5:10)*
**21.05** **Homeland** *(2:12)*
**21.55** **Boardwalk Empire** *(5:12)*
**22.50** **60 mínútur** *(1:52)* Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**23.40** **The Daily Show. Global Editon** *(32:41)*
**00.05** **Nashville**
**00.50** **Hostages**
**01.35** **The Americans**
**02.20** **The Untold History of The United States**
**03.20** **Religulous**
**05.00** **Sand and Sorrow**

## SPORT *besta sætið*

**10.55** **Formúla 1**
**13.25** **Kórea - Brasilía**
**15.10** **Þýski handboltinn**
**16.40** **HM íslenska hestsins**
**17.30** **Sportspjallið**
**18.15** **England - Svartfjallaland**
**20.00** **Þýski handboltinn**
**21.25** **Meistaradeild Evrópu. Zenit - Austria Vienna**
**23.10** **Formúla 1**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.00** **PL Classic Matches. Liverpool - Man Utd.**
**14.30** **PL Classic Matches. Southampton - Liverpool**
**15.00** **Season Highlights**
**15.55** **Premier League World**
**16.25** **Southampton - Swansea**
**18.05** **Man. City - Everton**
**19.45** **Season Highlights**
**20.40** **Hull - Aston Villa**
**22.20** **Tottenham - West Ham**

## ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Evrópumál **15.00** Eldhús meistaranna **15.30** Græðlingur **16.00** Hrafnaþing **17.00** Stjórnarráðið **17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur ,tækni og kennsla. **19.00** Veiðin og Bender **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn.**22.00** Hrafnaþing **23.00** Kraftasport **23.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**14.30** **The Choice**
**15.15** **Junior Masterchef Australia**
**16.05** **The Great Escape**
**16.45** **Celebrity Apprentice**
**18.10** **It's Love, Actually**
**18.30** **Mindy Project**
**18.50** **Mad**
**19.00** **The Amazing Race** *(6:12)*
**19.45** **Offspring** *(5:13)*
**20.30** **The Vampire Diaries** *(6:22)*
**21.15** **Zero Hour** *(6:13)*
**22.00** **Graceland** *(5:13)* Spennandi þáttaröð um ungan nýliða í bandarísku alríkislögreglunni sem er sendur til starfa í sólinni í Kaliforníu.
**22.40** **Justified** *(5:13)*
**23.20** **The Amazing Race**
**00.05** **Offspring**
**00.50** **The Vampire Diaries**
**01.30** **Zero Hour**
**02.15** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.23** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Ofurhundurinn Krypto **09.43** Skoppa og Skrítla **09.55** UKI **10.00** Lukku láki **10.24** Strumparnir **10.49** Hvellur keppnisbíll **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.23** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Ofurhundurinn Krypto **13.43** Skoppa og Skrítla **13.55** UKI **14.00** Lukku láki **14.24** Strumparnir **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.23** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Ofurhundurinn Krypto **17.43** Skoppa og Skrítla **17.55** UKI **18.00** Lukku láki **18.24** Strumparnir **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** Latabæjarhátíð í Höllinni **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(24:24)*
**20.00** **Viltu vinna milljón?** V
**20.40** **Krøniken** *(2:22)*
**21.45** **Ørnen** *(2:24)*
**22.45** **Ally McBeal** *(3:23)*
**23.30** **Without a Trace** *(8:23)*
**00.15** **Viltu vinna milljón?**
**00.55** **Krøniken**
**02.00** **Ørnen**
**03.00** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.00** **Notting Hill**
**12.05** **Broadcast News**
**14.15** **The Adjustment Bureau**
**16.00** **Notting Hill**
**18.05** **Broadcast News**
**20.15** **The Adjustment Bureau**
**22.00** **Dark Shadows**
**23.55** **Hanna**
**01.45** **Stig Larsson þríleikurinn** Karlar sem hata konur
**04.15** **Dark Shadows**

## RÚV

**07.00** **Morgunstundin okkar**
**10.25** **Ævintýri Merlíns**
**11.15** **Ísþjóðin**
**11.45** **Magafylli af sól**
**13.10** **Undur lífsins – Lífsvefurinn**
**14.05** **Jón og séra Jón** Séra Jón Ísleifsson hefur verið sóknarprestur í Árnesi á Ströndum í 12 ár. Hann lifir lífinu á sinn eigin sérstæða máta og af honum eru margar sögur bæði sannar og ósannar.
**15.35** **Coldplay á Glastonbury 2011**
**17.05** **Mótorsystur**
**17.20** **Táknmálsfréttir**
**17.30** **Poppý kisuló**
**17.40** **Teitur**
**17.50** **Kóalabræður**
**18.00** **Stundin okkar** Gói er fenginn til að taka yfir gamalt og rykfallið leikhús í vetur. Það er verk að vinna þarna því það er langt síðan starfsemi hefur verið í leikhúsinu.
**18.25** **Basl er búskapur** *(6:10) (Bonderøven)*
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.30** **Landinn Frétta- og þjóðlífsþáttur**
**20.00** **Fólkið í blokkinni** *(1:6)* Gamanþáttaröð byggð á sögu eftir Ólaf Hauk Símonarson. Vigga er 11 ára stelpa sem býr með fjölskyldu sinni í átta hæða blokk á höfuðborgarsvæðinu.
**20.30** **Útúrdúr** Í þáttunum er fjallað um klassíska og samtímatónlist í víðum skilningi og leitast við að kynna hana á skemmtilegan, aðgengilegan og fjölbreyttan hátt.
**21.20** **Hálfbróðirinn** *(7:8) (Halvbroren)*
**22.10** **Brúin** *(3:10) (Broen II)*
**23.10** **Svínastían** *(Svinalängorna)*
**00.45** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**11.15** **Dr.Phil**
**12.40** **Kitchen Nightmares**
**13.30** **Secret Street Crew**
**14.20** **Save Me**
**14.45** **Rules of Engagement**
**15.10** **30 Rock**
**15.35** **Happy Endings**
**16.00** **Parks & Recreation**
**16.25** **Bachelor Pad**
**17.55** **Rookie Blue**
**18.45** **Unforgettable**
**19.35** **Judging Amy** *(9:24)*
**20.20** **Top Gear - LOKAÞÁTTUR** *(6:6)* Bíladellukarlarnir og Íslandsvinirnir í Top Gear snúa aftur eftir sumarfrí með skottið fullt af ótrúlegum uppátækjum.
**21.15** **Law & Order. Special Victims Unit** *(7:23)* Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York-borg.
**22.00** **Dexter** *(4:12)*
**22.50** **The Borgias** *(4:10)* Alexander situr sem fastast á páfastóli en sótt er að honum úr öllum áttum. Björn Hlynur Haraldsson leikur aukahlutverk í þáttunum.
**23.40** **Málið**
**00.10** **Under the Dome**
**01.00** **Hannibal**
**01.45** **Flashpoint**
**02.35** **Dexter**
**03.25** **Excused**
**03.50** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** Frys.com Open 2013 **11.10** Golfing World **12.00** Frys.com Open 2013 **15.00** Frys.com Open 2013 **17.05** PGA Tour - Highlights **18.00** Frys.com Open 2013 **21.00** Frys.com Open 2013 **00.00** Frys.com Open 2013 **03.00** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


MARGRÉT EIR HANSA HERA BJÖRK REGÍNA ÓSK VALA GUÐNA KOLBEINN KETILSSON
GARÐAR THÓR CORTES JÓHANN FRIÐGEIR FRIÐRIK ÓMAR PÁLL RÓSINKRANZ
STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA 200 MANNA HÁTÍÐARKÓR STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR ENGLAKÓR DOMUS VOX ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN
STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON TÓNLISTARSTJÓRI: KARL OLGEIRSSON
Sérstakir gestir verða hinn norski Marcus Dawson og dívurnar Erna Hrönn, Gréta Salóme, Guðrún Árný & Heiða Ólafs
2013
FROSTRÓSIR
Sérstakir gestir
Grafísk hönnun: Bjarni - nothing.is
LAUGARDALSHÖLL 21. DESEMBER KL. 16.30 & 21.00
MIÐASALA HEFST 15. OKT. Á midi.is
VIÐ KVEÐJUM MEÐ ÓVIÐJAFNANLEGUM
LOKATÓNLEIKUM Í HÖLLINNI
Jólin koma með Frostrósum!

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR
## Cameron Diaz

„Ég myndi kyssa frosk, þó svo að hann breyttist ekki í prins eftir kossinn. Mér finnst froskar heillandi, ég elska froska.“



*Leikkonan Cameron Diaz leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni What to Expect When You are Expecting, sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld klukkan 20.40.*

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?
### ÞORLEIFUR EINARSSON, LEIKARI OG TÓNLISTARMAÐUR

**Ég horfi sjaldan** á sjónvarp en þegar ég gef mér tíma í það horfi ég á mikið af efni í einu. Það er erfitt að slíta sig frá sjónvarpsefni sem endar ekki, heldur verður bara meira spennandi.“





1 **Modern Family** hefur frá fyrsta þætti verið í miklu uppáhaldi hjá mér, ekki síst vegna þess að við kærastan getum horft á hann saman. Mér finnst þetta flott form á þáttum.



2 **Breaking Bad** Mér finnst „konsept“ þáttanna mjög áhugavert og spennandi. Ég er ánægður með hvernig þættirnir hafa stöðugt komið á óvart.



3 **Stundin okkar** Ég sá fyrsta þáttinn hans Góa sl. sunnudag og leist mjög vel á. Ég hef fylgst með Stundinni okkar í gegnum tíðina enda er ég mikill áhugamaður um íslenskt barnaefni.

## Rás 2 kl. 16.05
### Árið er

Í þáttunum eru helstu straumar og stefnur í íslenskri tónlist til umfjöllunar og eitt ár tekið fyrir í einu, auk þess sem drepið er á helstu dægurmálum samtímans hverju sinni. Í viku hverri verður spólað eitt ár fram í tímann, byrjað árið 1983 á upphafsári Rásar 2 og endað á árinu 2012.








## STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Villingarnir**
**07.50 Hello Kitty**
**08.00 Algjör Sveppi**
**08.05 Lærum og leikum með hljóðin**
**08.10 Algjör Sveppi**
**09.55 Scooby-Doo! Mystery Inc.**
**10.20 Kalli kanína og félagar**
**10.45 Ozzy and Drix**
**11.10 Young Justice**
**11.35 Big Time Rush**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.45 Popp og kók**
**14.10 Ástríður**
**14.40 Heimsókn**
**15.00 Sælkeraferðin**
**15.25 Sjálfstætt fólk**
**16.00 The Middle**
**16.20 ET Weekend**
**17.05 Íslenski listinn**
**17.35 Sjáðu**
**18.05 Ávaxtakarfan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Íþróttir**
**18.55 Dagvaktin**
**19.25 Lottó**
**19.30 Spaugstofan**
**20.00 Veistu hver ég var?**
**20.40 What to Expect When You are Expecting** .
**22.25 Savages** Spennandi kvikmynd frá 2012 sem Oliver Stone leikstýrir. Vinirnir Ben og Chon eru dópsalar sem lifa hinu ljúfa lífi í litlum bæ í Kaliforníu. Þegar mexíkóskur eiturlyfjahringur flytur starfsemi sína til bæjarins er fjandinn laus.
**00.40 The Matrix Reloaded** Einn stórkostlegasti þríleikur kvikmyndanna heldur áfram en þetta er annar hluti sögunnar. Aldamótin 2000 eru löngu gleymd en framtíð mannfólksins tók óvænta stefnu þegar tæknin tók af okkur völdin.
**02.55 War Horse**
**05.15 Vampires Suck**

## SPORT *besta sætið*

**10.55 Kórea - Brasilía** Bein útsending
**12.55 Formúla 1 2013 - Tímataka**
**14.35 Sumarmótin 2013**
**15.15 England - Svartfjallaland**
**17.00 HM íslenska hestsins** Skemmtilegur þáttur um Heimsmeistaramót íslenska hestsins sem fram fór í Berlín í ágúst sl.
**17.45 Þýski handboltinn**
**19.10 Kórea - Brasilía**
**20.55 Liðið mitt** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos deild karla í körfuknattleik.
**21.25 Grindavík - KR**
**05.30 Formúla 1** Bein útsending

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.00 Season Highlights 2002/2003**
**14.55 Premier League World**
**15.25 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**16.20 WBA - Arsenal**
**18.00 Norwich - Chelsea**
**19.40 PL Classic Matches. Tottenham - Man. Utd., 2001**
**20.10 Cardiff - Newcastle**
**21.50 Sunderland - Man. Utd.**

## ÍNN

**17.00** Kraftasport **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Kraftasport **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur ,tækni og kennsla **23.00** Veiðin og Bender **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 3

**15.00 The X-Factor US**
**17.05 The Amazing Race**
**17.50 Offspring**
**18.35 The Cleveland Show**
**19.00 Jamie's American Road Trip**
**19.50 Raising Hope** *(5:22)*
**20.10 Don't Trust the B*** in Apt 23** *(5:7)*
**20.35 Cougar Town** *(5:15)*
**20.55 Golden Boy** *(5:13)*
**21.40 The Girl** Mögnuð mynd sem byggð er á stormasömu sambandi leikstjórans Alfred Hitchcock og leikkonunnar Tippi Hedren sem er þekktust fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni The Birds.
**23.15 The Vampire Diaries** *(5:22)*
**23.55 Zero Hour** *(5:13)*
**00.40 Jamie's American Road Trip**
**01.25 Raising Hope**
**01.50 Don't Trust the B*** in Apt 23**
**02.10 Cougar Town**
**02.35 Golden Boy**
**03.20 Tónlistarmyndbönd**

## KrakkaStöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.23** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Ofurhundurinn Krypto **09.43** Skoppa og Skrítla **09.55** UKI **10.00** Lukku láki **10.24** Strumparnir **10.49** Hvellur keppnisbíll **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.23** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Ofurhundurinn Krypto **13.43** Skoppa og Skrítla **13.55** UKI **14.00** Lukku láki **14.24** Strumparnir **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.23** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Ofurhundurinn Krypto **17.43** Skoppa og Skrítla **17.55** UKI **18.00** Lukku láki **18.24** Strumparnir **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** Alvin and the Chipmunks **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Hotel Babylon** *(2:8)*
**20.55 Footballers Wives** *(2:8)*
**21.45 Pressa** *(4:6)*
**22.30 Entourage** *(9:12)*
**23.00 Krøniken** *(1:2)*
**00.05 Ørnen**
**01.05 Hotel Babylon**
**02.00 Footballers Wives**
**02.50 Pressa**
**03.35 Entourage**
**04.05 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**08.20 Happy Gilmore**
**09.50 Johnny English Reborn**
**11.30 Honey**
**13.20 Dear John**
**15.05 Happy Gilmore**
**16.40 Johnny English Reborn**
**18.20 Honey**
**20.10 Dear John**
**22.00 Abduction**
**23.45 The Shining**
**02.05 Extreme Movie**
**03.30 Abduction**

## RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**10.00 Robbi og Skrímsli**
**10.25 Stundin okkar**
**11.00 Útsvar** *(Grindavíkurbær - Vestmannaeyjar)*
**12.05 360 gráður**
**12.35 Örkin hans Attenboroughs** *(Attenborough's Ark)*
**13.30 Landinn**
**14.00 Kiljan**
**14.45 Djöflaeyjan**
**15.20 Útúrdúr**
**16.10 Popppunktur 2009** *(Jeff Who? - Ljótu hálfvitarnir)*
**17.30 Táknmálsfréttir**
**17.40 Bombubyrgið** *(6:26) (Blast Lab)*
**18.10 Ástin grípur unglinginn** *(79:85) (The Secret Life of the American Teenager V)*
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** *(7:13) (The Adventures of Merlin V)* Breskur myndaflokkur um æskuævintýri galdrakarlsins fræga. Meðal leikenda eru John Hurt, Colin Morgan og Bradley James.
**20.30 Hraðfréttir**
**20.40 Þú getur!** Upptaka frá söfnunartónleikum forvarna- og fræðslusjóðsins Þú getur! sem haldnir voru í Hörpu í september.
**22.25 Endalok sældarlífsins** *(From Prada to Nada)* Tvær ofdekraðar systur í Beverly Hills verða blásnauðar eftir að pabbi þeirra deyr og þurfa að flytjast til frænku sinnar í ófínna hverfi í Los Angeles.
**00.10 Andstreymi úr öllum áttum** *(Man About Town)*
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.50 Dr.Phil**
**11.55 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**12.25 Fat & Back**
**13.20 Design Star**
**14.10 Judging Amy**
**14.55 The Voice**
**17.25 America's Next Top Model**
**18.10 The Biggest Loser**
**19.40 Secret Street Crew - LOKAÞÁTTUR** *(6:6)* Ofurdansarinn Ashley Banjo stjórnar þessum frumlega þætti þar sem hann æfir flóknar dansrútínur með ólíklegasta fólki.
**20.30 Bachelor Pad** *(5:7)*
**22.00 Lord of the Rings. Fellowship of the Ring** Fyrsta myndin í stærstu trílogíu kvikmyndasögunnar, Hringadróttinssögu eftir J.R.R. Tolkien. Sagan gerist í heimi sem Tolkien skapaði og fyrsta myndin kallast Föruneyti hringsins. Hún segir frá hobbitanum Fróða Bagga sem erfir dularfullan hring eftir frænda sinn og fóstra, Bilbó Bagga.
**01.05 Saving Private Ryan**
**03.55 Rookie Blue**
**04.45 The Borgias**
**05.35 Excused**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **07.45** Frys.com Open 2013 **10.45** Golfing World **11.35** Frys.com Open 2013 **14.35** Frys.com Open 2013 **17.35** Inside the PGA Tour **18.00** Frys.com Open 2013 **21.00** Frys.com Open 2013 **00.00** Frys.com Open 2013 **03.00** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Colonel's
Original Recipe
BoxMaster™
aðeins
799
kr.
BoxMaster™
KFC
Taktu MEISTARALEGA á hungrinu!
KFC®
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS • facebook.com/kfc.is

## EIN ÁHRIFAMESTA KONA HEIMS TIL LANDSINS

Ölgerð Egils Skallagrímssonar fagnar aldarafmæli sínu í ár. Hinn 1. nóvember fer fram sérstakur hátíðarfundur fyrirtækisins í Þjóðleikhúsinu en þar mun forstjóri PepsiCo, Indra Nooyi, halda fyrirlestur um hvernig markviss vinnubrögð eða „performance with purpose" verði leiðarljós samsteypunnar inn í framtíðina. Indra varð forstjóri PepsiCo árið 2001 en hún hefur margoft ratað á lista tímaritsins Forbes yfir áhrifamestu konur í viðskiptaheiminum og varð í sjötta sæti yfir áhrifamestu konur heims árið 2010. - ka





„Veröld mín hefur breyst mikið en ekki ég," sagði baráttukonan Malala Yousafzai sem tilnefnd var til friðarverðlauna Nóbels á fimmtudag. Hún er jafnframt yngsta manneskjan sem tilnefnd hefur verið til verðlaunanna.

## NÝTT SÖNGLEIKJAPAR

Söng- og leikkonan Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og tónlistarmaðurinn Karl Olgeir Olgeirsson eru par. Þau hafa undanfarið unnið saman að uppsetningunni Ef lífið væri söngleikur, söngleikjatónleikum sem þau hafa farið með um allt land.

Lög á borð við Les Miserables, Fiddler on the Roof og Jesus Christ Superstar, eru flutt í sýningunni. Aðrir söngvarar eru Bjarni Snæbjörnsson, Margrét Eir og Orri Huginn Ágústsson. Leikstjóri er Agnar Jón Egilsson. - ósk



## JÓHANNA VINSÆLT UMFJÖLLUNAREFNI

Sambandi Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrverandi forsætisráðherra, og Jónínu Leósdóttur verða gerð góð skil í bókinni Við Jóhanna, sem kemur út fyrir jól.

Nafn Jóhönnu gæti einnig komið fyrir í annarri bók sem kemur út fyrir jól. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vinnur fyrrverandi ráðherra að bók um stjórnmálaástandið á Íslandi síðustu ár og veru sína á Alþingi, þar sem hann var samráðherra Jóhönnu. - ósk



HUMAR 2.600 kr.kg
Stærð 30/40
Súr Hvalur
Heildsala Kóngsins
Sendum ferskan og frosinn fisk alla daga til fyrirtækja og stofnana.
Sími 777 2002,
Ármann Sal.
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
fiskikongurinn.is
s. 587 7755

# Hönnuðu yfirhöfn til að nota á 112 vegu

Hrefna Björk Sverrisdóttir, Ýr Þrastardóttir og Harpa Einarsdóttir stofnuðu YZ Creation. Þær taka þátt í heimsmeistarakeppni sprotafyrirtækja í nóvember.

YZ Creation er nýtt hönnunarfyrirtæki í eigu Hrefnu Bjarkar Sverrisdóttur og hönnuðanna Ýrar Þrastardóttur og Hörpu Einarsdóttur. Fyrirtækið hyggst framleiða gæðaflíkur sem hægt er að breyta og nota á fleiri en eina vegu.

„Ýr og Harpa voru búnar að ákveða að vinna saman og höfðu samband við mig. Okkur langaði að gera eitthvað nýtt í hönnun, eitthvað sem ekki væri búið að gera áður, og datt í hug hvort hægt væri að framleiða hágæðaflíkur sem nota mætti á marga vegu. Áskorunin var aftur á móti sú hvort hugmyndin væri framkvæmanleg; hvort flíkurnar myndu standast kröfur um gæði og hönnun," útskýrir Hrefna Björk.

Úr varð yfirhöfn sem hægt er að nota á 112 mismunandi vegu með því að taka af eða bæta á ermum, krögum, hettum og öðrum fylgihlutum. Ætlunin er að framleiða nýja fylgihluti á tveggja mánaða fresti. Stefnt er á að fyrsta lína YZ Creation líti dagsins ljós árið 2015.

„Þróunar- og framleiðsluferlið er langt og flókið og því kemur fyrsta línan ekki út fyrr en árið 2015. Allar flíkurnar í línunni eru hannaðar í þeim tilgangi að viðskiptavinurinn geti breytt þeim," útskýrir Hrefna Björk.

Stúlkurnar voru með eitt af tíu nýsköpunarverkefnum sem tóku þátt í Startup Reykjavík í sumar og nýttu þann tíma til að fullmóta viðskiptaáætlun sína. Í september var þeim boðin þátttaka í Creative Business Cup 2013 sem fram fer í Kaupmannahöfn í lok nóvember. Þar keppa um 40 sprotafyrirtæki um heimsmeistaratitilinn í Entrepreneurship in Creative Intustries, eða í frumkvöðlastarfi.

„Við verðum með stanslausar kynningar í þrjá daga fyrir fjárfesta. Þetta er frábært tækifæri til að kynna okkur, sjá hvernig landið liggur og kynnast öðrum sprotafyrirtækjum," segir Hrefna Björk.

sara@frettabladid.is





**KOMU FRAM MEÐ NÝJUNG** Hrefna Björk Sverrisdóttir, Ýr Þrastardóttir og Harpa Einarsdóttir stofnuðu hönnunarfyrirtækið YZ Creations. Fyrirtækið hannar flíkur sem má nota á ólíka vegu. MYNDIR/JÓNATAN GRÉTARSSON

Fortíðin, gosið og fólkið í Kirkjubæ
Til Eyja er hugljúf en áleitin minningabók um fólk í stórbrotinni náttúru sem gaf og tók.




www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

# Flest lögin fjalla um eina stelpu

Fyrsta plata Steinars, átján ára poppara úr Versló, kemur út í byrjun nóvember.

Átján ára poppari úr Verslunarskóla Íslands, Steinar Baldursson, sendir í nóvember frá sér sína fyrstu plötu. Hún kemur út undir listamannsnafninu Steinar og er það Sena sem gefur út.

„Ég samdi fullt af lögum heima hjá mér og ákvað að gera úr því plötu," segir Steinar. „Ég fór til manns sem heitir Kristinn Snær Agnarsson og hann kynnti mig fyrir Stefáni Erni Gunnlaugssyni. Seinna meir kynntist ég Redd Lights og úr því samstarfi varð þessi plata," segir Steinar, sem samdi í framhaldinu við Senu.

Fyrsta lagið af plötunni, Up, er komið í spilun á öllum helstu útvarpsstöðvunum og það hefur verið skoðað um sextán þúsund sinnum á Youtube.

Aðspurður segir Steinar viðbrögðin hafa verið framar vonum. „Ég var að vonast til að einhverjir myndu hlusta en ég ætlaði eiginlega aldrei að gefa þetta út, þannig að ég bjóst ekki við neinu sérstöku."

Spurður út í nýja lagið segir hann: „Eins væmið og það hljómar þá eru flest lögin á plötunni um eina stelpu. Ég hef haldið því leyndu hver það er en þeir sem hlusta á plötuna í heild sinni geta mögulega fundið það út." - fb



**EFNILEGUR** Fyrsta lag Steinars, Up, hefur fengið góðar viðtökur bæði í útvarpinu og á Youtube. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




LAZBOY®

NÝ SENDING




**PINNACLE LZB**-stóll.
Áklæði fimm litir.
B:80 D:85 H:104 cm.




**PINNACLE LZB**-stóll
Leður fimm litir.
B:80 D:85 H:104 cm.




**PINNACLE LZB**-stóll – fastur.
Leður fjórir litir.
B:80 D:85 H:104 cm.




**PINNACLE LZB**-rafmagnsstóll.
Leður þrír litir.
B:80 D:85 H:104 cm.




**GRAND PINNACLE LZB**-stóll
Leður þrír litir.
B:86 D:90 H:112 cm.



**GRAND PINNACLE LZB**-stóll.
Áklæði tveir litir. B:86 D:90 H:112 cm..
Fullt verð kr. 124.990 **TILBOÐSVERÐ 109.990**

**GRAND PINNACLE XL LZB**-stóll
Leður þrír litir. B:90 D:96 H:117 cm.
Fullt verð kr. 199.990 **TILBOÐSVERÐ 169.990**

**GRAND PINNACLE XL LZB**-stóll
Áklæði tveir litir. B:90 D:96 H:117 cm.
Fullt verð kr. 129.990 **TILBOÐSVERÐ 119.990**

PINNACLE ER MEST SELDI LAZBOY-STÓLL Í HEIMI

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## NÆRMYND



## Gunnar Helgason

**Leikari og leikstjóri**

**MAKI:** Björk Jakobsdóttir leikkona
**FORELDRAR:** Margrét Schram og Helgi Hallgrímsson

Gunnari Helgasyni sást bregða fyrir í stiklu Hollywood-myndarinnar The Secret Life Of Walter Mitty. Gunnar hefur í mörg ár búið til barnaefni með Felix Bergssyni. Hann hefur einnig getið sér gott orð sem leikstjóri og stýrir næst Óvitunum sem verða frumsýndir í Þjóðleikhúsinu á morgun. Þriðja bók hans um fótboltakappann Jón Jónsson, Rangstæður í Reykjavík, er einnig væntanleg.



„Hann er ofurjákvæður vinnuþjarkur. Hann er síhlæjandi, mjög uppbyggilegur en á það til að vera algjör trunta samt. Eins væmið og það hljómar er hann besti vinur minn og indælisgrey. Svo er hann hæfileikabúnt líka.“
***Björk Jakobsdóttir*** *eiginkona.*



„Gunni hefur kennt mér að lífið á að vera skemmtilegt. Það er hans stóra markmið og þess vegna er alltaf gaman að vera nálægt honum. Hann er fyndinn, greindur og getur allt. Við hlæjum mikið saman og stundum komum við hásir úr löngum bílferðum, sem getur verið bagalegt ef skemmtun stendur fyrir dyrum.“
***Felix Bergsson*** *vinur og samstarfsmaður.*



„Það eru algjör forréttindi að hafa átt þennan dreng fyrir tvíburabróður. Það er svo þægilegt að eiga alltaf einn bróður sem var verri en ég á skíðum og í fótbolta. Svo er þetta langversti veiðifélagi sem hægt er að hugsa sér. Ég dáist að því hvað hann er öflugur, duglegur og hugmyndaríkur.“
***Ásmundur Helgason*** *tvíburabróðir.*


NOTALEG NOSTALGÍA



Fjörug saga úr nálægum en þó framandi tíma

www.forlagid.is





Nýtt

**ALLDAGLIG** pappírsservíettur
B38×L38cm. Hvítt/blátt **495,-**



Nýtt

295,-

**FÄRGRIK** skál
Ø16cm. Appelsínugult



**SKIR** glös 50cl. Glært gler
**1.290,-/2 í pk.**



Nýtt

**FÄRGRIK** kanna
25cl. Appelsínugult **195,-**

# Gerðu borðhaldið aðeins litríkara!



Nýtt

**TICKAR** skál Ø16cm
Hvítt/svart **495,-**



Nýtt

**TICKAR** hliðardiskur
Ø21cm. Hvítt/svart
**495,-**



NÝTT LÆGRA VERÐ

**PROMENAD** línan. Hvítt/dökkblátt
Skál Ø16cm **695,-**
Djúpur diskur Ø25cm **895,-**
*Verð áður 995,-*



**KALAS** línan. Ýmsir litir
Glös 23cl **350,-/6 í pk.**
Skálar Ø12cm **350,-/6 í pk.**
Diskar Ø19cm **350,-/6 í pk.**
Hnífapör **350,-/18 í setti**



NÝTT LÆGRA VERÐ

**FRASERA** glös
45cl **395,-/stk.**
30cl **295,-/stk.**
*Verð áður 395,-*



**POKAL** glös
Glært gler
15cl **395,-/6 í pk.**
5cl **395,-/6 í pk.**



**PRIMITIV** bjórglas
á fæti 37cl
Glært gler **295,-**



Nýtt

**UTFÖRA** glös 23cl
Marglitt **195,-/stk.**



90,-

**POKAL** glas 35cl. Glært gler



Nýtt

395,-/30 í pk.

**MÅTTA** pappírsservíettur
B33×L33cm. Ýmsir litir



Nýtt

5.990,-/18 í setti

**FÄRGRIK** matarstell. Inniheldur:
Hliðardiska Ø21cm, djúpa diska Ø24cm og diska Ø27cm, 6 stk. af hverjum. Appelsínugult



**LIKSIDIG** servíettustandur B4×L16, H16cm
Hvítt **595,-**



**SKIR** kampavínsglös
20cl. Glært gler
**1.490,-/2 í pk.**



Nýtt

**FÄRGRIK** línan. Túrkís
Hliðardiskur Ø21cm **395,-**
Diskur Ø27cm **495,-**

**VEITINGASTAÐURINN**



390,-

Októbertilboð
Smurt brauð með roastbeef
til að njóta á staðnum. Verð áður ~~790,-~~

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2013